



HALLDÓR
skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt





Fegurð einfaldleikans
*Tískusýning vor- og sumarlínu Stéphane Rolland í París.*
allt 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
26. janúar 2012
22. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011






Á National Geographic
*Fjallað er um hljómsveitina Diktu í nýrri heimildaþáttaröð á sjónvarpsstöðinni National Geographic.*
fólk 46

Vítahringur vestursins
*Ríki hafa ekki náð að hemja spilavítiseinkenni fjármálamarkaða sem þó er vel mögulegt skrifar Jón Ormur Halldórsson.*
skoðun 19



Ísland í 10. sæti á EM
*Strákarnir gerðu 29-29 jafntefli við Frakka í síðasta leiknum á EM í Serbíu.*
sport 42

veðrið í dag





**SNJÓAR N-LANDS** Í dag verður NV-átt 10-18 m/s v-til en lægir síðdegis. Snjókoma N-til í dag, NV-til í fyrstu en NA-til síðdegis. Frost 0 til 10 stig.
VEÐUR 4

# Birgjar mismuna verslunum

**Minni verslanir borga um 15% hærra verð til birgja en stærstu verslanakeðjurnar. Í nokkrum vöruflokkum eru vörurnar ódýrari hjá keppinautnum en birgja. Minni verslanir geta því ekki keppt við þær stóru í verði.**

**NEYTENDUR** Minni verslanir á dagvörumarkaði greiða að meðaltali um 15% hærra verð fyrir vörur frá birgjum en Hagar, stærsta dagvörukeðja á Íslandi. Í nokkrum vöruflokkum er lægsta smásöluverð Haga lægra en það innkaupsverð sem minni verslunum býðst hjá birgjum. Minni verslanirnar verða því að keppa á grundvelli annars en verðs þegar þær eru að reyna að laða til sín viðskiptavini. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem heitir „Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði." Skýrslan verður kynnt á ráðstefnu á Hótel Hilton Nordica í dag.

Niðurstöður rannsóknar Samkeppniseftirlitsins benda til þess að talsverðar aðgangshindranir séu að dagvörumarkaði. Þær eiga rætur sínar að mestu að rekja til mismunandi kjara sem dagvöruverslanir njóta hjá birgjum.

Í skýrslunni segir að „þrjár stórar verslanasamstæður, Hagar, Kaupás og Samkaup, hafa um 90% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði. Aðrar verslanir sem ekki eru hluti af umræddum verslanasamstæðum greiða birgjum mun hærra verð fyrir vörur, eða að meðaltali 15% hærra verð en stærsta verslanasamstæðan, Hagar, greiðir birgjum. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiðir í ljós að aðrar verslanir myndu almennt hafa mjög litla álagningu út úr vörusölu sinni ef þær ætluðu sér að jafna það verð sem lágvöruverslanir innan verslanasamstæðna bjóða".

Við gerð skýrslunnar kannaði Samkeppniseftirlitið heildsöluverð frá birgjum til dagvöruverslana á um 270 algengum dagvörum. Hagar (sem reka m.a. Bónus og Hagkaup) greiddu nánast undantekningarlaust lægsta verðið, Kaupás (sem rekur m.a. Krónuna og Nóatún) greiddi um 4% hærra verð að meðaltali og Samkaup (sem reka m.a. Samkaupsverslanir og Nettó) um 6%. Minni verslanir (Fjarðarkaup, Kostur, Melabúðin, Miðbúðin og Verslunin Einar Ólafsson) greiddu hins vegar um 15% hærra verð að meðaltali fyrir vörur frá birgjum en Hagar. - þsj

## Viðskiptasamningar ekki skriflegir

Í skýrslunni er tiltekið að eðlilegt sé að stórar verslanakeðjur njóti magnafsláttar í innkaupum. Samkeppniseftirlitið telur þó vafasamt að viðskiptakjör til smásöluverslana styðjist alltaf við málefnaleg sjónarmið. Þar segir að birgjum hafi í „mörgum tilvikum reynst erfitt að sýna fram á það, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu að viðskiptasamningarnir eru í mörgum tilvikum ekki skriflegir".

Eftirlitið telur sig hins vegar ekki geta tekið afstöðu til þess hvort hinn mikli verðmismunur milli verslana stafi „í einstökum tilvikum af t.d. samkeppnishamlandi kaupendastyrk verslanasamstæðna og verslanakeðja eða eðlilegum sjónarmiðum um magnhagræði. Endanleg afstaða til slíks verður aðeins tekin í sérstöku stjórnsýslumáli þar sem mat er lagt á eðli viðkomandi viðskipta og markaðsstöðu þeirra fyrirtækja sem koma að þeim".



**ALLT MEÐ KOSSI VEKUR** Guðrún Eva Mínervudóttir smellti kossi á dóttur sína Mínervu sem svaf í faðmi föður síns, Marteins Þórissonar, þegar bókmenntaverðlaunin voru afhent. Páll Björnsson sagnfræðingur og verðlaunahafi er til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Bókmenntaverðlaunin:

## Guðrún Eva og Páll verðlaunuð

**MENNING** Guðrún Eva Mínervudóttir og Páll Björnsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin sem voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær.

„Þetta var þvílíkt bókaflóð góðra bóka og því sérlega ánægjulegt fyrir mig að hafa fengið verðlaunin. Ég var mjög ánægð með þessa bók og leyfði mér í fyrsta sinn að vona að ég fengi verðlaunin, svo sem ekki af hverju vonin læddist inn í hjarta mitt en hún gerði það samt," sagði Guðrún Eva sem hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna Allt með kossi vekur.

Páll Björnsson hlaut verðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir bók sína Jón forseti allur? Táknmynd þjóðhetju frá andláti til samtíðar. „Verðlaunin koma ánægjulega á óvart," sagði Páll sem hefur varið undanförnum árum í rannsóknir á arfleifð Jóns.

sbt / sjá síðu 32







Einum var bjargað þegar ístogarinn Hallgrímur SI-77 sökk skammt frá Noregi:

## Þrír íslenskir sjómenn taldir af

**SLYS** Íslenskum karlmanni var bjargað úr hafi um miðjan dag í gær eftir að ístogarinn Hallgrímur SI-77 sökk 270 kílómetrum norðvestan við Álasund í Noregi. Þriggja úr áhöfninni var leitað fram eftir kvöldi en þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði leit verið hætt. Fréttavefur Bergens Tidende hafði eftir aðgerðastjóra björgunarmiðstöðvarinnar í Suður-Noregi að mennirnir væru taldir af.

Á tíunda tímanum í gær höfðu fundist mannlaus björgunarbátur, flotvesti og brak úr skipinu á slysstað. Orion eftirlitsflugvél frá norska hernum, búin hitamyndavél og ratsjá, og loðnuskip, sem verið hafði við veiðar skammt frá, voru þá á svæðinu.

**15** metra ölduhæð og aftakaveður var á svæðinu þar sem Hallgrímur SI-77 sökk í gær.

Tvær björgunarþyrlur höfðu hins vegar þurft frá að hverfa vegna eldsneytisskorts. Aftakaveður var á slysstað í gærkvöldi og ölduhæð um 15 metrar.

Áhöfn Hallgríms var öll skipuð Íslendingum, fæddum á árunum 1944 til 1976. Skipið var á leið til hafnar í Noregi þangað sem það hafði verið keypt. Það var áður í eigu útgerðarfélagsins Ásvalla á Siglufirði.

Neyðarkall barst frá skipinu rétt eftir klukkan 13 í gær. Tvær björgunarþyrlur, frá bæjunum Florø og Ørlandet í Noregi, voru þá þegar sendar á slysstað. Ferðin tók um klukkustund og fundu þyrlurnar einn áhafnarmeðlim í sjónum skömmu eftir að þær komu á staðinn. Var sá klæddur í flotgalla og var honum bjargað um borð í aðra þyrluna og hann fluttur á sjúkrahús í Álasundi.

Líðan mannsins var góð eftir atvikum, samkvæmt upplýsingum frá norsku Strandgæslunni.

Hallgrímur SI-77 var ístogari, smíðaður í Englandi árið 1974. Sambærilegt skip, Krossnes SH 308, sökk á Halamiðum árið 1992. Þá létust þrír skipverjar en níu var bjargað.

- mþl / sjá síðu 4




SPURNING DAGSINS



*Nanna, ætti fólk ekki að geta gert sér mat úr þessu?*

„Jú, það ætti allavegana að eiga fyrir almennilegu salti í grautinn."

Bók Nönnu Rögnvaldardóttur matreiðslukonu selst dýrum dómum á bókasölusíðum alnetsins. Verðin eru allt frá tugþúsundum króna upp í 750.000.

Hagsmunasamtök heimilanna ósátt við greinargerð um niðurfellingu íbúðalána:

# Segja skýrsluna meingallaða

**VIÐSKIPTI** Skýrsla Hagfræðideildar Háskóla Íslands um kostnað við niðurfærslu íbúðarlána er meingölluð að mati Hagsmunasamtaka heimilanna.

Í athugasemdum samtakanna segir að skýrslan eyði fráleitt óvissunni um svigrúm bankanna til niðurfærslu lána vegna afsláttar sem þeir hafi fengið af lánasöfnum við yfirfærslu frá gömlu bönkunum.

Niðurstaða sérfræðinga Hagfræðideildar HÍ var sú að almenn niðurfærsla á lánum um 18,7 prósent myndi kosta ríkið ríflega 200 milljarða króna.

Hagsmunasamtökin segja skýrsluhöfunda ekki leggja mat á hvernig nýju bankarnir hafi hagnast um samtals 172,5 milljarða frá október 2008 til október 2011.

Hagsmunasamtökin telja nú fullreynt að ríkisstjórnin eða fjármálakerfið muni leysa málið. Ekki sé heldur að vænta endurskoðunar og uppstokkunar frá „háskólaelítunni" né lífeyrissjóðum. Því munu samtökin leita til forseta Íslands með 37 þúsund undirskriftir sem safnast hafi til stuðnings kröfum um leiðréttingu lána og afnám verðtryggingar. - bj



**UNDIRSKRIFTIR** Hagsmunasamtök heimilanna ætla að leita til forseta Íslands með undirskriftir 37 þúsund manna sem vilji leiðréttingu á lánum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áramótin á Íslandi vinsæl:

# 200 þúsund sáu flugelda í beinni

**FJARSKIPTI** Um 200 þúsund manns fylgdust með flugeldasprengjum Íslendinga um áramótin í gegnum vefmyndavélar Mílu, að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Myndavélar voru settar upp í Reykjavík og á Akureyri til að gefa fólki sem ekki gat fylgst með sprengjudýrðinni með eigin augum tækifæri til að sjá brot af flugeldunum í gegnum netið.

Heimsóknir voru víða að úr heiminum, en flestar voru frá Evrópu og Bandaríkjunum. - bj

Ráðherra skipar sérfræðinga:

# Skoða meðferð efnahagsbrota

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur skipað nefnd þriggja sérfræðinga til að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum.

Nefndin á að kynna ráðherra tillögur um heildarskipulag rannsókna á efnahagsbrotum fyrir 15. maí næstkomandi.

Rannsóknum og ákærumeðferð fjármuna- og efnahagsbrota er nú sinnt hjá nokkrum stofnunum. Það veldur því að rannsókn og saksókn verður flóknari, tímafrekari og óhagkvæmari en æskilegt væri, að því er segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Formaður er Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. - bj

Biskupskjör fer fram í vor:

# Þórir Jökull gefur kost á sér

**ÞJÓÐKIRKJAN Þórir Jökull Þorsteinsson, sem hefur starfað sem prestur á Selfossi og í Kaupmannahöfn, hyggst gefa kost á sér í biskupskjörið í vor. Í tilkynningu frá Þóri segir: „Þessi ákvörðun mín hvílir á því að ég sé réttilega til þessa kallaður eins og þau önnur sem hug hafa á að leiða hið kirkjulega samfélag flestra Íslendinga."**



ÞÓRIR JÖKULL ÞORSTEINSSON

**Þá segir Þórir að fjöldi vina og fyrrverandi sóknarbarna hafi hvatt sig til þess að stíga þetta skref.**

**Þrír hafa áður tilkynnt að þeir sækist eftir embættinu; Kristján Valur Ingólfsson, Sigurður Árni Þórðarson og Sigríður Guðmarsdóttir.** - mþl

# Eyjamenn fá nýja ferju eftir þrjú ár

**Til stendur að láta smíða ferju sem leysir Herjólf af hólmi. Áætlaður kostnaður er um fjórir milljarðar. Viðræður innanríkisráðuneytis við mögulega fjármögnunaraðila hefjast á næstunni. Bæjarstjóri Vestmannaeyja fagnar ákvörðuninni.**

**SAMGÖNGUR** Ný ferja mun hefja siglingar milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja ekki síðar en árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að láta smíða skipið í ljósi þeirra vandamála sem komið hafa upp með siglingar Herjólfs til hafnarinnar síðan hún var tekin í notkun um mitt ár 2010. Talið er að ferjan kosti um fjóra milljarða króna.

Ferjan mun rista grynnra en Herjólfur og auðveldara verður að sigla henni í mikilli ölduhæð. Á næstunni verða hafnar viðræður um stofnun nýs hlutafélags í kringum smíði skipsins, en mögulegir eigendur verða ríkið, Vestmannaeyjabær og lífeyrissjóðir.

Þetta er meðal þess sem kom fram á fundi Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra og starfshóps sem stofnaður var í fyrra undir forystu bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, Elliða Vignissonar, um málefni Herjólfs og Landeyjahafnar. Í hópnum er einnig fulltrúar frá Siglingastofnun og Vegagerðinni.

Elliði segir ófremdarástand hafa ríkt í samgöngumálum Vestmannaeyja og fagnar ákvörðun um smíði nýrrar ferju. Hann segist þó óttast tímann fram til ársins 2015.

„Þetta er eins og þegar þjóðvegur fer í sundur," segir hann og nefnir til samanburðar þegar brúna yfir Múlakvísl tók af. „Ný ferja er nauðsynleg fyrir okkur og mun breyta miklu. Svo er auðvitað spurning hvort ráðherra samþykki að láta byggja tvö skip, við erum vissulega tilbúin til að skoða það líka."

Ögmundur tekur undir orð Elliða og segir Vestmannaeyinga í raun hafa verið afskipta í samgöngumálum miðað við aðra landshluta.



**ÁFORM UM NÝJA FERJU KYNNT** Fulltrúar frá Vegagerðinni, innanríkisráðuneytinu, Vestmannaeyjabæ og Siglingastofnun kynntu áform um smíði nýrrar ferju á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Rekstur Herjólfs boðinn út að nýju

Fram til ársins 2015 verður að leysa þann samgönguvanda sem Vestmannaeyingar standa frammi fyrir. Því hefur verið ákveðið að bjóða út rekstur Herjólfs að nýju í maí, en Eimskip hefur séð um siglingarnar síðan í byrjun árs 2006.

Kaup á sjálfvirkum dælubúnaði í Landeyjahöfn koma einnig til greina. Að sögn ráðherra kostar slíkt tæki mörg hundruð milljónir króna og því er nauðsynlegt að leggja mikla vinnu í rannsóknir við Landeyjahöfn til að sjá hvort búnaðurinn borgi sig áður en ákvörðun verður tekin um kaup.

Farþegafjöldi í Herjólfi fór úr 127 þúsundum árið 2009, þegar einungis var siglt um Þorlákshöfn, í 280 þúsund árið 2011, þegar siglt var um Landeyjahöfn. Þrátt fyrir þær takmarkanir sem höfnin setur Herjólfi, mun hún áfram verða aðalhöfn og Þorlákshöfn notuð til vara.

„Það munar rúmri milljón króna á hverjum degi sem siglt er til Þorlákshafnar," segir Elliði. „Það er einfaldlega dýrari og lengri leið."

Í sumar lagði innanríkisráðherra fram tillögu um að hætta siglingum um Landeyjahöfn í lok janúar og sigla til Þorlákshafnar fram á sumar.

„Þetta var kostur sem ég tefldi fram í viðræðunum en niðurstaða hópsins var sú að ekki væri eftirsóknarvert að fara þá leið," segir Ögmundur. „Við ættum frekar, þrátt fyrir óvissuna, að taka hinn kostinn."

sunna@frettabladid.is

Mótmæla „aðför" Ögmundar:

# Ráðherra biðjist afsökunar

**STJÓRNMÁL Ummæli Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að embættismenn hafi ánetjast ferðum til Brussel á vegum Evrópusambandsins eru forkastanleg að mati Bandalags háskólamanna (BHM), sem krefja Ögmund um afsökunarbeiðni.**



ÖGMUNDUR JÓNASSON

**Ummælin lét Ögmundur falla í ræðustól Alþingis á þriðjudag. BHM mótmælir því sem það kallar „aðför að heilindum starfsfólks stjórnsýslunnar".**

**„Slík ummæli ráðherra, um starfsfólk sitt og stjórnarráðsins alls, eru forkastanleg og með ólíkindum að fyrrum leiðtogi opinberra starfsmanna til áratuga láti þau frá sér fara," segir í yfirlýsingu frá BHM.** - bj

Egill Einarsson segist saklaus:

# Segir gögn sýna sakleysi sitt

**LÖGREGLUMÁL** Egill Einarsson, sem hefur ásamt kærustu sinni verið kærður fyrir nauðgun í nóvember síðastliðnum, segir rannsóknargögn málsins sýna að kæra um nauðgun eigi ekki við rök að styðjast.

Í yfirlýsingu frá Agli segir að hann hafi fengið gögnin að rannsókn lokinni, og eftir í kjölfarið að óska formlega eftir því að rannsakað verði hvort vísvitandi hafi verið bornar á hann rangar sakir.

Egill segir aðra kæru á hendur sér fyrir nauðgun, sem kom fram nýverið, byggja á atviki sem hafi átt sér stað árið 2004. Hann segist engu nær um hver konan sé, eða hvert brot hans eigi að vera. Kæran sé því óskiljanleg. - bj




Almannavarnarnefnd fundaði um mögulega rýmingu íbúðarhúsa á Ísafirði:

# Hús rýmd vegna snjóflóðahættu

**VEÐUR** Rýma þurfti iðnaðarhverfi undir Seljalandshlíð á Ísafirði í gær vegna snjóflóðahættu. Þá var bærinn Hraun í Hnífsdal rýmdur klukkan 20 í gærkvöldi af sömu ástæðum.

Almannavarnanefnd ætlaði að funda um klukkan 22 í gærkvöldi til að meta hvort einnig þyrfti að rýma íbúðarhús í nágrenninu. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi höfðu aðeins netagerð og steypustöð verið rýmdar.

Óveður gekk yfir Vestfirði í gær og kyngdi niður snjó. Loka varð veginum um Súðavíkurhlíð og Eyrarhlíð vegna snjóflóðahættu. Í gær féllu nokkur snjóflóð á Siglufjarðarvegi.

Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Vestfjörðum voru björgunarsveitir að störfum í allan gærdag og aðstoðuðu fjölmarga ökumenn sem höfðu fest ökutæki sín í fannferginu.

Grunnskólanum á Ísafirði var lokað um hádegi og nemendur sendir heim. Lítið var hægt að ryðja götur bæjarins og höfðu flestir því hægt um sig og biðu þess að veðrinu slotaði. - bj



**FASTUR** Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu ökumenn sem höfðu fest bíla í snjónum. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-0122

# SJÓVÁ ER STOLTUR AÐALSTYRKTARAÐILI

## SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR



Hermann Björnsson forstjóri Sjóvár og Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar handsala samning um áframhaldandi samstarf.

## TRYGGJUM ÖFLUGA STARFSEMI

Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá árinu 1999. Nú hefur samstarfssamningur félaganna verið endurnýjaður til fimm ára.

Nýi samningurinn felur í sér aukið samstarf á sviði forvarna og öryggismála auk bættrar tryggingaverndar fyrir þá fjölmörgu sjálboðaliða sem vinna óeigingjarnt og ómetanlegt starf í björgunarsveitum landsins.

**Sjóvá er stolt af samstarfi sínu við Slysavarnafélagið Landsbjörg, enda fara markmið félaganna vel saman - að tryggja verðmætin í lífi fólks og vera til staðar þegar á reynir.**

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SJÓVÁ

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

## GENGIÐ 25.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,64 | 124,24 |
| Sterlingspund | 192,68 | 193,62 |
| Evra | 160,48 | 161,38 |
| Dönsk króna | 21,583 | 21,709 |
| Norsk króna | 20,898 | 21,022 |
| Sænsk króna | 18,154 | 18,260 |
| Japanskt jen | 1,5815 | 1,5907 |
| SDR | 189,94 | 191,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur telur að brotið hafi verið á réttindum fjögurra grunaðra gjaldeyrisbraskara með eignafrystingu:

# Kyrrsetningu aflétt vegna óhóflegs dráttar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ákvað í gær að aflétta skyldi kyrrsetningu á eignum fjórmenninga sem í tvö ár hafa sætt lögreglurannsókn, grunaðir um stórfellt brot á lögum um gjaldeyrishöft.

Héraðsdómur hafnaði um miðjan desember kröfu fjórmenninganna um að kyrrsetningin yrði felld úr gildi, en Hæstiréttur fellst á hana með þeim rökum að rannsóknin hafi dregist úr hófi þannig að það brjóti gegn stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu að svipta þá forræði yfir eignum sínum lengur en orðið er.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn blésu til blaðamannafundar þegar málið kom upp í janúar 2010. Þar var tilkynnt að fjórmenningarnir hefðu verið handteknir vegna um þrettán milljarða króna gjaldeyrisbrasks í gegnum félagið Aserta í Svíþjóð.

Þeir voru yfirheyrðir og leitað á heimilum þeirra. Auk þess voru eignir þeirra hér á landi að andvirði fleiri tuga milljóna kyrrsettar; fasteignir, samtals sex bílar og innistæður á nokkrum bankareikningum.

Síðan hefur lítið gerst í rannsókninni. Teknar voru skýrslur af nokkrum einstaklingum fyrir ári en þar við situr.

Málið er nú á forræði sérstaks saksóknara og verður rannsókn þess hraðað þar. **- sh**



**KYNNT Á BLAÐAMANNAFUNDI** Rannsóknin var kynnt fyrir fjölmiðlum á blaðamannafundi en koðnaði fljótlega niður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**RÍKISSJÚKRAHÚSIÐ** Sex leikskólabörn og tveir fullorðnir þurftu að gista á sjúkrahúsi til rannsókna eftir harðan árekstur þar sem einn lést. MYND/RIGSHOSPITALET.DK

Umferðaróhapp í Danmörku:

## Börnin sluppu öll án meiðsla

**DANMÖRK** Leikskólabörnin 41 sem voru í rútunni sem valt eftir árekstur á Sjálandi í fyrradag sluppu öll án teljandi meiðsla að því er segir í dönskum miðlum. Leikskólastarfsmennirnir fimm og bílstjóri rútunnar meiddust heldur ekki.

Fólksbíll ók framan á rútuna með fyrrgreindum afleiðingum og lést ökumaður bílsins, 59 ára gamall karlmaður. Samkvæmt frétt DR er líklegt að sá hafi verið að taka fram úr öðrum bíl þegar óhappið átti sér stað.

Tveir fullorðnir og sex börn voru færð á Ríkissjúkrahúsið í Kaupmannahöfn til frekari rannsókna og gistu þar yfir nótt. **- þj**

**RAFORKUMÁL**

### Rafmagnslaust í Súðavík

Íbúar í Súðavík og Álftafirði öllum voru án rafmagns í um 25 mínútur í gær. Rétt fyrir hádegi sló Súðavíkurlína út, að því er fram kemur á vef Orkubús Vestfjarða. „Reynd var ein árangurslaus innsetning. Rafmagn er nú keyrt með varaaflsvélum og frekari innsetning eða skoðun línunnar bíður betra veðurs," sagði á vefnum í gær.

# Þriggja saknað eftir skipsskaða við Noreg

**Ístogarinn Hallgrímur SI-77 sökk um 280 kílómetrum norðvestan við Álasund í Noregi skömmu eftir klukkan 13 í gær. Fjórir Íslendingar voru í áhöfn skipsins og var einum þeirra bjargað úr hafi um miðjan dag. Aftakaveður var á slysstað.**

**SLYS** Þriggja er saknað eftir að ístogarinn Hallgrímur SI-77 sökk um 280 kílómetrum norðvestan við Álasund í Noregi í gær. Karlmanni var bjargað úr hafi um miðjan daginn en leit að hinum skipverjunum stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Þá höfðu fundist mannlaus björgunarbátur, flotvesti og brak úr skipinu. Aftakaveður var á svæðinu og ölduhæð um 15 metrar.

Að sögn Landhelgisgæslunnar var áhöfnin öll skipuð Íslendingum, fæddum á árunum 1944 til 1976. Skipið var á leið til hafnar í Noregi þangað sem það hafði verið selt.

Sjálfvirkt neyðarkall barst frá skipinu klukkan 13:14 að íslenskum tíma. Samstundis slitnaði samband þess við sjálfvirkt kerfi vaktstöðvar siglinga í Reykjavík. Í kjölfarið náðist ekki samband við áhöfnina og voru tvær björgunarþyrlur af gerðinni Sea King þá þegar sendar á slysstað frá bæjunum Florø og Ørlandet í Noregi.

Þyrlurnar fundu einn áhafnarmeðlim fljótandi í hafinu skömmu eftir komu á slysstað. Var honum bjargað um borð í aðra þyrluna og fluttur á sjúkrahús í Álasundi. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi var maðurinn vel á sig kominn en hann fannst klæddur í flotgalla.

Orion eftirlitsflugvél frá norska hernum kom á leitarsvæðið klukkan 17:45 búin ratsjá og hitamyndavél. Að sögn Landhelgisgæslunnar var flugvélin með flugþol til miðnættis en björgunarþyrlurnar voru báðar farnar aftur í land klukkan átta í gærkvöldi.

**Sökk við Noreg**






Hallgrímur SI-77 frá Siglufirði sökk um 280 kílómetra norðvestan við Álasund í Noregi í gær. Eftirlitsflugvél frá norska hernum leitaði fram eftir kvöldi í gær en óvíst var hvort tvær björgunarþyrlur yrðu sendar aftur út. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Þá tók loðnubátur, sem verið hafði við veiðar skammt frá, þátt í leitinni og var enn að þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Hallgrímur SI-77 var ístogari, smíðaður árið 1974 í Englandi. Skipið var síðast í eigu útgerðarfélagsins Ásvalla á Siglufirði. Það hafði verið til sölu um hríð og loks verið selt til Noregs. Systurskip Hallgríms, Krossnes SH 308, sökk á Halamiðum 23. febrúar árið 1992. Þá fórust þrír skipsverjar en níu úr áhöfninni björguðust.

Síðustu ár hafa reynst íslenskum sjómönnum mild þar sem lítið hefur verið um sjóskaða. Þannig var árið 2008 hið fyrsta í sögunni þar sem ekkert banaslys varð á sjó. Árin 2009 og 2010 létust einn hvort ár en í fyrra lést enginn.

magnusl@frettabladid.is



**ANDERS BREIVIK** Illvirki hans virðast hafa orðið til þess að fáir drengir voru skírðir Anders í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Nafngiftir í Noregi:

## Skíra börn sín síður Anders

**NOREGUR Óvænt afleiðing óhæfuverka Anders Breiviks, sem myrti tugi manna í Ósló og Útey í fyrra, er að áberandi færri drengir hafa síðan verið skírðir Anders.**

**Verdens Gang segir frá þessu og vitnar til nýrrar skýrslu tölfræðistofnunar Noregs. Árið 2010 hlutu 103 drengir nafnið, en síðasta ár voru það 82 og einungis níu eftir ódæðin hinn 22. maí.**

**Haft er eftir málvísindamanni að málið sé nokkuð merkilegt, sérstaklega þar sem nafnið Anders er algengt og hefðbundið. - þj**

Stofnfjáreigendur einhuga:

## Samþykkja sölu sparisjóðs

**FJÁRMÁL** Fulltrúar rúmlega 99 prósenta stofnfjár í Sparisjóði Svarfdæla samþykktu í fyrrakvöld tilboð Landsbankans í rekstur og eignir sparisjóðsins.

„Samkvæmt tilboðinu yfirtekur Landsbankinn skuldbindingar vegna innlána og víkjandi lána, sem samtals nema um 3.200 milljónum króna og greiðir að auki 165 milljónir. Enn fremur yfirtekur Landsbankinn allar rekstrarlegar skuldbindingar sparisjóðsins," segir í tilkynningu frá sparisjóðnum þar sem jafnframt kemur fram að endanleg sala sé enn háð samþykki FME, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA. **- gar**

**Ert þú með verki í baki, öxlum eða hnjám?**

- Námskeið fyrir þá sem glíma við einkenni frá stoðkerfi
- Þjálfun, ráðgjöf, kennsla í réttri líkamsbeitingu og fyrirlestrar
- Nýtt námskeið hefst 13. febrúar kl. 15:00

*Rétt hreyfing getur gert kraftaverk – vertu með í Stoðkerfishópnum!*



*Þjálfari: María Jónsdóttir, sjúkraþjálfari*

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

HEILSUBORG
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Hlýnar um helgina en í dag verður snjór að mestu bundinn við N-land. Á morgun hvessir af suðaustri seinnipartinn og fer að snjóa S- og V-til. Hlýnandi veður og komin rigning á laugardag. Þá gæti hiti náð 8 stigum S-og V-lands.




**Á MORGUN**
Gengur í SA 13-18 m/s SV-til í fyrstu.

**LAUGARDAGUR**
8-15 m/s S- og V-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -3° |
| París | 11° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# RISA ÚTSALA

## HEFST Í DAG, aðeins í 7 daga




**ÚTSALA**

**20-70% afsláttur**

**ALLAR POTTA PLÖNTUR**

**30-50% afsláttur**

blómaval

**Vöruflokkar á útsölu**

Heimilistæki 20-30% • Búsáhöld 30-70% • Vinnufatnaður 30-50%
Útivistarfatnaður. 30-70% • Ljós 30-70% • Smáraftæki 20-30%
Leikföng 50-70% • Innihurðir 20-70% • Flísar 20-70%
Parket (valdar vörur) 20-70% • Handverkfæri 25%
Hreinlætis- og blöndunartæki 20-50% • Rafmagnsverkfæri 15-30%
Áltröppur og stigar 20% • Verkfæratöskur 25%
Innimálning 20% og margt fleira

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við gengi handboltalandsliðsins á EM hingað til?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,5% |
| NEI | 42,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er til matreiðslubók eftir Nönnu Rögnvaldardóttur á þínu heimili?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Barack Obama Bandaríkjaforseti var vígreifur í stefnuræðu sinni á bandaríska þinginu í fyrrinótt:

# Leggur mikla áherslu á auðmannaskattinn

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í stefnuræðu sinni á bandaríska þinginu í fyrrinótt að hann stefndi ótrauður að því að koma á sérstökum skatti á auðmenn. Þannig yrðu þeir sem hafa heildarárslaun yfir einni milljón dala að greiða 30 prósenta skatt hið minnsta.

Laun auðmanna í Bandaríkjunum hafa verið í brennidepli upp á síðkastið eftir að í ljós kom að forsetaframbjóðandinn vellauðugi Mitt Romney hafi greitt innan við fimmtán prósent í skatt, enda falla hans tekjur undir lög um fjármagnstekjuskatt sem er mun lægri en tekjuskattur sem er jafnan um 35 prósent.

Þessi áætlun Obama er kennd við Warren Buffet, einn allra ríkasta mann heims, sem hefur kallað eftir því að fá að greiða hærra hlutfall launa sinna í skatt. Þykir honum enda skjóta skökku við að ritarinn hans greiði hærra hlutfall en hann gerir sjálfur.

Þá sló sjálfur Bill Gates á sömu strengi í viðtali við BBC í gær þar sem hann sagði að í núverandi ástandi þyrftu skattar að hækka til að hægt verði að loka fjárlagagatinu. Þeir ættu frekar að hækka hjá ríku fólki. Það væri réttlæti fólgið í því að allir færðu fórnir til að laga ástandið.

Viðbúið er að málið muni mæta harðri andstöðu repúblikana, sem hafa meirihluta í fulltrúadeild þingsins.

Annars þótti ræða forsetans bera þess keim að forsetakosningar verða haldnar næsta haust og Obama lagði mikla áherslu á það sem hafði afrekast í sinni valdatíð og að ástandið væri á uppleið. **- þj**



**SLÆR EKKI AF** Barack Obama forseti varði verk sín á kjörtímabilinu og boðaði sérstakan auðmannaskatt sem kenndur er við Warren Buffet. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Funda um öryggi Íslands:

## Ræða öryggi á norðurslóðum

**ÞJÓÐARÖRYGGI Fjalla á um þá spurningu hvort hernaðarlegt kapphlaup sé um náttúruauðlindir á norðurslóðum á fundi um öryggi Íslands sem Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og öryggismál, stendur fyrir á fimmtudag.**



ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR

**Margrét Cela, doktorsnemi í alþjóðasamskiptum, mun fjalla um hernaðarkapphlaup á norðurslóðum. Þá mun Ellisif Tinna Víðisdóttir, fyrrverandi forstjóri Varnarmálastofnunar, ræða hlutverk NATO, og um hernaðarlegt og borgaralegt öryggi Íslands.**

**Fundurinn fer fram í Þjóðminjasafni Íslands í dag, og hefst klukkan tólf á hádegi. - bj**

Auðvelda líf danskra fanga:

## Fleiri í samfélagsþjónustu

**DANMÖRK** Tillaga dönsku ríkisstjórnarinnar um að gefa fleiri dæmdum afbrotamönnum tækifæri á samfélagsþjónustu nýtur almenns stuðnings innan þingsins.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að bæði þeim sem gegna samfélagsþjónustu og þeim sem eru með rafbönd um ökklana utan fangelsis vegnar betur að afplánun lokinni en þeim sem setið hafa í fangelsi.

Rannsóknin, sem gerð var á vegum Rockwool-sjóðsins, leiddi í ljós að þeir sem gegna samfélagsþjónustu fá ekki jafn neikvæðan stimpil og hinir og eiga auðveldara með að fá vinnu. **- ibs**

# Kostnaður við snjómokstur sprengir kostnaðaráætlun

**Afar þung færð er víða um land vegna fannfergis. Snjómoksturinn kostaði Reykjavíkurborg nærri tvöfalt meira á síðasta ári en árið áður. Snjórinn hægir á umferð og torveldar vinnu blaðbera og póstburðarfólks.**

**VEÐUR** Kostnaður við snjómokstur í höfuðborginni er löngu búinn að sprengja allar áætlanir, segir Sighvatur Arnarsson, skrifstofustjóri á framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. Kostnaður borgarinnar við snjómokstur á öllu síðasta ári var um 385 milljónir króna, þar af nærri 150 milljónir króna vegna moksturs í desember. Árið áður var kostnaðurinn um 200 milljónir króna.

Þegar er búið að bóka reikninga fyrir um 50 milljónir króna vegna moksturs í janúar, en sú tala á eftir að hækka verulega. „Menn reyna að fara vel með peningana, en við þurfum að halda ákveðnu þjónustustigi," segir Sighvatur.

Þrátt fyrir fannfergið gekk vel að halda stofnæðum borgarinnar opnum, segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingastjóri framkvæmdasviðs borgarinnar. Hann segir að á nokkrum stöðum í húsagötum hafi snjóruðningsmenn lent í vandræðum þar sem fólk hafi skilið bíla eftir úti í kanti þar sem ófært hafi verið inn á bílastæði.

„Við verðum fram eftir í dag [í gær] að hreinsa, það hefur verið mikið um það. Þetta eru oft langir dagar í snjóhreinsuninni en við erum áfram bjartsýn og jákvæð," segir Jón Halldór.

Fleiri finna fyrir snjóþyngslunum en þeir sem þurfa að ryðja snjóinn. „Það er ansi erfitt fyrir blaðberana að vinna þessa dagana," segir Dagný Ragnarsdóttir, dreifingarstjóri hjá Póstdreifingu, sem dreifir meðal annars Fréttablaðinu. Hún segir allt of mikið um að fólk moki seint og illa leiðina frá götu að útidyrum, og segir víða þurfa að huga betur að lýsingu.

„Það hefur verið meira um það í vetur en áður að fólkið okkar slasist við útburðinn," segir Dagný. Hún segir dæmi um handleggsbrot og brákuð rifbein eftir byltu í snjó og hálku, og sumir séu lengi frá vinnu. Blaðberunum er uppálagt að leggja sig ekki í hættu, og sleppa því að bera út í hús þar sem þeir treysta sér ekki yfir svellbunka eða snævi þaktar tröppur að útidyrum.



**STANSLAUS MOKSTUR** Vinnudagarnir eru langir um þessar mundir hjá þeim sem hreinsa snjóinn af götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Snjóskóflurnar uppseldar í fannferginu

„Salan á snjóskóflum hefur aldrei verið meiri, þær eru uppseldar í dag en við fáum meira á morgun," segir Svanberg Guðmundsson, sölumaður í Húsasmiðjunni í Grafarholti. Hann segir alls konar vörur sem fólk þurfi á að halda í fannferginu rjúka út eins og heitar lummur þessa dagana, snjóskóflur, mannbroddar og fleira.

Aðrir sem selja vörur sem fólk þarf að nota mikið þessa dagana hafa sömu sögu að segja. „Við seljum mikið af gluggaskófum og rúðupissi, hálkueyði og mat fyrir fuglana. Við mokum þessu út alveg," segir Gísli Sigurbergsson, verslunarstjóri í Fjarðarkaupum. Hann segir þó ekki hættu á vöruskorti í bili.

Útburður hjá Póstinum hefur tafist vegna snjóþyngsla á höfuðborgarsvæðinu, segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar hjá Póstinum. „Það er borið út þó það taki lengri tíma en á góðum sumardegi," segir Ágústa. Hún segir útburðinn hafa gengið þokkalega víðast hvar, en ekki hafi tekist að koma pósti til Tálknafjarðar og Bíldudals vegna ófærðar, og því ekki borið út þar í gær. **brjann@frettabladid.is**

*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 530 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 6. febrúar (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 7. febrúar (18:30-21:30)

Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

Tugþúsundir Egypta komu saman á Tahrir-torgi í gær af ýmsum ástæðum:

# Ár liðið frá upphafi uppreisnar

**EGYPTALAND, AP** Tugir þúsunda komu saman á Tahrir-torgi í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, í gær. Ár var þá liðið frá upphafi byltingarinnar þar í landi.

Margir ólíkir hópar komu saman á torginu í gær og í mismunandi tilgangi. Hluti fólksins hefur mótmælt herforingjastjórninni undanfarið og hélt því áfram í gær. Kölluð voru slagorð gegn stjórninni, sem fólk telur að hafi rænt byltingunni. Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti, er fyrir rétti vegna aðildar að morðum í uppreisninni en að öðru leyti hafi lítið breyst.

Þá minntust margir þeirra fjölmörgu sem hafa látist undanfarið ár. Aðrir voru komnir til að fagna því að ár sé liðið frá uppreisninni, og því að frjálsu kosningar í landinu um árabil séu afstaðnar.

Á þriðjudag var tilkynnt að neyðarlögunum sem hafa verið í gildi nánast samfleytt frá árinu 1967 verði aflétt að mestu. Að auki mun herstjórnin leysa meira en 1.900 fanga úr haldi. Þá kom þingið saman í fyrsta skipti á mánudag. Frelsis- og réttlætisflokkur múslímska bræðralagsins, sem var bannaður undir stjórn Hosni Mubaraks, fékk flest sæti á þinginu. Fjöldi meðlima og stuðningsmanna hans var á torginu í gær. **- þeb**



**ÁR FRÁ UPPREISNINNI Á FRELSISTORGINU** Mikill fjöldi fólks kom saman á torginu og skiptist í fylkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ÚTSALA
TAX FREE ÚTSALA
SÍÐASTI SÉNS TIL AÐ GERA BETRI KAUP!
Fatnaður, skór og heimilisvara
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir formaður Norræna félagsins á Íslandi?
2. Hvernig fór leikur Íslands gegn Spáni á EM í handbolta?
3. Hver er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs?

SVÖR

1. Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir.
2. Spánn vann 31-26.
3. Guðríður Arnardóttir.

Hátíðarhöld íslensks skákfólks í tilefni af 77 ára afmæli Friðriks Ólafssonar:

# Skákdagurinn haldinn í dag

**SKÁK** Skákdagur Íslands er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í dag, á 77 ára afmælisdegi stórmeistarans Friðriks Ólafssonar.

Að Skákdeginum standa Skáksamband Íslands, Skákakademía Reykjavíkur, Skákskóli Íslands og taflfélög um allt land, í samvinnu við skóla, íþróttafélög, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Skákdagurinn er einmitt helgaður Friðriki og framlagi hans til íslenskrar skáklistar og samfélagsins í heild.

Fjölmargir og fjölbreyttir viðburðir verða um allt land í dag og mun Friðrik taka virkan þátt í hátíðarhöldunum, að því er segir í fréttatilkynningu frá aðstandendum hátíðarinnar.

Meðal annars mun Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, halda móttöku á Bessastöðum til heiðurs Friðriki, en meðal einstakra viðburða má nefna fjöltefli í Laugardalslaug og skákhátíð á Akureyri ásamt því að teflt verður í skólum víða um land.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Skákakademíunnar, skakakademia.is.

**- þj**



**STÓRMEISTARI** Skákdagurinn er haldinn til heiðurs Friðriki Ólafssyni, stórmeistara og brautryðjenda í íslensku skáklífi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Par handtekið með fíkniefni:

# Maður talinn nauðugur í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Síðdegis í gær stóð til að yfirheyra karl og konu sem handtekin voru á Ártúnshöfða á ellefta tímanum kvöldið áður.

Í fórum fólksins fundust eggvopn, fíkniefni og þýfi, auk þess sem ökumaðurinn var réttindalaus og talinn undir áhrifum fíkniefna. Bíllinn var að auki á stolnum númerum. Þá var úr bílnum bjargað manni sem grunur lék á að hafi verið haldið þar nauðugum.

Ökumaður bílsins er sagður hafa haft uppi tilburði til að stinga lögreglu af en það tókst ekki.

**- óká**

Hætt við lögbroti að óbreyttu:

# Persónuvernd á móti frumvarpi

**HEILBRIGÐISMÁL Persónuvernd leggst gegn óbreyttu frumvarpi til breytinga á sjúkratryggingalögum og lyfjalögum. Í því er gert ráð fyrir auknum aðgangi að lyfjagagnagrunni landlæknis, meðal annars til Sjúkratrygginga Íslands og til heimilislækna í tengslum við meðferð sjúklings.**

**Verði ekki afmarkað með skýrari hætti hvernig skuli staðið að allri ráðstöfun viðkvæmra persónuupplýsinga segir Persónuvernd hætt við að í framkvæmd fari menn fram úr lögunum „og að til verði gagnagrunnur sem ekki fái samrýmst stjórnarskrá og öðrum lögum“.**

**- óká**

Ránsfengur fannst í gámi:

# Óku þýfinu líklega til Serbíu

**DANMÖRK** Fjórir Serbar, sem búsettir eru í Danmörku, geymdu þýfi úr tugum innbrota í gámi á Norður-Sjálandi. Um var að ræða dýr rafmagnsverkfæri, fartölvur, farsíma, pels, postulín og áfengi auk ýmislegs annars.

Lögreglan fann jafnframt þýfi á heimilum Serbanna en talið er að þeir hafi ekið dýrmætasta varningnum sem þeir stálu til Serbíu.

Af þýfinu sem fannst sá lögreglan að þjófarnir höfðu verið að verki frá því að minnsta kosti í apríl í fyrra. Sá sem leigði Serbunum gáminn sagði að Austur-Evrópumenn hefðu komið á öllum tímum sólarhringsins. Þeir hefðu sagt að þeir söfnuðu málmi. **- ibs**

# Telja tölvupóst frá Steingrími setja málið í sérkennilegt ljós

**Verjandi Baldurs Guðlaugssonar vakti athygli Hæstaréttar á því sem hann kallaði óútskýrða atburðarás sem setti mál Baldurs í besta falli í sérkennilegt samhengi. Ríkissaksóknari krafðist þyngri refsingar.**

**DÓMSMÁL** Óútskýrð atburðarás fór af stað vorið 2009, eftir að Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, var tilkynnt um niðurfellingu máls hans af hálfu Fjármálaeftirlitsins og hann hugðist snúa aftur til starfa í fjármálaráðuneytinu.

Þetta sagði verjandinn Karl Axelsson þegar hann flutti málsvörn Baldurs fyrir Hæstarétti í gær. Í greinargerð Baldurs til réttarins segir að atburðarásin setji málið í besta falli í sérkennilegt samhengi.

Baldri var tilkynnt um niðurfellingu rannsóknar FME með bréfi 7. maí 2009. Hann hafði þá verið í leyfi frá störfum í fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknarinnar.

Undir lok mánaðarins ritaði hann Steingrími J. Sigfússyni bréf þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að hann vildi snúa aftur til fyrra starfs síns þegar tímabundnu leyfi hans lyki. Að samkomulagi varð að hann tæki við störfum ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu til áramóta en tæki í kjölfarið aftur við starfinu í fjármálaráðuneytinu.

Þá er komið að því sem Baldri og verjanda hans þykir grunsamlegt og þeir sáu sérstaka ástæðu til að ljá máls á fyrir dómnum:

Steingrímur J. Sigfússon sendi starfsfólki fjármálaráðuneytisins tölvupóst 9. júní sama árs – sem Karl kallaði í gær „einkennilegan“ – þar sem sagði að Baldur mundi snúa aftur til fyrri starfa í ráðuneytinu um næstu áramót „nema eitthvað annað komi til í millitíðinni“.

Tveimur dögum síðar birtist síðan frétt í Morgunblaðinu um tilfærslu ráðuneytisstjóra milli ráðuneyta og var sérstaklega tekið fram að samkvæmt heimildum blaðsins mundi Baldur „að líkindum hætta störfum um næstu áramót“.

Á fundi FME viku síðar var svo ákveðið að hefja rannsókn á máli Baldurs að nýju, enda hefðu borist ábendingar um hvar nýjar upplýsingar gæti verið að finna sem réttlættu það.



**KREFST FRÁVÍSUNAR** Baldur krefst þess að máli hans verði vísað frá, til vara að dómur héraðsdóms verði ómerktur, til þrautarvara að hann verði sýknaður og til þrautarþrautarvara að refsingin verði milduð úr tveggja ára fangelsisdómi. Aðstandendur Baldurs sátu næst honum á fremsta bekk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í ræðu sinni fór Karl ekki nánar út í það hvaða þýðingu hann teldi þessa atburðarás hafa í málinu.

Karl lagði mesta áherslu á það í málsvörninni að hrekja það að nokkrar nýjar upplýsingar hefðu komið fram sem réttlættu endurupptökuna. Vegna þess að ekkert nýtt hefði komið fram hefði endurupptakan verið ólögmæt og bryti gegn ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um endurtekna málsmeðferð. Því bæri að vísa málinu frá dómi.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, sem flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, benti á að Hæstiréttur hefði þegar dæmt um þetta atriði á rannsóknarstigi en því mótmælti Karl og taldi þann dóm ekki koma í veg fyrir að hægt yrði að taka afstöðu til þess nú.

Hæstaréttardómarinn Ólafur Börkur Þorvaldsson spurði Sigríði í marggang hverjar hinar nýju upplýsingar hefðu verið, og svarið kom að lokum; upplýsingar um fund með Landsbankastjórum og skýrslutökur í kjölfarið af Jónínu S. Lárusdóttur og Áslaugu Árnadóttur, sem báðar gegndu um skeið stöðu ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu.

Sigríður krafðist þess að refsing Baldurs yrði þyngd, enda hefði ásetningur hans verið einbeittur, brotið stórfellt og framið í opinberu starfi. Hæstiréttur mun að líkindum kveða upp dóm innan þriggja vikna.

**stigur@frettabladid.is**


Þetta eru þær!

Tímamóta daglinsur

Fyrstu linsur sinnar tegundar með allt að 80% raka í ytra lagi sem gera þær einstaklega mjúkar og þægilegar í notkun.




Hefur þér gengið illa að nota linsur?

Sjóntækjafræðingur okkar hefur áralanga reynslu í að vinna með augnlæknum við að máta linsur á einstaklinga sem hingað til hafa átt erfitt með linsunotkun.

sjáðu skýrt og sparaðu!

E YES LAND

Eyesland
Gleraugnaverslun
Glæsibæ, 5. hæð
Sími 577 1015
www.eyesland.is


Lögreglan á Suðurnesjum hefur ekki undan vegna hertra reglna:

# Gætu þurft að borga yfirvöldum

**ATVINNUMÁL** Fyrirtæki á Leifsstöð og íslensk flugfélög gætu þurft að greiða gjald til lögregluyfirvalda fyrir afgreiðslu á starfsmannaumsóknum. Starfsfólk þarf viðurkenndan aðgangspassa frá yfirvöldum til að komast leiðar sinnar á flugvellinum.

Innanríkisráðuneytið skoðar nú lausnir við þeim vanda sem blasir við fyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli og lögreglunni á Suðurnesjum eftir að breytt reglugerð tók gildi á síðasta ári um samþykkt lögreglunnar á umsóknum starfsmanna vallarins. Breytingin gerir það að verkum að yfirferð lögreglunnar er mun umfangsmeiri en áður og tekur því lengri tíma. Áður var sakaferill viðkomandi starfsmanns skoðaður en nú þarf meðal annars að skoða gögn frá tollinum, Þjóðskrá, Interpol og fleiri aðilum. Nú bíða um 160 starfsmenn Leifsstöðvar eftir endurnýjuðum aðgangspössum.

Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri innanríkisráðuneytisins, segir að bæði sé verið að leita lausna í málinu til skamms tíma og upp á framtíðina.

„Það er verið að skoða hvernig við fáum fjármagn inn,“ segir hún. „Hvort eitthvað sé hægt að losa um til að leysa málin til skamms tíma og fá fjármögnun inn til lengri tíma.“ Hún bendir á að á Norðurlöndunum borgi fyrirtæki fyrir að láta yfirfara umsóknir sem þessar, svo slíkt komi vissulega til greina. Hin leiðin sé að fá framlag úr ríkissjóði.

Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia, segir það áhyggjuefni að ekki hafi fylgt fjármagn til að hægt sé að anna þeim auknu kröfum sem reglugerðin leiði af sér. Hann segir það í sjálfu sér ekki óeðlilegt að til þess komi að rukka fyrirtæki fyrir vinnuna sem lögreglan sinni, líkt og tíðkast í nágrannalöndunum. **- sv**




**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Atvinnurekendur á Keflavíkurflugvelli gætu þurft að greiða gjald til yfirvalda til að fá aðgangspassa fyrir starfsmenn.


GRÆNT BÍLALÁN
ergo
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD
ENNEMM / SÍA / NM50140
ergo
Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400
www.ergo.is › ergo@ergo.is
Græn lán fá frábærar viðtökur
Ergo þakkar frábærar viðtökur á grænum bílalánum sem miða að því að fjölga umhverfishæfari bílum á Íslandi. Græn bílalán standa til boða við kaup á bílum í útblástursflokkum A, B og C og eru þau án lántökugjalda út júnímánuð 2012.
Kannaðu kosti grænna bílalána á ergo.is.



**KLAPPAR GULLGÆSINNI** Eitthvað var hún súr á svipinn, Angela Merkel Þýskalandskanslari, þegar hún klappaði gullgæs sem hún fékk að gjöf í tilefni kjötkveðjuhátíðar. NORDICPHOTOS/AFP

Frá árinu 1975 er sterk fylgni milli aukins aksturs og vergrar landsframleiðslu:

# Akstur og hagvöxtur fylgjast að

**EFNAHAGSMÁL** Mjög sterk fylgni er á milli aksturs og vergrar landsframleiðslu, að því er segir í nýrri umfjöllun Vegagerðarinnar. Verg landsframleiðsla nefnist í daglegu tali hagvöxtur.

„Miðað við þróun aksturs á Íslandi frá árinu 1975 er 96 prósenta fylgni milli þeirrar þróunar og vaxtar landsframleiðslunnar til ársins 2010,“ segir á vef Vegagerðarinnar og áréttað að víða erlendis séu tölur um heildarakstur og breytingar á akstri nýttar til að meta eða spá í ástand hagkerfisins.

Vegna þess að grunur lék á því að sama væru upp á teningnum hér og annars staðar í heiminum varðandi fylgni milli aksturs og hagvaxtar skoðaði Vegagerðin þær tölur sérstaklega.



**Í UMFERÐINNI** Eftir á að koma í ljós hvort snjóþyngsli á nýju ári setja strik í fylgni umferðartalna og hagvaxtar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Niðurstaðan sýnir svo ekki verður um villst að óhætt er að segja að mjög mikil fylgni er á milli þessara tveggja þátta.“ Telur Vegagerðin því að óhætt ætti að vera að nota umferðartölur til þess að áætla hagvaxtarþróun eða spá fyrir um hana, en þær liggja fyrir töluvert löngu áður en staðfestar hagvaxtartölur koma fram hjá Hagstofu. Tölur um hagvöxt árin 2009 og 2010 eru ennþá bráðabirgðatölur.

Telur Vegagerðin því að tölur sem birtast í næsta mánuði um akstur árið 2011 hljóti að vekja athygli. - óká

Ók undir áhrifum fíkniefna:

# Ákærður fyrir fíkniefnasölu

**DÓMSTÓLAR** Maður sem gripinn var fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna á Akureyri í nóvember hefur auk þess brots verið ákærður fyrir sölu fíkniefna.

Á heimili mannsins fann lögregla tæp hundrað grömm af hassi auk þess sem maðurinn á að hafa keypt 140 grömm af marijúana. Megnið af efninu hafði maðurinn selt.

Krafist er refsingar fyrir akstur undir áhrifum, brot á fíkniefnalöggjöf og upptöku á ætluðum ávinningi af fíkniefnasölunni. - óká



**NÝBYGGING** Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað talsvert síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vísitala byggingarverðs:

# Kostnaður við nýbyggingar hækkar nokkuð

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 9,6 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum. Þó lækkaði vísitalan um 1 prósent síðasta mánuðinn.

Þessa miklu hækkun má að mestu leyti rekja til mikillar hækkunar á vinnulið vísitölunnar, að því er fram kemur í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka fyrir helgi. Liðurinn hefur hækkað um 22 prósent undanfarna tólf mánuði vegna kjarasamninga og launaskriðs. Þá hafa undirliðirnir innlent efni og vélar, flutningar og orkunotkun hækkað um í kringum 8 prósent á síðustu tólf mánuðum. - mþl

Undirskriftasöfnun gengur vel:

# Yfir 20 þúsund skora á forseta

**BESSASTAÐIR** **Yfir 20 þúsund nöfn hafa verið skráð í undirskriftasöfnun þar sem skorað er á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að gefa kost á sér áfram þegar kjörtímabilinu lýkur í sumar.**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

**Stuðningsmenn Ólafs Ragnars standa fyrir söfnuninni, sem hrundið var af stað í síðustu viku. Söfnunin fer fram á netinu á vefsíðunni askoruntilforseta.is.**

**Ekki er hægt að skoða lista með nöfnum þeirra sem skráðir eru á listann, og engar upplýsingar eru á síðunni um hvernig fólk geti gengið úr skugga um hvort það er skráð þar eða ekki.** - bj

**FJARSKIPTAMÁL**

## Dóm þurfi til netnjósna

Ávallt er rétt að afla dómsúrskurðar áður en samskipti á Netinu koma til skoðunar, að mati Persónuverndar. Þetta kemur fram í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum. Í því er gert ráð fyrir að starfræktur verði starfshópurinn CERT-ÍS sem myndi hafa víðtækar heimildir til að skoða netsamskipti.

# Enn má tilnefna til Samfélagsverðlauna

**Árleg Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars. Sem fyrr er leitað eftir tilnefningum lesenda en fresturinn til að tilnefna rennur út í næstu viku. Samfélagsverðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Frestur lesenda til að tilnefna til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út í næstu viku, miðvikudaginn 1. febrúar.

Markmiðið með Samfélagsverðlaununum er að beina sjónum að góðum verkum sem unnin eru í samfélaginu af ósérhlífnu fólki og oft og tíðum án þess að mikið fari fyrir þeim.

Tilnefna má til verðlaunanna í fjórum flokkum en einnig eru veitt heiðursverðlaun fyrir ævistarf einstaklings.

Í fyrra bárust nærri fjögurhundruð tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna en að loknum tilnefningarfresti tekur dómnefnd við og útnefnir þrjá í hverjum flokki, þar af einn sem sjálf verðlaunin hlýtur.

Sjálf Samfélagsverðlaunin nema einni milljón króna en í fyrra komu þau í hlut Reykjadals í Mosfellsbæ. Í sumarbúðunum þar dveljast árlega á milli tvö og þrjú hundruð fötluð börn af öllu landinu en um skeið var tvísýnt um hvort leggja þyrfti starfsemi sumarbúðanna niður vegna fjárskorts. Til Samfélagsverðlaunanna má tilnefna félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf. Í þeim flokki nema verðlaunin einni milljón króna.

Hvunndagshetjan í fyrra var Ásmundur Þór Kristmundsson björgunarsveitarmaður sem vann björgunarafrek í Þórsmörk í ágúst



**HANDHAFAR SAMFÉLAGSVERÐLAUNA ÁRIÐ 2011** Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu og afhenti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verðlaunahöfum viðurkenningar.

2010. Til hvunndagshetju má tilnefna einstaklinga sem hafa sýnt einstaka óeigingirni eða hugrekki, við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar hlaut Jón Stefánsson kórstjóri verðlaunin í fyrra. Þar koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt, einnig félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

Í flokknum Til atlögu gegn fordómum má tilnefna einstaklinga eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum. Verðlaun í þessum flokki komu í fyrra í hlut Listasmiðjunnar Litrófs en í henni er unnið að vináttu milli barna af erlendum uppruna og íslenskra barna.

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins komu í fyrra í hlut Jennu Jensdóttur, kennara og rithöfundar, en þau eru veitt einstaklingi sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

Tilnefna má til Samfélagsverðlauna á www.visir.is/samfelagsverdlaun. steinunn@frettabladid.is




Tíu vörur sem efla eiga kyngetu karla og auka ris hafa verið bannaðar í Evrópu:

# Lyfjaefna ekki getið á umbúðum

**HEILBRIGÐISMÁL** Mörg fæðubótarefni sem markaðssett eru sem kynörvandi eða sem lausn við risvanda karla eru bönnuð hér á landi vegna þess að þau innihalda lyfjaefni sem ekki er getið á umbúðum.

Matvælastofnun (MAST) vekur á vef sínum athygli á nýjum upplýsingum frá sænsku lyfjastofnuninni um vörur af þessum toga sem allar reyndust innihalda virk lyfjaefni. Í flestum tilfellum var um að ræða efnin tadalafil, sildenafil eða sildenafil hliðstæður án þess að efnanna væri getið á umbúðum varanna. „Ein varanna innihélt lyfjaefnið Phentolamine sem meðal annars hefur verið notað við getuleysi,“ segir á vef MAST, en samkvæmt innihaldslýsingum áttu vörurnar að innihalda mismunandi blöndur af jurtum.

Lyfjaefni þau sem fundust í fæðubótarefnunum ætti aldrei að nota nema í samráði við lækni, segir MAST, þar sem þau geti verið skaðleg heilsu séu þau ekki notuð á réttan hátt. „Vara/fæðubótarefni sem innihalda þessi lyfjaefni teljast hættuleg matvæli, sérstaklega þegar efnanna er ekki getið á umbúðum varanna.“

Ekki er vitað til þess að efnin hafi verið hér í sölu en eftirlit með fæðubótarefnum er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. „Hins vegar eru vörurnar allar eða hafa verið til sölu í póstverslun í gegnum internetið,“ bendir MAST á og hvetur fólk til að kaupa hvorki vörurnar né neyta þeirra. - óká




**BÖNNUÐ EFNI** Tíu vörur eru á lista bannaðra fæðubótarefna og vara sem auka eiga kyngetu karla.

**Bönnuð fæðubótarefni**

Eftirtalin efni innihalda lyf án þess að þeirra sé getið og eru því bönnuð hér.

| |
|---|
| Passion Power |
| Maxidus |
| Arize |
| Viaplus |
| Durafit |
| Erectra |
| Natural Power for men |
| Natural Vital |
| Amorex herbal coffee |
| Revit UP |

*Heimild: MAST*

# Air fyrir alla



## MacBook Air

Ný endurhönnuð MacBook Air
Skjár með hárri upplausn og hröðu
flash-minni í stað harðs disks.
Thunderbolt tengi

**Verð frá: 179.990.-**

PC
PCMAG.COM
Best of the Year 2011
FRJÁLS VERSLUN

Spjaldtölva ársins 2011 að mati PC Magazine
Græja ársins 2011 að mati PC Magazine og Frjálsrar verslunar

## iPhone 4



**Verð frá: 99.990.-**

## iPad 2



**Verð frá: 89.990.-**

## iPod touch



**Verð frá: 44.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
Opnunartímar
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
SSími 512 1300 | www.epli.is

epli.is

# neytendur
hagur heimilanna

**6.170 TONN** af svínakjöti voru á matardiskum Íslendinga árið 2010, samanborið við rúm 4.340 einum áratug fyrr. Á sama tíma hækkaði verð á svínakjöti um fjórðung, en vísitala neysluverðs um þrjá fjórðu.

## GÓÐ HÚSRÁÐ - Ísmolar

*Klakar eru ómissandi í partíið*



Þegar ísmolar eru hafðir í skál á borði eiga þeir til að bráðna fljótt og liggja í polli. Til þess að hægja á þessu ferli er gott að hvolfa litlum disk eða skál í botninn á skálinni sem þú setur ísmolana í. Þá fer vatnið sem lekur af klökunum undir diskinn þannig að klakarnir liggja ekki í vatninu og bráðna því ekki eins fljótt.

**Matur**

## Upplýsingar um næringargildi máltíða



Á Matarvefnum, www.matarvefurinn.is, er hægt að fá upplýsingar um orku- og næringarefnainnihald úr einni eða fleirum máltíðum, dagsfæði eða fæði nokkurra daga, að því er segir á vefnum. Hægt er að taka meðaltal af þeim og bera saman við manneldismarkmið fyrir Íslendinga.

Hægt er að setja inn uppskriftir og sjá næringargildi þeirra og nota í skráningu á máltíð. Einnig er möguleiki á að meta orkuþörf út frá aldri, hreyfingu o.fl.

Matarvefurinn er ekki ætlaður fyrir útreikninga á bætiefnum í töflum og hylkjum, til dæmis C-vítamíntöflum og lýsishylkjum. Aftur á móti er hægt að taka fljótandi lýsi með í útreikningana.

Matarvefurinn er samstarfsverkefni Hugbúnaðar hf., Matvælarannsókna Keldnaholti, Manneldisráðs Íslands, Námsgagnastofnunar og Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands.

**Sælgæti**

## Páskaegg í janúar



Páskaegg frá sælgætisverksmiðjunni Freyju eru komin í verslanir. Um er að ræða litlu eggin sem pökkuð eru inn í marglitan álpappír og innihalda málshætti. Ævar Guðmundsson, eigandi Freyju, segir fólk kaupa eggin nánast allan ársins hring, þó að enn sé langt í páskahátíðina.

„Það eru málshættirnir sem fólk vill. Og ef það er markaður fyrir þetta þá er þetta bara hið besta mál,“ segir Ævar. Hann segir að enn sé þó einn og hálfur mánuður þar til stærri páskaegg frá Freyju munu sjást í hillum matvöruverslana.


**Nytjamarkaður**

**á Eyjarslóð 7 út á Granda.**

HJÁLPRÆÐIS-HERINN

Opið alla virka daga kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum á fimmtudögum Sími 858 59 08

**Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!**





# Úttekt heilbrigðisfulltrúa í glugga seljenda



**Neytendasamtökin hafa farið fram á að eftirlitsskýrslur heilbrigðisfulltrúa um framleiðendur og seljendur matvæla verði opinberaðar þannig að neytendur séu upplýstir um ástand veitingastaða, matvöruverslana, ísbúða, bakaría og annarra staða sem selja matvæli. Leggja samtökin til að tekið verði upp svokallað broskarlakerfi að danskri fyrirmynd og skýrslur birtar á netinu og hengdar á áberandi stað í glugga eða við inngang.**

Neytendasamtökin hafa nú ítrekað erindi sitt til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá því í febrúar í fyrra um að eftirlit með seljendum matvæla og framleiðendum verði gert opinbert. „Við fengum aldrei svar við þessu erindi. Það er full ástæða til þess að huga að þessum málum. Besta leiðin til þess að auka trúverðugleika eftirlitsstofnana og fyrirtækja er að opinbera eftirlitsskýrslur og úttektir,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum.

Brynhildur segir Íslendinga ekki vera að finna neitt nýtt upp með slíku kerfi. Danir hafi til dæmis notað svokallað broskarlakerfi hjá seljendum í áratug með góðum árangri. „Eftir hverja úttekt eru skýrslurnar hengdar upp á áberandi stað. Neytendur sjá þá hvenær síðasta úttekt fór fram og hver niðurstaðan var. Broskarl gefur til kynna hvernig fyrirtækið stendur sig. Hér á landi berast oft fréttir af því að gerlar hafi fundist í ís í ákveðnum ísbúðum en neytendur vita ekki hvar. Okkur finnst ekki síður mikilvægt að svona kerfi eigi einnig við um framleiðendur.“

Bæði fyrirtæki og heilbrigðisfulltrúar í Danmörku höfðu í fyrstu efasemdir um ágæti kerfisins. „Maður skilur að vissu leyti að fyrirtæki hafi verið neikvæð en það er skrýtið að eftirlitið hafi verið neikvætt. Svona kerfi veitir að vísu eftirlitinu aðhald, alveg eins og fyrirtækjunum, og í ljósi þess sem á undan hefur gengið er einnig mikilvægt að úttektir eftirlitsaðila verði gerðar aðgengilegar öllum,“ segir Brynhildur.



**EFTIRLIT** Neytendasamtökin vilja ekki að það sé einkamál hvernig seljendur og framleiðendur matvæla standa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún tekur það fram að um hafi verið að ræða pólitíska ákvörðun í Danmörku. „Það verður að vera þannig þegar innleiða á svona kerfi. Mér finnst mjög flott hjá dönskum yfirvöldum að keyra þetta í gegn.“

Að sögn Brynhildar má finna sambærilegt kerfi víðar, til dæmis í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna og Kanada auk nokkurra borga í Bretlandi.

ibs@frettabladid.is

Könnun á samgönguvenjum farþega til Keflavíkurflugvallar:

# Flestir í einkabíl til Leifsstöðvar

Átta af hverjum tíu lesendum síðunnar turisti.is fara oftast til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar í einkabíl samkvæmt könnun síðunnar sem á sjötta hundrað svöruðu.

Greint er frá því á síðunni að sjötti hver lesandi taki rútuna og um fjögur prósent fari í leigubíl. Bent er á að erlendir ferðamenn auki vafalítið hlutfall rútufarþega þegar á heildina er litið.

Jafnframt er bent á að þrátt fyrir vinsældir einkabílsins eigi forsvarsmenn Isavia væntanlega ekki við sama vandamál að etja og flugmálayfirvöld á Arlanda í Stokkhólmi. Þar keyri þriðji hver farþegi bílinn sinn til og frá vellinum en fimmti hver taki rútu eða leigubíl.

Túristi vitnar í frétt Dagens Nyheter um að kolefnisútblásturinn sé orðinn svo mikill að brátt megi ekki auka flugumferðina frá Arlanda fyrr en umhverfisvænni samgöngur, eins og lestir, hafi náð meiri útbreiðslu. Aðeins fjórði hver er sagður taka lestina út á Arlanda.

Í Keflavík hefur hins vegar flugfélögum verið boðin niðurfelling á lendingar- og farþegagjaldi í von um að fjölga farþegum og flugleiðum, að því er segir á turisti.is.

- ibs



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Átta af hverjum tíu fara í einkabíl til flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NEYTANDINN:** GUÐNÝ HELGA HERBERTSDÓTTIR, UPPLÝSINGAFULLTRÚI ÍSLANDSBANKA

## *Gæti eins hafa verið styrktaraðili stöðvanna*



Bestu kaup Guðnýjar Helgu Herbertsdóttur, upplýsingafulltrúa Íslandsbanka, var notað golfsett sem hún segist hafa keypt á spottprís í Golfbúðinni í Hafnarfirði. „Það varð til þess að ég fékk bakteríuna,“ segir hún. Hins vegar eru verstu kaup Guðnýjar ekki ein, heldur nokkur, en þar nefnir hún öll þau árskort í hinar ýmsu líkamsræktarstöðvar sem hún hefur keypt um árin.

„Ég hefði alveg eins getað gerst styrktaraðili þessara líkamsræktarstöðva, þar sem mætingin hefur aldrei verið upp á marga fiska,“ segir hún. „Að meðaltali hef ég örugglega borgað í kringum 15.000 krónur fyrir hvert skipti sem ég hef stigið fæti inn í líkamsræktarstöð.“

Hún segist þó alltaf fyllast huglægum krafti í byrjun hvers árs og lætur því til leiðast. „Sem minnir mig einmitt á að það er kominn tími á að kaupa nýtt kort.“


SOTHYS
PARIS
SOTHYS
PARIS
Crème anti-âge
Anti-ageing cream
Grade 1
SOTHYS
PARIS
Grade 2
1.Um þrítugt
2.Um fertugt
3.Um fimmtugt
4.Um sextugt
Húðin þín er ekki endilega á sama aldri og þú
20%
afsláttur frá
26. jan.- 1. feb.
Hægðu á öldrun húðarinnar með réttu aðferðinni og vertu ungleg lengur
Vísindamenn Sothys hafa þróað fullkomna línu til að hægja á og vinna gegn öldrun húðarinnar.
Sothys fylgir hugmyndafræði sem felur í sér greiningu á húðinni til að meta raunverulegan aldur hennar, svokallað „aldursstig".
Tilboðið gildir 26. jan. - 1. feb. eða á meðan birgðir endast í verslunum Hagkaups í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum og Selfossi
SOTHYS
PARIS
Sættu þig aðeins við það besta!
Sothys Collagene hyaluronique™ línan er þróuð til að vinna gegn öldrun húðarinnar og er sú fyrsta sem beinist að „raunverulegum aldri“ húðarinnar með markvissum hætti
Nýtt á Íslandi
Sérfræðingur frá Sothys verður í verslunum með splunkunýtt, hátækni „Skin Analizer“ húðgreiningatæki, þar sem viðskiptarvinir geta fengið fría húðgreiningu.
Tækið greinir mjög nákvæmlega ástand húðarinnar þ.e. raka- og fitustig, litabletti, viðkvæmni, stinnleika og línur.
Komdu og láttu okkur greina húðina þína.
Fimmtud. 26. jan. Skeifunni frá kl. 13-17
Föstud. 27. jan. Smáralind frá kl. 13-17
Laugard. 28. jan Kringlunni frá kl. 13-17
Mánud. 30. jan Selfossi frá kl. 13-17
Þriðjud. 31. jan. Holtag. frá kl. 13-17
Miðvikud. 1. feb. Kringlunni frá kl. 13-17
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



DÚNDUR-VERÐ

33% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur



20% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar

GOÐI

## ÞORRAMATUR – í miklu úrvali!



15% afsláttur af öllum GOÐA súrmat!




849 kr. kg

Lamba súpukjöt, frosið, 1. flokkur




599 kr. kg

Ísl. matvæli, kjúklingabitar



1198 kr. kg

Kjúklingur með lime og rósmarín




1698 kr. kg

Kjúklingabringur, erlendar, 1 kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is






Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is




2 fyrir 1

Myllu danskt rúgbrauð




525 kr. pk.

Kellogg´s Special K, 500 g




189 kr. stk.

Allra appelsínusafi, 1 l



236 kr. kg

Rófur

1 kg




1298 kr. pk.

Axxento kaffibaunir, 1 kg




379 kr. pk.

Allra kaffi, malað, 400 g



140 kr. kg

Kartöflur í lausu




126 kr. pk.

Svali, appelsínu og epla, 3 x ¼ l

2 lítrar




198 kr. stk.

Egils kristall, mexican-lime, 2 l

1 kg




449 kr. pk

Þykkvabæjar fors. kartöflur, 1 kg




86 kr. stk.

Egils pilsner, 0,5 l




598 kr. þrennan

Wilson pizzadeig, pizzasósa og durumhveiti, saman í pakka!

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

**138,0** **KRÓNUR Á HLUTINN** var verð hlutabréfa í Marel í Kauphöllinni við lokun í gær. Verðið hefur aldrei verið hærra.

Nýtt hlutafé í BF-útgáfu selt á 17,5 milljónir:

# Baldur, Ármann og Kjartan nýir eigendur

**VIÐSKIPTI** Baldur Guðlaugsson, fyrrum ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Kjartan Gunnarsson, fyrrum framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Ármann Þorvaldsson, fyrrum forstjóri Kaupþing Singer&Friedlander, skráðu sig fyrir hlutafjáraukningu í BF-útgáfu um miðjan september síðastliðinn. Öld ehf., félag í eigu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, var áður eini eigandi útgáfunnar. Öld á nú helmingshlut.



**EIGANDI** Baldur Guðlaugsson keypti nýtt hlutafé í BF-útgáfu fyrir 10 milljónir króna. Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi í héraðsdómi í fyrra fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi. Mál hans var tekið fyrir í Hæstarétti í gær.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem Fyrirtækjaskrá barst í lok nóvember 2011. BF-útgáfa, sem gefur út undir heitunum Bókafélagið og Almenna bókafélagið, gaf út 20 bækur í fyrra. Á meðal þeirra voru bækur eftir Egil Gillz Einarsson og tvo eigendur útgáfunnar, þá Ármann og Hannes Hólmstein.

Hlutafé BF-útgáfu var hækkað úr 500 þúsund í eina milljón króna að nafnvirði. Baldur skráði sig fyrir 250 þúsund króna hlutafé á genginu 40. Hann greiddi því 10 milljónir króna fyrir. Ármann keypti 50 þúsund að nafnvirði á genginu 40 og greiddi tvær milljónir króna fyrir. Kjartan keypti 200 þúsund að nafnvirði á genginu 27,5 og greiddi 5,5 milljónir króna fyrir. Nýju eigendurnir settust í kjölfarið í stjórn útgáfunnar. Skoðunarmaður hennar er síðan fjórði eigandinn, Hannes Hólmsteinn.

Eini fasti starfsmaður BF-útgáfu er framkvæmdastjórinn Jónas Sigurgeirsson. Hann var yfirmaður samskiptasviðs Kaupþings fyrir hrun. **- þsj**



**SKYGGNISBRAUT** Fyrstu íbúðirnar verða afhentar í apríl og framkvæmdum á að ljúka í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSENT

# Einkarekið leigufélag byggir yfir 50 íbúðir

**Tugir 60-80 fermetra íbúðir sem rísa nú við Úlfarsfell fara á almennan leigumarkað. Eru allar 2-3 herbergja. Tekið við umsóknum frá væntanlegum leigjendum á næstu dögum. Lífeyrissjóðir koma að fjármögnun verkefnisins.**

**VIÐSKIPTI** Leigufélag í einkaeigu hyggst setja 51 2-3 herbergja íbúð inn á almennan leigumarkað á næstu mánuðum. Byrjað verður að taka á móti umsóknum frá væntanlegum leigjendum á allra næstu dögum. Framkvæmdirnar, sem eru fjármagnaðar með eigin fé og fjármögnun frá lífeyrissjóðum, eru langt á veg komnar og fyrstu íbúðirnar verða afhentar nýjum leigjendum í apríl.

Íbúðirnar eru við Skyggnisbraut 20-24 við Úlfarsfell í Reykjavík. Það er Byggingafélagið Framtak ehf. sem stendur að byggingu þeirra. Lóðin er skilyrt leigulóð og því má einungis byggja leiguhúsnæði á henni. Framkvæmdir hófust sumarið 2010 og þeim á að ljúka í ágúst næstkomandi.

Að sögn Ólafs Páls Snorrasonar, framkvæmdastjóra Framtaks, er um að ræða þá stærð af íbúðum sem mest eftirspurn er eftir á leigumarkaði. „Þetta eru 21 tveggja herbergja íbúðir og 30 þriggja herbergja. Þær eru 60-80 fermetrar, sem er einmitt sú stærð sem vantar á leigumarkaðinn. Við áætlum að verklok verði í ágúst á þessu ári en fyrstu íbúðirnar verða afhentar í apríl. Þær fara allar á almennan leigumarkað, þar sem vöntunin er mest. Við munum byrja að taka á móti umsóknum á næstu dögum og í kjölfarið leigja íbúðirnar út.“

Að sögn Ólafs er verkefnið að hluta til fjármagnað með eigin fé eiganda Framtaks, Snorra Hjaltasonar. Auk þess hefur verðbréfafyrirtækið Virðing gert samning um langtímafjármögnun bygginganna fyrir hönd Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóðirnir munu leggja til fjármagn þegar framkvæmdunum er lokið.

Ódýrustu íbúðirnar munu kosta 108 þúsund krónur á mánuði en þær dýrustu 148 þúsund krónur. Væntanlegir leigjendur verða að leggja fram bankaábyrgð sem nemur þriggja mánaða leigu þegar leigusamningur er gerður.

thordur@frettabladid.is

## Gríðarleg eftirspurn eftir leiguhúsnæði

Fréttablaðið greindi frá því í desember að skýrsla sem Capacent vann fyrir Reykjavíkurborg sýni að leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu þurfi að fjölga um tæplega níu þúsund á næstu þremur árum til að mæta eftirspurn. Til lengri tíma þarf þeim að fjölga um 13 þúsund á svæðinu og 16 þúsund á landinu öllu. Um 94% fjölgunarinnar á höfuðborgarsvæðinu þurfa að vera í Reykjavík þar sem langflestir framtíðarleigjendur vilja búa. Um 70% fleiri Íslendingar vilja leigja sér íbúð en gera það í dag.

Í skýrslunni, sem ber nafnið „Staða, horfur og möguleikar á húsnæðisleigumarkaði árið 2011“, kemur einnig fram að um fimm þúsund leiguíbúðir þurfi að rísa til að anna eftirspurn í póstnúmeri 101. Næstvinsælustu hverfin eru Hlíðarnar og Vesturbærinn, póstnúmer 105 og 107. Í skýrslu Capacent segir að það blasi því við að þeir sem hafa hug á að leigja „vilji flestir vera miðsvæðis. Ekki einungis í höfuðborginni heldur í miðbæ höfuðborgarinnar“.






# SKOÐAÐU VOLVO XC

**Opið í dag 9-17**
**Bíldshöfða 6**

Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegun eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



## VOLVO SEGIR ÞÉR HVER ÞÚ ERT OG HVAÐ ÞÚ GETUR



### Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. $CO_2$ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.




### Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



### Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6.**
**Opið í dag 9-17.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndum í auglýsingu.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Almenn skuldaniðurfærsla út úr myndinni:

## Tímabært að taka sönsum

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur skilað skýrslu að beiðni ríkisstjórnarinnar þar sem fjallað er um ýmsar lífseigar tillögur og tilgátur um lánamál heimilanna. Tveimur hagfræðidoktorum var meðal annars falið að meta hvort það svigrúm sem bankarnir fengu til niðurfellingar lána vegna afsláttar af lánasöfnum væri fullnýtt, hver væri líklegur kostnaður vegna tillagna Hagsmunasamtaka heimilanna (og raunar margra fleiri) um flata niðurfærslu skulda og á hverjum kostnaðurinn af slíkri niðurfellingu myndi lenda.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Svörin koma ekki á óvart, enda hefur spurningunum öllum verið svarað áður. Tilgangur skýrslugerðarinnar var hins vegar að „eyða óvissu". Nú liggur málið býsna ljóst fyrir, samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar.

Bankarnir hafa fullnýtt afsláttinn af húsnæðislánasöfnum, sem gefinn var þegar þau færðust úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Kostnaðurinn við að færa húsnæðislán allra niður um 18,7% væri rúmlega 200 milljarðar króna. Hann myndi að langmestu leyti lenda á skattgreiðendum. Upphæðin samsvarar meira en þriðjungi af áætluðum útgjöldum ríkissjóðs árið 2012.

Hver maður ætti að geta séð að þessi leið er ekki fær, og jafnvel þótt til væru peningar væri lítið réttlæti fólgið í slíkri endurdreifingu áfallsins sem lántakendur urðu fyrir við hrun krónunnar. Enda benda skýrsluhöfundar á að sambærileg leið hefur hvergi verið farin.

Hagsmunasamtök heimilanna taka reyndar engum sönsum þótt þessi niðurstaða liggi fyrir og telja Hagfræðistofnun fara með tómar blekkingar. Þeir eru kolfastir í ranghugmyndum um að risavaxin millifærsla fjármuna frá almennum skattgreiðendum til skuldara sé einfalt mál og sanngjarnt. Samtökin og forystumenn þeirra hafa í raun endanlega stimplað sig út úr vitrænni umræðu um þessi mál.

Tímabært er að stjórnmálamenn, sem enn taka þátt í þeim ábyrgðarlausa leik að gefa fólki í skyn að meira kunni að verða gert fyrir skuldara og að niðurfærsla lána sé jafnvel enn inni í myndinni, hætti honum og sýni að þeir geti tekið mark á staðreyndum. Ef alltaf er látið í veðri vaka að nýjar lausnir séu á leiðinni, hafa fáir hvata til að taka í alvöru á sínum málum.

Þótt sársaukafullt kunni að vera að horfast í augu við það, verða þau úrræði sem stjórnvöld og lánastofnanir hafa nú þegar boðið illa stöddum skuldurum að duga til skemmri tíma litið. Einhverjum verður ekki bjargað frá húsnæðismissi og þar þarf velferðarkerfið að grípa inn í.

Til lengri tíma litið ættu þeir sem hafa áhyggjur af stökkbreyttum skuldum heimilanna að beita sér fyrir því að hér verði tekinn upp nothæfur gjaldmiðill, sem útheimtir hvorki verðtryggingu né að fólk freistist til að taka lán í erlendum gjaldmiðlum til að fjármagna þak yfir höfuðið. Slíkur gjaldmiðill kæmi í veg fyrir nýja kollsteypu á borð við þá sem skuldarar urðu fyrir barðinu á þegar krónan féll.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

www.optima.is
Sjóðsvélar
Optima kynnir
SAM4S sjóðsvélar
Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.
Kynningarverð
kr. 43.990.-



STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hið ljúfa líf

Ögmundur Jónasson skóf ekki utan af því í umræðum á Alþingi á þriðjudag. Aðspurður um styrki frá Evrópusambandinu sagðist hann óttast það mest að embættismenn ánetjuðust Evrópusambandinu. Sífelldar ferðir til Brussel gera þá, að mati ráðherrans, að fíklum í hið ljúfa líf búrókrasíunnar í Brussel, þeir einfaldlega verði að fá meira af fundum um landbúnaðarstefnu, aðlögun stjórnsýslunnar og vatnatilskipun. Ögmundur telur að embættismenn vilji fleiri og fleiri ferðir á kostnað ríkisins og meiri dagpeninga.



### Rannsókn væntanleg?

Ögmundur Jónasson er ekki hver sem er, hann er ráðherra í ríkisstjórn. Orð hans verða ekki skilin öðruvísi en að telji að með markvissum hætti nýti íslenskir embættismenn sér fjárheimildir til ónauðsynlegra ferða til útlanda. Kosti ríkið skattpeninga sem það sannarlega þarf á að halda. Ábyrgur ráðherra hlýtur að fara fram á rannsókn á málinu og leggja til ítarlega skoðun á þessu misferli. Annað væri óábyrgt.

### Samsærið mikla

Einn af fylgifiskum hrunsins er að nú véfengja menn allar tölur, allar skýrslur, allar upplýsingar. Það getur verið gott að efast, sérstaklega ef maður hefur rök fyrir máli sínu. Að trúa því að upplýsingar sem manni hugnast ekki séu hluti af samsæri er hins vegar ekki gott. Þannig þarf Andrea Jóhanna Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, að útskýra hvað hún átti við með því að ný skýrsla frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands væri „bara til að kasta ryki í augu fólks". Er stofnunin í stóru samsæri um að koma í veg fyrir afskriftir húsnæðislána, eða var niðurstaðan einfaldlega ekki Andreu að skapi?



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ný reglugerð markar tímamót

Mannvirki



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Ný byggingarreglugerð sem hefur litið dagsins ljós er sérlega yfirgripsmikil og tekur til fjölda atriða sem snerta daglegt líf og aðbúnað almennings.

Ýmis nýmæli eru í nýju reglugerðinni, s.s. aukin áhersla á aðgengismál. Þar er stuðst við svokallaða algilda hönnun, sem gerir ráð fyrir að mannvirki séu þannig úr garði gerð að þau henti öllum – ekki aðeins þeim sem hafa fulla heilsu. Áætlað er að minnst tíu prósent íbúa landsins búi við varanlega hreyfihömlun eða annars konar fötlun og auk þess hefur fjöldi fólks skerta hreyfigetu vegna aldurs eða tímabundinna aðstæðna. Sérstaklega skal taka tillit til þessa við hönnun mannvirkja samkvæmt reglugerðinni.

Þá eru auknar kröfur um sjálfbærni í mannvirkjagerð, t.d. um einangrun, flokkun byggingaúrgangs, endingu og um að umhverfisáhrifum byggingarinnar sé haldið í lágmarki. Betri orkunýting er einnig sett á oddinn, sem er mikilvægt neytendamál, því þótt Íslendingar hafi löngum státað af ódýrri og endurnýjanlegri orku er ljóst að orkuverð fer hækkandi.

Neytendavernd er reyndar almennt gert hátt undir höfði því lögð er áhersla á að standa vörð um verðmætar eignir almennings með því að stuðla að endingu og hagkvæmni. M.a. er gert ráð fyrir markvissara og samræmdara eftirliti í mannvirkjagerð en áður. Þannig eru líkur auknar á því að ný hús uppfylli væntingar kaupenda og dregið úr hættu á göllum. Innleiðing gæðastjórnunarkerfa í starfsemi byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara þjóna sama markmiði. Ákvæði sem snerta þessa þætti eiga jafnframt að leiða til sparnaðar.

Öryggiskröfur eru auknar í nýju reglugerðinni, ekki síst hvað varðar öryggi barna. Sérstakur kafli er um hollustu, heilsu og umhverfi – þar sem m.a. er tekið á raka í húsum. Þá eru kröfur um hljóðvist auknar til muna, með sérstakri áherslu á skóla og aðra staði þar sem börn dvelja og einnig á sjúkrahús.

Byggingarreglugerð er dæmi um regluverk sem fæst okkar þurfa að eiga við dags daglega, en hún er gríðarlega mikilvæg, því þar eru lagðar línurnar fyrir megnið af því manngerða umhverfi sem við verjum tíma okkar í. Miklu skiptir að þetta umhverfi sé sem best úr garði gert. Nýja reglugerðin er stórt skref fram á við sem mun bæta lífsskilyrði almennings til muna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vítahringur Vestursins

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Einn ráðgjafa Clintons forseta sagðist áhugalaus um að eyða næstu jarðvist sinni sem forseti Bandaríkjanna. Hann vildi frekar endurfæðast sem skuldabréfamarkaður. Slíkir hefðu valdið, ekki Hvíta húsið. Nú sjá menn máttvana leiðtoga hinna öflugustu ríkja slaga af einum neyðarfundi á annan og bíða þess í angist að markaðir með skuldabréf opni og felli sína dóma. Sarkozy forseti er sagður viss um að stemningin á skuldabréfamörkuðum muni ráða því hver sigrar þegar fjörutíu milljónir franskra kjósenda velja þjóð sinni leiðtoga í vor. Stefna forsetans í efnahagsmálum hefur líka mótast af þeirri trú hans að einkunnagjöf matsfyrirtækja muni ráða meiru en hugsjónir frönsku þjóðarinnar. Svo er þá komið fyrir fimmta öflugasta ríki heimsins og vöggu uppreisnar hins almenna manns.

**Vitringar**

Þetta væri kannski sök sér ef matsfyrirtækin hefðu mikla vitringa á sínum snærum. En þetta eru sömu mennirnir og sannfærðu fólk um að Kaupþing væri álíka traustur skuldari og svissneska ríkið. Og töldu að Grikkland væri nærri því eins líklegt til skilvísi og Svíþjóð. Fyrir þá snilld fengu þeir mikla bónusa enda gátu menn þá keppst við að lána gríska ríkinu á lágum vöxtum. Svo voru auðvitað háir bónusar greiddir fyrir þá snilld sem þurfti til að fá fólk eins og íslenska bankamenn og gríska stjórnmálamenn til að taka við peningum á útsöluverði. Fyrir þessum ofurlaunuðu snillingum skjálfa enn öflugustu ríki heimsins.

**Trúverðugleikaeinkunn**

Nýleg skýrsla Standard & Poor's um Frakkland var ekki eins ævintýralega vitlaus og títt hefur verið um álitsgerðir matsfyrirtækja síðustu árin. Þess í stað var hún samsafn af því sem Danir kalla selvfölgeligheder. Þótt þar væri ekkert að finna sem ekki var þegar þekkt og betur hefur verið útskýrt af ritfærum blaðamönnum var lánshæfismat eins fremsta ríkis heimsins lækkað. Með því var enn aukið á vanda Evrópuríkja. Ætti ekki að vera til trúverðugleikaeinkunn fyrir matsfyrirtæki?

**Hvernig í dauðanum …**

Stjórnendur stórra vestrænna ríkja hafa af mörgum ástæðum lent í þeirri undarlegu stöðu að liggja andvaka og bíða þess hvernig stemningin verður hjá strákunum við opnun markaða. Ein er flóðalda af peningum sem myndaðist vegna þeirrar áráttu Asíumanna að leggja fyrir stóran hluta af ört vaxandi tekjum sínum. Önnur er allt ruglið sem vestrænir neytendur og stjórnmálamenn lentu í með þessa auðfengnu og ódýru peninga. Þá þriðju er að finna í misræmi á milli alþjóðlegra markaða og staðbundinna stjórnmála. Þá fjórðu er síðan að finna í vinsældum þeirrar röngu skoðunar að fjármálastarfsemi sé venjulegur atvinnuvegur sem getur vaxið öllum til akks.

**Enginn venjulegur bissness**

Sú var tíðin að hlutir voru búnir til á Vesturlöndum og seldir um víða veröld. Á þessu hvíldi velmegun þróaðra ríkja. Samkeppni við Asíu reyndist hins vegar erfið þegar sú álfa vaknaði af margslunginni martröð nýlendutímans. Framtíðin lá greinilega í þekkingu og þjónustu. Margir álitu að þar færi fjármálaþjónusta fremst. Þarfir hennar urðu að þyngdarafli í stjórnmálum líkt og áður hafði verið um þarfir iðnaðar í Evrópu eða útvegs á Íslandi. Afreglun sem hún vildi leiddi til þess að fjármálafyrirtæki gátu margfaldað peninga. Kúnstir við margföldun á peningum bjuggu auðvitað til ofsagróða. Hann glapti bæði stjórnvöld og almenning. Þarna virtist komin maskína sem bjó til auð úr stemningu og stærðfræði. Úr þessu urðu til furðuverk víða um lönd en íslenska útrásin átti þó líklega metið í kjánaskap og sjálfsblekkingu.

**Staðbundið og hnattrænt**

Bankarnir hrundu en ríkin stóðu og björguðu því sem bjarga mátti. Þrennt hefur hins vegar komið í veg fyrir að valdið færist aftur frá mörkuðum til ríkja. Eitt er að stjórnmálamenn víða um heim eru sjálfir rúnir trausti, óvíða raunar svo gersamlega eins og á Íslandi þar sem einungis tíundi hver maður treystir víst þjóðþinginu. Annað er að flest ríki Vesturlanda eru svo skuldsett að þau eru ofurseld dyntum lánamarkaða. Mikilvægustu ástæðuna er þó að finna í öllu því misræmi sem fylgir því að fjármálamarkaðir eru alþjóðlegir en pólitískt vald er staðbundið. Ríki hafa enn ekki náð saman um að hemja spilavítiseinkenni fjármálamarkaða sem þó er vel mögulegt með sköttum á viðskipti. Hagsmunir banka eru enn eins og þyngdarafl í stjórnmálum.

**Í gryfjunni**

Og nú eru menn lentir í gryfju. Allir vita að ríki Vesturlanda þurfa að fara tvær leiðir. Að auka útgjöld og að draga úr þeim. Þetta er erfitt eins og vísindamenn matsfyrirtækis ályktuðu um daginn. Niðurskurður ríkisútgjalda leiðir til samdráttar og þverrandi greiðslugetu. Aukin útgjöld dýpka gryfjuna. Þetta er vítahringur sem mörg vestræn ríki eru að lenda í. Það þarf skýrari sýn til að komast úr þeirri hringiðu en þá að reyna að geðjast mörkuðum frá degi til dags. Einkum þegar markaðir eru ekki ópersónulegir miðlarar upplýsinga, eins og þeir eiga að vera, heldur fyrirbæri sem lúta hvatakerfum og stemningu manna sem hafa litla þekkingu, þrönga sýn og enga ábyrgðartilfinningu.

# Útbrunnin umræðuhefð

Stjórnmál
Ásdís J. Rafnar
hæstaréttarlögmaður



Íslensk samskiptahefð hefur um nokkurt skeið helst gengið út á að gera þann sem er ekki sammála þér í einu og öllu að persónugervingi hins illa. Er það í sjálfu sér rannsóknarefni hvers vegna samskipti á opinberum vettvangi eru svona neikvæð og málamiðlanir og samvinna fjarlægur kostur. Um það er sem betur fer rætt þessa dagana. Hatrömm og tilfinningaþrungin samskipti manna eru engum til gagns, allra síst þjóðarskútunni. Sá heimur sem maðurinn skapar, verður spegilmynd af sjálfum honum. Stjórnmálaumræðan er hér næsta útbrunnin og öll málefni í meira lagi sundurlaus.

Það er mikilvægt að menn færi rök fyrir skoðunum sínum, því þá þjálfa þeir á sama tíma hugsun sína og skilning og jafnframt hugsun þeirra sem fylgjast með orðræðunni. Í fjölmennum samfélögum lærist mörgum snemma að virða viðurkennda samskiptasiði ef þeir vilja ná markmiðum sínum og gera samfélagið ánægjulegra. Meðal annars að sýna nærgætni, áhuga og virðingu í hvers konar mannlegum samskiptum.

Í því samhengi er fjallað um mikilvægi þess sem kallað er social capital eða félagslegur auður og við Íslendingar þurfum að rækja betur, ekki síst til að ná okkur út úr efnahagsörðugleikunum. Frelsi og jafnrétti – af hverju ekki líka bræðralag. Er það ekki misskilningur að það hugtak sé gamaldags?

Evrópusambandið er samband fullvalda lýðræðisríkja sem hafa ákveðið að hafa með sér mjög nána samvinnu. Um töku ákvarðana innan þessa samstarfs gilda ákveðnar reglur. Samvinna þeirra og ákvarðanir krefjast samráðs, samskiptahæfni fulltrúa þeirra og virðingar fyrir málefnum hverrar aðildarþjóðar. Áhugavert væri að sjá þróun íslenskrar umræðu- og samskiptahefðar í því umhverfi. Það væri góður skóli og líklega sá eini sem er í boði á því sviði.

> Í fjölmennum samfélögum lærist mörgum snemma að virða viðurkennda samskiptasiði ef þeir vilja ná markmiðum sínum og gera samfélagið ánægjulegra.

**Hvernig eflum við framtíð þjóðarinnar?**

Leita þarf allra leiða til að tryggja farsæla framtíð þjóðarinnar. Af henni höfum við áhyggjur. Eru stjórnmálaflokkarnir að efla okkur trú á betri tíð á Íslandi með blóm í haga? Hugsanlega felast mestir möguleikar í þeirri ákvörðun Alþingis að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið í þeim tilgangi að fá niðurstöðu um hvort aðild að sambandinu væri okkur hagstæð eða ekki að mati kosningabærra manna. Enginn getur sagt til um það fyrir fram hvað út úr þeim viðræðum kemur, þótt öðru sé stundum haldið fram. Það er mikilvægt að nýta þetta tækifæri til þess að yfirfara alla okkar hagsmuni gagnrýnum augum og vinna að úrbótum á þeim sviðum sem nauðsyn ber til. Spyrja í einstökum tilvikum hvernig þetta væri ef við værum aðilar að ESB! Ef til vill hafa einhverjir stjórnmálaflokkar þessar spurningar uppi innan sinna vébanda þótt það fari ekki hátt.

Ljóst má vera að meirihluti þjóðarinnar styður vestræna samvinnu. Það er því fullt tilefni til að skoða það ítarlega með sama hætti og Norðmenn hvort það sé okkur ekki fyrst og fremst til vansa að vera ekki meðal þátttökuþjóðanna af fullum þunga, í stað þess að veita einhliða viðtöku löggjöf og reglum sem þær ákveða á grundvelli EES samningsins. Annars er samanburður á aðstöðu Íslands og Noregs alltaf önugur, því staðreyndin er sú að Norðmenn eru efnaðir, en Íslendingar berjast í bökkum.

## AF NETINU

### Hefði betur verið keypt hraðskreiðari ferja í upphafi?

Mér skilst að í upphafi þess viðfangsefnis að koma á betri samgöngum við Vestmannaeyjar hafi sú hugmynd komið upp að kaupa mun hraðskreiðari ferju til siglinga til lands, allt að tvöfalt hraðskreiðari en Herjólf. Sú hugmynd hafi í snatri verið slegin út af borðinu, jarðgöngin þar á eftir og loks sæst á Landeyjahöfn, sem er og verður ónothæf allt að því hálft árið.
Ein af mótbárunum sem ég hef heyrt gegn hraðskreiðari ferju er sú, að í slæmum sjó verði að hægja á henni.
En menn hefðu þá átt að horfa á hinn kostinn, að hafa hægskreiða ferju sem getur ekki nýtt sér höfn sína hálft árið.
Það gleymist þegar ferjuleiðirnar Vestmannaeyjar-Þorlákshöfn og Vestmannaeyjar-Landeyjahöfn eru bornar saman, að það tekur klukkustund lengri tíma að aka frá Landeyjahöfn til Reykjavíkur en frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur þannig að ferðin með hraðskreiðri ferju til Þorlákshafnar tekur í heild ekki mikið lengri tíma en með ferju til Landeyjahafnar.

http://omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

### Computer says no

Þeir sem þekkja þættina, Little Britain, kannast við tóninn hjá ríkisstjórninni og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þessir aðilar afgreiða erindi Hagsmunasamtaka heimilanna á sama hátt og hin vansæla Carol Beer afgreiðir sína viðskiptavini, hvort sem þeir leita til hennar í bankanum eða á ferðaskrifstofunni. Það er stimplað eitthvað inn í tölvu og síðan sagt:
Tölvan segir nei. (Computer says no)
Engar frekari útskýringar. Engu frekara tauti komið við. Svo er hóstað í átt að kúnnanum til að hann hypji sig nú örugglega og trufli ekki meir.

http://www.pressan.is/pressupennar

**Ólafur Arnarson**



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 11 FIMMTUDAGUR OPNUM

BÓNUS
**SÚKKULAÐITERTA I KG.**




KRISTJÁNS **DJÖFLATERTA**







BÓNUS 4 STK. **KORNKUBBAR**



FERSKT SELLERI
FRÁ SPÁNI
*195 KR. KG*

## NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



BAGUETTE BRAUÐ **129 KR.**STK



LÁRPERA
**AVOCADO ER OFURFÆÐA**

Einómettuðu fitusýrurnar og næringarinnihald **avocado** hjálpa til við efnaskiptahraða líkamans og dregur úr þörfinni á ofáti. Einómettaðar fitusýrur hjálpa til við að lækka LDL kólesterólið sem oft er nefnt það slæma og þær stuðla einnig að hækkun á HDL kólesteróli sem er talið vera hið góða.

FERSKT **AVOCADO**
SÉRPAKKAÐ
*498 KR.* 750 GR



FERSKT ÍTALSKT
SPÍNAT 100G
*259 PK.*






PERUR Í LAUSU




GRAPE / GREIP




APPELSÍNUR




JONAGOLD EPLI




GUL EPLI Í LAUSU




FERSKAR SÍTRÓNUR

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BEST FYRIR: 28.FEB. 2012




**298** KR. 250G

3JA STÖRNU DÖNSK SALAMIPYLSA
3 STJERNE SALAMI 250 GR

**200 KR.** VERÐLÆKKUN

FÍNN **POTTRÉTTUR** FYRIR FJÓRA




**AÐEINS 698 KR.**
ALLUR PAKKINN / *15 MIN.* MATREIÐSLA




**1198** KR. KG

ALI **BAYONNESKINKA**
ÚR LÆRI / 1.FLOKKUR




EUROSHOPPER
**NÚÐLUR Í POKA**
85 GR /BEEF
BEST FYRIR MARS 2012
**15 KR. PK**




**498** KR. 1 KG

**498** KR. 1 KG

FROSNIR ÁVEXTIR
Í HEILSUDRYKKINN




**398** KR. 4 DÓSIR

HEINZ BEANZ
**FJÓRAR DÓSIR**
4 X 415 GR




**NÚÐLUSKÁLAR** 110GR
ÞARF AÐEINS **SJÓÐANDI** VATN Í SKÁLINA:
***NÚÐLURÉTTURINN ER TILBÚINN !***




**498** KR. 1.2 KG






**198** KR. 570 GR

HEINZ **TÓMATSÓSA**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | 1 |
| | 8 | | 6 | | 9 | | 5 | 3 |
| 5 | 3 | | | | | 9 | | |
| | | | 2 | 7 | | 8 | | |
| | 7 | | 5 | 8 | 1 | | 3 | |
| | | 4 | | 9 | 6 | | | |
| | | 5 | | | | | 1 | 8 |
| 3 | 6 | | 8 | | 2 | | 4 | |
| 9 | | | | | 7 | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 29 ER Á BONUS.IS 29

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**1995** KR. KG

KJÖRFUGL
**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**




**249** KR. 1 KG

BARILLA
**SPAGHETTI 1.KG**

# Að treysta neytendum

Tollamál

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
alþingismaður



Hvað sem líður umsókn Íslands að Evrópusambandinu er ljóst að við Íslendingar þurfum að taka tolla- og vörugjaldalöggjöf okkar til gagngerrar endurskoðunar.

Á umliðnum árum hefur neyslumynstur okkar Íslendinga breyst verulega. Frá því að bann við innflutningi á landbúnaðarafurðum var afnumið með aðild Íslands að GATT-samningnum árið 1995 hefur neysla á búvörum aukist mikið. Við borðum nú til að mynda fjórfalt meira af alifugla- og svínakjöti en í lok níunda áratugarins og hefur neysla á osti á þessum sama tíma tvöfaldast. Hins vegar miðast innflutningskvóti enn við neysluna eins og hún var á árunum 1986-1988. Breytingar á tollum vegna landbúnaðarvara eru háðar hinu pólitíska mati ráðherra hverju sinni. Þeir ráðherrar landbúnaðarmála sem vilja frekari höft og tollvernd geta því auðveldlega breytt reglum í þessa veru eftir eigin geðþótta, eins og nýleg dæmi sanna og eru breytingar sjaldan í þágu neytenda.

Lítt hefur verið tekið á vöruþróun eða tækninýjungum síðustu ára eða einfaldlega horft á það hvað neytandinn vill hverju sinni. Á það bæði við um landbúnaðarvörur sem aðra vöruflokka.

**Ógegnsæi tolla og vörugjalda**

Tollar og vörugjöld eru eitt skýrasta dæmið um ógegnsæi skattkerfisins en vörugjöldin endurspegla vel hversu óréttlát og lítt skiljanleg slík skattlagning getur verið. Og frumskógurinn er skrautlegur. Alþekkt eru dæmin um álagningu vörugjalda á brauðristar en þær eru enn skattlagðar á mismunandi hátt eftir því einu hvort brauðið fer lóðrétt eða lárétt í þær. Á brauðristar er hvorki lagður tollur né vörugjald. Á hin svonefndu samlokugrill, sem eru ekkert annað en brauðrist sem ristar brauðið lárétt, er hins vegar lagður 7,5% tollur og 20% vörugjald. Ofan á allt saman leggst svo 25,5% virðisaukaskattur.

Annað dæmi eru byggingarplötur úr gifsi sem aðallega eru notaðar sem milliveggjaplötur og njóta vaxandi vinsælda sem slíkar enda eru þær þægilegri í meðförum en spónaplötur. Gifs er einnig minni eldsmatur en viðarplötur. Gifsvörur bera hins vegar 15% vörugjald en almennt ber efni til byggingariðnaðar ekki vörugjald, þ.m.t. spónaplötur og krossviður. Á sá sem byggir raunverulegt val um byggingarefni? Svo er ekki ef hann þarf að leita hagkvæmustu leiða við framkvæmdirnar.

**Neytendavænt kerfi?**

Kerfi vörugjalda mismunar vörutegundum og hefur áhrif á val neytenda. Í sumum tilfellum eru vörugjaldsskyldar vörur ekki fluttar til landsins og í staðinn er flutt inn vara sem neytendamarkaðnum kann að hugnast síður. Markaðnum er því stýrt inn á brautir sem hann hefði ellegar ekki farið án opinberrar íhlutunar. Kerfið stjórnar óháð vilja neytandans.

Annar angi af þessum vörugjalda- og tollafrumskógi er mikill útflutningur á verslun. Með þessu tolla- og skattarugli erum við að fæla íslenska neytendur frá íslenskri verslun sem einnig þýðir fækkun starfa á Íslandi.

**Styrkjum viðskiptafrelsið**

Ein meginstoð utanríkisstefnu Íslands er að stuðla að frjálsræði í viðskiptum og treysta öfluga alþjóðasamvinnu. Fengin reynsla sýnir glöggt að Íslendingum farnast best þegar landið er opið fyrir verslun og viðskiptum við umheiminn. Öflug utanríkisverslun er forsenda hagsældar á Íslandi og því mikilvægt að haldið verði áfram á braut aukins viðskiptafrelsis. Hluti af því að treysta betur þessa þætti er að taka íslenska tollalöggjöf til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að afnema viðskiptahindranir og treysta stöðu neytenda. Við það á enginn að vera hræddur.

Nú ber svo við að í stól fjármálaráðherra er sestur þingmaður Samfylkingarinnar en sá flokkur hefur a.m.k. á tyllidögum rætt um aukið frjálsræði í þessum efnum.

Fyrir þinginu liggur tillaga frá mér og fleiri þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að taka beri tolla- og vörugjaldamálin til gagngerrar endurskoðunar. Málið er á forræði fjármálaráðherra. Formaður Vg og forveri Oddnýjar Harðardóttur í embætti var ekki líklegur til að berjast fyrir breytingum til hagsbóta fyrir neytendur á þessu sviði. Hugsanlegt er nú að breyting kunni að verða á; að nýr fjármálaráðherra sjái loks mikilvægi þess að endurskoða tollalöggjöf Íslendinga með það fyrir augum að efla viðskiptafrelsi og styrkja stöðu neytenda. Ekki veitir af.

# Um áhyggjur af mannréttindum Geirs H. Haarde

Landsdómur

Arnbjörg Sigurðardóttir
héraðsdómslögmaður



Nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga þess efnis að afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Bjarni Benediktsson, flutningsmaður tillögunnar, hefur lýst því yfir að hún sé ekki síst til komin vegna umhyggju hans fyrir mannréttindum.

Þó að málið sé mikið rætt og um það skrifað þykir mér hafa skort umfjöllun um úrskurð Landsdóms frá 3. október 2011, um kröfu ákærða um frávísun málsins. Ríkt tilefni er þó til að kynna sér úrskurðinn því þar reyndi einmitt fyrst og fremst á það hvort mannréttindi ákærða væru nægilega tryggð. Hér verður tæpt á þeim málsástæðum sem á reyndi og úrlausn Landsdóms þar að lútandi en nálgast má úrskurðinn í heild sinni og aðrar upplýsingar um málið á www.sakal.is.

**Brot gegn jafnræðisreglu að hann skyldi einn ákærður?**

Í þriðja lagi reisti ákærði kröfu sína um frávísun á því að meðferð Alþingis á tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum hafi verið verulegum annmörkum háð. Þingnefnd sem undirbjó málið hafi lagt til að höfða mál á hendur fjórum fyrrverandi ráðherrum.

Niðurstaða þingsins hafi hins vegar verið sú að höfða skyldi mál á hendur ákærða einum. Þingmenn sem að því stóðu hafi ekki haft frekari gögn til að reisa afstöðu sína á en þingmannanefndin. Þeir hafi því ekki haft málefnalegar forsendur til að víkja frá því mati þingmannanefndarinnar að höfða bæri mál á hendur fjórum mönnum. Með því að ákveða að ákæra hann einan hafi Alþingi brotið gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. jafnræðisreglunni.

Þessari málsástæðu hafnaði Landsdómur með vísan til þess að í 48. gr. stjórnarskrárinnar sé kveðið á um að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Samkvæmt því greiði þeir meðal annars atkvæði um þingmál samkvæmt sannfæringu

> Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að í Landsdómi sitji einstaklingar sem hafa umtalsvert betri þekkingu á stjórnskipunarrétti og mannréttindum en a.m.k. þorri þingmanna, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

**Ákæra ekki nægilega skýr?**

Ákærði bar því í fyrsta lagi við að vísa bæri málinu frá þar sem ákæran uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru um skýrleika slíkra skjala.

Ákæran skiptist í tvo kafla og sá fyrri var í fimm liðum. Landsdómur komst að þeirri niðurstöðu að liðir 1.1 og 1.2 fullnægðu ekki kröfum um skýrleika ákæru og var þeim vísað frá. Sérstaklega var þó tekið fram að eftir sem áður yrði litið á hina almennu lýsingu sem kom fram í lið 1.1 til fyllingar öðrum liðum ákærunnar.

Um ákæruliði 1.3, 1.4, 1.5 og 2 sagði að þar væri sakargiftum á hendur ákærða lýst með þeim hætti að ekki léki vafi á hvaða háttsemi það væri sem ákært væri fyrir og hvernig hún væri talin refsinæm að lögum.

**Málsmeðferðarreglur og refsiheimildir óljósar?**

Í öðru lagi var byggt á því að reglur um málsmeðferð fyrir Landsdómi væru ekki nógu skýrar og að það sama ætti við um refsiheimildirnar. Af þeim sökum væri ekki tryggt að ákærði fengi notið réttlátrar málsmeðferðar.

Þessum röksemdum hafnaði Landsdómur og sagði engan vafa leika á um hvernig skyldi farið með mál, hvorki á Alþingi né eftir að tillaga til þingsályktunar um að mál skyldi höfðað hefði verið samþykkt. Þá sagði að reglur um málsmeðferðina væru lögbundnar og hún fyrirsjáanleg fyrir ákærða. Reglurnar stæðu því ekki í vegi fyrir því að hann fengi notið réttlátrar málsmeðferðar eins og hann ætti rétt á samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá var það jafnframt niðurstaða Landsdóms að refsiheimildir, þ.e. tilgreind ákvæði laga um ráðherraábyrgð og almennra hegningarlaga, væru nægilega skýrar til að ákærði gæti haldið uppi vörnum gegn sakargiftum í málinu.

sinni. Segir svo: „Verður því ekki fallist á að niðurstaða atkvæðagreiðslu á Alþingi 28. september 2010 um þingsályktunartillögu um málshöfðun gegn ráðherrum hafi falið í sér brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar þótt niðurstaðan hafi orðið sú að ákærði skyldi einn, af þeim fjórum ráðherrum sem tillagan tók til, sæta ákæru.“

**Ekki við hæfi að Alþingi endurskoði afstöðu Landsdóms**

Tillaga Bjarna Benediktssonar byggir fyrst og fremst á sömu málsástæðum og Landsdómur hefur þegar tekið afstöðu til í ofangreindum úrskurði. Felur tillagan það því í raun í sér að Alþingi endurskoði niðurstöður Landsdóms.

Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að í Landsdómi sitji einstaklingar sem hafa umtalsvert betri þekkingu á stjórnskipunarrétti og mannréttindum en a.m.k. þorri þingmanna, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Bæði af þeim sökum og vegna grundvallarreglunnar um þrískiptingu ríkisvaldsins verður að telja fráleitt að Alþingi taki efnislega úrlausn Landsdóms til endurskoðunar með þeim hætti sem lagt er til.

Þá liggur fyrir að ákærði hefur alla burði til að verjast í málinu; hann hefur prýðisgóðan verjanda sem hefur m.a. notið aðstoðar prófessora í lögum við undirbúning málsvarnarinnar, velunnarar og vildarvinir hafa safnað í sjóð til að greiða málskostnað hans, auk þess sem engin ástæða er til að efast um að Landsdómur kunni mannréttindalögfræði.

Sé formanni Sjálfstæðisflokksins annt um réttindi borgaranna, svo sem réttinn til réttlátrar málsmeðferðar, get ég t.d. bent honum á að raunverulegt tilefni er til að hafa áhyggjur af því að efnalítið fólk geti ekki gætt réttinda sinna fyrir dómi vegna þess hve möguleikar á gjafsókn eru takmarkaðir.


Menntaráðstefna

Fimmtudaginn 2. febrúar stendur **epli.is** fyrir skólaráðstefnu á Grand hótel í Reykjavík.

Fulltrúar frá ýmsum skólum landsins koma og segja frá fjölbreyttu starfi sínu með Apple tölvum og tækni. Boðið verður upp á vinnustofur varðandi námsefnisgerð og iPad byrjendanámskeið.



**Dagskrá**

**Fyrir hádegi** (örfá sæti laus)
Norðlingaskóli
Langholtsskóli
Hagaskóli
Myllubakkaskóli
Hjallastefnan
Aðalþing leikskóli o.fl.

**Eftir hádegi**
Daryl Hawes frá Apple Inc.
Rasmus Borch frá sveitarfélaginu Odder
Vilborg Einarsdóttir frá InfoMentor
Rakel Sölvadóttir frá Hjallastefnunni

Skráning og nánari dagskrá:
www.epli.is/radstefna

epli.is

# Rýmingarsala

## á parketi, hurðum, plastparketi og harðparketi

Smellið ykkur til okkar í einn stærsta sýningarsal landsins með frábært úrval af parketi. Þetta er bara brot af því sem við höfum upp á að bjóða.

**Eikar Harðparket**
Eik Alabama
3990 kr. m²
með listum og undirlagi
Eik Holm hvíttuð
3990 kr. m²
með listum og undirlagi

**Harðparket**
Eik Quik step
2990 kr. m²
Eik hvíttuð Quik step
2990 kr. m²

**Plastparket**
Reykt eik HARD planki
1190 kr. m²
Eik hvíttuð planki HARD
1990 kr. m²

GÓLFEFNALAGERINN

Kíktu við á ódýra parketlagernum okkar sem hefur að geyma alls kyns afganga og restar af parketi, plastparketi, harðparketi, hurðum, flísum og dúkum á ótrúlegu verði.

**Eikar innihurðir**
42.000 pr stk
karmur hurð og geregti

HARÐVIÐARVAL

Ekki missa af þessu!

Harðviðarval | Krókhálsi 4 | s: 567 1010 | www.parket.is

# Sýndarsamráð við foreldra

Menntamál

Friðborg Helgadóttir
bankastarfsmaður



Frá því að umræður um sameiningu skóla í Grafarvogi hófust hefur að mati íbúa lítið raunverulegt samráð verið haft við þá. Þegar fyrstu hugmyndirnar litu dagsins ljós var meginástæða sameiningarinnar sögð vera fjárhagsleg hagræðing en nú er meiri áhersla lögð á faglegan ávinning. Ekki hefur þó tekist að sannfæra foreldra barna í Hamraskóla, sem eiga frá og með næsta hausti að sækja Foldaskóla, sem heildstæðan safnskóla á unglingastigi, um að þessi markmið náist og þeir eru mjög mótfallnir áformunum. Þeir hafa komið athugasemdum sínum á framfæri á ýmsum vettvangi, m.a. á opnum fundum og í stýrihópi um sameininguna, en á þær hefur ekki verið hlustað.

bara þá sem eiga börn í skólanum. Fasteignaverð gæti lækkað og eignir þyngst í sölu.

Strætó gengur ekki inn í Hamrahverfi og hefur ekki gert í nokkur ár. Ekki hafa fengist svör við því hvernig á að bregðast við því, hvort setja eigi á laggirnar skólabíl og hvort hann eigi að ganga fram á kvöld þegar börn í Hamrahverfi eiga að sækja frístundastarf í frístundamiðstöð í Foldaskóla en augljóst er að frístundamiðstöðinni í Hamraskóla verður lokað ef engin er unglingadeildin. Við blasir að umferð úr Hamra- og Bryggjuhverfi yfir í Foldahverfi mun snaraukast ef þrír árgangar úr þessum hverfum þurfa að sækja skóla þar. Þeir sem aka Fjallkonuveg daglega hlakka sjálfsagt ekki til að fá þessa viðbót við umferð þar á álagstímum.

Við Hamraskóla er starfrækt deild fyrir einhverf börn. Þau börn þar sem eru að fara yfir á unglingastigið og foreldrar þeirra eru í fullkominni óvissu um hvað tekur við. Festa og öryggi skipta

> Ef skólinn er óhagstæð rekstrareining nú verður hann varla hagkvæmari þegar einungis 7 árgangar verða þar eftir. Þá gæti verið stutt í að skólanum verði bara lokað.

Ástæður þess að foreldrar eru mótfallnir því að leggja niður unglingadeild Hamraskóla eru margvíslegar. Ef skólinn er óhagstæð rekstrareining nú verður hann varla hagkvæmari þegar einungis 7 árgangar verða þar eftir. Þá gæti verið stutt í að skólanum verði bara lokað. Það hefur áhrif á þá sem hafa verið að horfa til þess að flytja í hverfið. Hamraskóli hefur komið best allra skóla í Reykjavík út úr heildstæðu mati á skólastarfi og hefur í því ljósi verið aðdráttarafl fyrir fólk með börn á skólaaldri. Hamraskóli með enga unglingadeild verður það varla. Þegar svo er komið eru breytingarnar farnar að hafa áhrif á alla húseigendur í hverfinu, ekki öll börn máli en eru einhverfum börnum lífsnauðsynleg. Velferð þeirra og allra barna í hverfinu er í húfi en fyrirhugaðar breytingar eru til þess fallnar að draga úr henni, flækja líf íbúa hverfisins og draga úr gæðum þess.

Foreldrar og aðrir íbúar í Hamrahverfi hafa boðað til opins fundar um framtíð Hamraskóla og Hamrahverfis á sal skólans í kvöld kl. 19.30. Þangað hefur verið boðið embættismönnum og kjörnum fulltrúum. Íbúar ætla að freista þess að fá svör við spurningum sem enn er ósvarað og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Íbúar eru hvattir til að mæta og standa vörð um velferð barna sinna og framtíð hverfisins síns.

ÖFLUGIR VINNUÞJARKAR




109.900 m/vsk
Fullt verð 124.900

94DCK296CS
BORVÉL 18V, OG SKRÚFVÉL 10V
13mm patróna | 2 x 1,5Ah Li-Ion | 2 gírar | Led ljós
1/4" Hex | 2 x 1,3Ah Li-Ion | 8 Nm | Sterk taska

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# Sjálfstæðisflokkurinn og eignarhald á kvóta

Sjávarútvegsmál

Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Fróðlegt verður að sjá hvernig þingmenn stjórnarandstöðunnar munu bregðast við náist að leggja fram heildstætt (fiskveiðistjórnar) frumvarp. Þá þurfa þeir að svara þeirri spurningu hvort þeir séu andsnúnir því að kvótinn verði færður í hendur þjóðarinnar; en þannig mun málið verða lagt upp.“ Þannig skrifar Kolbeinn Óttarsson Proppé í fréttaskýringu í Fréttablaðinu föstudaginn 13. janúar sl.

Þessari spurningu er auðsvarað. A.m.k. hvað varðar okkur í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Í fyrsta lagi þá er mér ekki kunnugt um að það hafi staðið sérstakur ágreiningur við okkur um eignarhald á fiskimiðunum eða fiskistofnunum. Kvótinn er fiskveiðiréttur með þeim réttindum og takmörkunum sem lagasetningin hefur markað. En einhverra hluta vegna hafa ýmsir úr núverandi ríkisstjórnarliði viljað leggja málið upp þannig að um eignarþátt fiskveiðistjórnarlaganna sé ágreiningur. Það hefur hentað í stundarpólítískum tilgangi, en er hins vegar innistæðulaust með öllu.

Hér get ég vísað í ummæli og skrif okkar þingmanna flokksins almennt og ekki síst greinar og ræður Bjarna Benediktssonar formanns Sjálfstæðisflokksins.

Einnig má rifja upp frumvarp sem Geir H. Haarde, þáverandi formaður flokksins, flutti með Jóni Sigurðssyni, þáverandi formanni Framsóknarflokksins, um breytingu á Stjórnarskránni. Frumvarpstextinn var eftirfarandi: „Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.“

Af öllu þessu má ráða afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessarar spurningar sem í fréttaskýringinni er talið að verði kjarni nýrra fiskveiðistjórnarlaga.

### Ótrúlega mislagðar hendur

Hitt er svo annað mál að ríkisstjórninni hafa verið afar mislagðar hendur varðandi endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna. Vantaði þó ekki að til ráðslags voru kvaddir báðir formenn stjórnarflokkanna, tveir aðrir ráðherrar að auki og sex þingmenn. Alls tíu stjórnarliðar úr þingflokkum þeirra. Afraksturinn var einhver skelfilegasta hraksmán sem lengi hefur litið dagsins ljós á Alþingi í frumvarpsformi. Finnst nú enginn lengur sem þessari afurð mælir bót og fleyg hafa reynst orð utanríkisráðherra sem líkti þessu sköpunarverki stjórnarflokkanna við bílslys.

### Tillögur okkar Sjálfstæðismanna

Við Jón Gunnarsson alþm., sem sátum í þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, skiluðum frá okkur ítarlegu áliti á frumvarpinu. Okkar niðurstaða var í skemmstu máli þessi:

1. Setja beri í stjórnarskrá ákvæði er lúti að eignarhaldi þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni.

2. Gerðir verði nýtingarsamningar við núverandi fiskveiðiréttarhafa. Samningstími taki mið af öðrum nýtingarréttarsamningum sem til dæmis verða gerðir við þá er nýta orku í eigu ríkisins. Tryggt verði að tímalengdin stuðli að langtímahugsun og arðbærri fjárfestingu í sjávarútvegi, en dragi ekki úr henni eins og tillögur frumvarpsins gerðu svo ómótmælanlegt. Í samningunum verði að finna skýr endurnýjunarákvæði. Fyrir afnotaréttinn komi gjald er renni til ríkisins.

3. Til staðar verði félagslegir, atvinnulegir og byggðalegir pottar og magn þeirra bundið við það hlutfall af úthlutuðum aflaheimildum sem hér var til staðar við fiskveiðiáramótin 2009/2010. Tæki þetta magn því þeim breytingum sem leiðir af úthlutuðu heildaraflamarki.

4. Þá verði hluta veiðigjalds, sem á næsta ári er áætlað níu milljarðar króna, varið til þess að stuðla að eflingu innviða og annars atvinnulífs í sjávarútvegsbyggðunum. Það töldum við réttlætismál því að öllum má vera ljóst að sú þróun í átt að aukinni afkastagetu og hagræðingu, í vinnslu og veiðum, sem er innbyggð í aflakvótakerfið, geti haft neikvæð áhrif á einstakar byggðir, eins og reynslan sýni okkur.

### Í samræmi við tillögur sáttanefndarinnar

Þetta eru nokkur helstu atriðin sem við höfum lagt áherslu á. Þessi sjónarmið eru í fullu samræmi við meginniðurstöðu svokallaðrar sáttanefndar og getur því að okkar mati verið grundvöllur skynsamlegrar endurskoðunar á fiskveiðistjórnarlögunum, sem í senn leiði til minni ágreinings og stuðli að áframhaldandi framförum í atvinnugreininni.

# Mismunun unga fólksins

Fjármál

Ferdinand Hansen
faðir og ábyrgðarmaður



Eyjólfur Bjarnason
faðir og ábyrgðarmaður



Á góðærisárunum fram til 2008 var ungt fólk hvatt til að kaupa sér húsnæði í stað þess að taka það á leigu. Bankar og aðrar fjármálastofnanir börðust um hylli fólks og buðu ungu fólki, sem var að kaupa sína fyrstu eign, lán sem í mörgum tilvikum dugðu fyrir öllum kaupunum. Fólki var sagt að það væri ekkert áhyggjuefni þó að fjármögnunin væri 100% lánsfé því að fasteignin stæði alltaf undir lánunum.

Hins vegar velta ýmsir því fyrir sér um þessar mundir hvort 90 til 100% lán til íbúðarkaupa sé ein af ástæðunum fyrir þeim vanda sem margt ungt fólk stendur nú frammi fyrir vegna íbúðakaupa. Þessu erum við ekki sammála því að flest ungt fólk hefur alltaf þurft að taka 90 til 100% lán til fyrstu íbúðarkaupa. Það hefur bara verið spurning hvort það hafi fengið allt lánið á einum stað og hvort það hefur mátt veðsetja viðkomandi eign sem því nemur.

Hér áður fyrr fór fólk, sem var að kaupa sína fyrstu eign, milli lánastofnana og kríaði út það sem hægt var á hverjum stað, jafnvel út á nafn foreldra og annarra ættingja. Ef foreldrarnir voru aflögufærir lögðu þeir unga fólkinu lið með lánum eða veðum og síðan var allnokkur hluti fenginn að láni hjá seljandanum til tiltekins árafjölda. Þegar fór að hilla undir lok góðærisins kom upp svipuð staða þegar lánastofnanir vildu ekki lengur lána með allt að 100% veði í fasteigninni sjálfri og unga fólkið þurfti aftur að leita á náðir foreldra og annarra til að brúa bilið með því að fá lánað veð í fasteign þeirra.

Ekki leikur nokkur vafi á að lánveitendum var að fullu ljóst að verið væri að lána 90 til 100% af kaupverði tiltekinnar eignar en þeir settu það skilyrði að útvega þyrfti traustara veð en fólst í viðkomandi eign einni saman.

### 110% reglan.

Nú hafa veður skipast í lofti og aðstæður allt aðrar en þegar margir þeirra sem nú eru í vandræðum skuldbundu sig til lífstíðar með kaupum á nýrri íbúð. Íbúðaverð hefur lækkað, eftirstöðvar lána hafa hækkað, bilið milli launa og afborgana breikkað og greiðslubyrðin orðin miklu þyngri en svörtustu spár gerðu ráð fyrir. Fjármálastofnanir hafa brugðist við með því að gefa fólki kost á afskriftum lána niður í 110% af verðmæti eigna.

En ekki sitja allir við sama borð því að nú eru þeir, sem stóð til boða að taka 90 til 100% lán með veðsetningu í viðkomandi eign, lánsamari en hinir sem neyddust til að fara gömlu leiðina og fá lánuð veð hjá ættingjum og vinum til að eiga sömu möguleika á að koma sér þaki yfir höfuðið.

Nú er verið að afskrifa lánin á forsendum veðanna sem hvíla á viðkomandi fasteign en ekki út frá forsendum skuldarinnar sem hvílir á viðkomandi lántaka vegna íbúðakaupanna. Skuld unga parsins, sem var sannanlega tekin til íbúðakaupanna og hvílir sem veð á fasteign foreldranna, fæst ekki tekin með í uppgjörið.

Hver eru rökin fyrir þessari ósanngjörnu og óskynsamlegu mismunun? Hún er óréttlát og henni þarf að eyða. Þar sem sannanlega er hægt að sýna fram á að lán með veðum hjá foreldrum eða öðrum ættingjum hafi verið notuð til íbúðakaupa á að taka öll lán inn í 110% regluna til að allir sitji við sama borð.

### Mismununin á enn eftir að aukast.

Allar líkur eru á að mismununin eigi eftir að aukast þegar fasteignaverð hækkar. Tökum gróft dæmi til skýringar. Aðili A, sem nýtur góðs af 110% reglunni, á fasteign sem metin er á 20 milljónir króna en á henni hvílir 29 milljóna króna skuld. Hann fær niðurfellingu samkvæmt 110% reglunni að hámarki 7 milljónir en eftir situr skuld sem nemur 22 milljónum króna. Nú hækkar fasteignaverð og hann selur eignina á 25 milljónir í vasa.

Ef sama dæmi er yfirfært á aðila B, sem þurfti að fá veð að láni er niðurstaðan allt önnur. Hann situr uppi með sömu skuld og áður og ennþá neikvæða eignamyndun. Mismunurinn nemur 8 milljónum króna. Má ekki öllum vera ljóst (líka þeim sem hvöttu lántakendur og komu þeim í þetta klandur) að þetta er bæði ósanngjarnt og óskynsamlegt og þarf að leiðrétta án tafar.



**Stórmerkileg skikkja** var sýnd í London á dögunum. Skikkjan er handofin úr sérstæðum gullnum silkiþráðum köngulóar. Nicholas Godley og Simon Peers hönnuðu og ófu skikkjuna. Um 1,2 milljónir köngulóa ófu þráðinn og nærri átta ár tók að fullklára flíkina.




**Tilboð - stakar stærðir –**



Misty – fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 3366**
**Þú mætir - við mælum og aðstoðum**
**www.misty.is**
**Opið frá 10-18 virka daga.**
**10-14 laugardaga**
**Vertu vinur**

teg 9065 - létt fylltur í B C skálum á kr. 2.500,-
buxur í stíl á kr. 1.000,-

Eirberg
Verslaðu á vefnum · Frí sending að 20 kg · 1 árs skilaréttur
**Rýmingarsala 40%**
afsláttur af völdum HOMEDICS vörum
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

**ÚTSÖLULOK**
**60-70% AFSLÁTTUR**
**AF FATNAÐI OG SKÓM**



Vertu vinur okkar á Facebook
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



**Sprengisandur**
BYLGJAN 989
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


**Harpa Einarsdóttir fatahönnuður er á leið til New York að kynna Zisku, vetrarlínu sína fyrir 2012.**



# Þúsundþjalasmiður

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég er að klára vetrarlínuna mína núna, prótótýpurnar þurfa að vera tilbúnar eftir viku," segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður þegar blaðamaður spyr hana frétta. „Svo verður allt myndað fyrir „lookbook" sem ég fer með beint til New York og kynni línuna. Svo taka við söluferðir um allan heim," bætir hún við.

Harpa hannar undir merkinu Ziska og vann fyrstu hönnunarkeppni Reykjavík Runway sem var haldin síðasta sumar. Reykjavík Runway framleiðir Zisku og fór sumarlínan í sölu, meðal annars í New York. „Við munum einbeita okkur að Evrópu og Bandaríkjunum til að byrja með," útskýrir Harpa og segir línurnar tvær afar ólíkar. „Vetrarlínan er mjög dimm og mikill svartigaldur í henni meðan litirnir voru líflegir og ljósir í sumarlínunni. Við lentum í smá töfum vegna digitalprentunar í sumarlínunni en nú er búið að leysa það og allt komið á fullt. Svo eru einnig komin drög að sumarlínu fyrir 2013," segir Harpa og hefur greinilega í nógu að snúast en hún hannar einnig föt fyrir NTC auk þess sem hún stíliseraði nýjasta tölublað Nýs lífs og hannar plötuumslög.

„Það þýðir ekkert annað en að vera þúsundþjalasmiður ef maður ætlar að lifa af þessum bransa á Íslandi," segir Harpa og hlær. Hún viðurkennir þó að útþráin blundi í henni. „Sólin í Kaliforníu heillar. Ég er orðin þreytt á öllum þessum kulda og leiðist að skafa af bílnum."

*heida@frettabladid.is*


**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**ÚTSÖLULOK**
**20-70%**
**AFSLÁTTUR**
**af völdum vörum**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Skiptidýnur,**
**útlitsgallaðar dýnur**
**og sýningardýnur**
**Lök, pífur, hlífðardýnur,**
**sængurverasett og fleira**

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is



**Listhúsinu Laugardal, 581 2233**
**Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00**
**laugardaga 12.00 - 16.00**



**Hollywood-stjörnur** hafa margar hverjar spreytt sig á hönnun tískulína. Jessica Alba er hins vegar á allt annarri línu því hún hefur nú hannað umhverfisvænar bleyjur og aðrar vörur fyrir smábörn undir heitinu Honest Co.

# Ungt fólk fær orðið

**Lúkkið er samheiti nýs bloggs og -blaðs þar sem framhaldsskólanemar og annað ungt fólk fjallar með sínum hætti um útlit og tísku.**

„Hugmyndin er að gefa framhaldsskólanemum og öðru ungu fólki tækifæri til tjá sig um tísku og útlit. Það geta allir verið með enda eiga tíska og útlit ekki bara að vera einkamál fárra heldur vettvangur allra," segir Sigrún Ásgeirsdóttir, ritstjóri Lúkksins, nýs bloggs og blaðs þar sem ungt fólk skrifar sjálft greinar, tekur viðtöl og ljósmyndir.



Sigrún Ásgeirsdóttir ritstjóri Lúkksins.

Að sögn Sigrúnar er blaðinu ætlað að draga upp mynd af tísku framhaldsskólanema á Íslandi. „Hver framhaldsskóli fær opnu með myndum og stuttum viðtölum við nemendur, sem eru fulltrúar fyrir tískuna í sínum skóla," útskýrir hún og getur þess að blaðið muni koma út tvisvar á ári eða einu sinni á hvorri skólaönn. Bloggið, lukkid.is, verði hins vegar uppfært reglulega með aðsendum greinum og myndum frá ungu fólki og birtist undir höfundarnafni. „Þetta er fín starfsreynsla og þeir sem skrifa í blaðið geta fengið afhent viðurkenningarskjal, sem vel fer á að eiga í ferilskránni og bloggararnir líka ef þeir vilja."

Sigrún segist lengi hafa alið með sér þann draum að stofna tískublað sem fjallar eingöngu um tísku og ungt fólk og er laust við allt slúður. „Sjálf vildi ég óska þess að slíkt blað hefði boðist á mínum menntaskólaárum. En svo hefur tíminn liðið og lítið gerst að mínu mati þannig að ég ákvað að ríða á vaðið um leið og færi gafst," segir Sigrún, sem hefur starfað sem prentsmiður um árabil, þar á meðal á helstu dagblöðum landsins og segir þá reynslu nú koma að góðu notum.



Bloggútgáfan af Lúkkinu hefur þegar litið dagsins ljós og þar eru farnar að birtast innsendar myndir frá ungu fólki.
MYND/HEIÐDÍS GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

En hvernig hafa viðtökurnar verið? „Góðar," svarar hún. „Ég er þegar komin í samband við bloggara sem vilja vera með fasta dálka og nokkrir skólar hafa lýst yfir áhuga á að vera með í blaðinu sem lítur dagsins ljós í fyrsta sinn í mars og verður dreift í skólana sem taka þátt. Þannig að það virðist vera góður hljómgrunnur fyrir þessu."

*- rve*

# Þáttur um unga Carrie

**Í undirbúningi er gerð kynningarþáttar um líf Carrie Bradshaw á unglingsaldri á níunda áratugnum.**

Carrie Bradshaw er aðalpersóna hinna vinsælu þátta og kvikmynda Sex and the city. Nú hefur verið ákveðið að búa til kynningarþátt fyrir CW-sjónvarpsstöðina sem einnig hefur framleitt þætti á borð við Gossip Girl og One Tree Hill. Frá þessu greinir tískuvefsíðan www.elleuk.com.

Þættirnir, sem munu kallast The Carrie Diaries, eiga að fjalla um Carrie á unglingsaldri og mun því tíska níunda áratugarins svífa yfir vötnum. Ekki hefur enn verið ákveðið hver á að leika hina tískumeðvituðu stúlku en nöfn á borð við Blake Lively, Elizabeth Olsen og Selenu Gomez höfðu verið nefnd þegar hugmynd að kvikmynd með sama efni var til umræðu.

Ekki hefur heldur verið ákveðið hver mun sjá um búningana í þáttunum en eins og í Sex and the city er ljóst að fötin munu spila stóra rullu.



*- sg*



Systurnar Sienna og Savannah Miller eru hættar sem listrænir stjórnendur tískumerkis síns Twenty8Twelve. Þær hafa starfað saman í sex ár en ákváðu að leita nú á önnur mið. Sienna er til dæmis ófrísk og mun því helga sig móðurhlutverkinu á næstunni. Tískumerkið verður þó áfram til og verður stjórnað af hönnunarteymi.

www.dailymail.co.uk/femail
























Sígilt að sumra mati en einhæft og hefðbundið að áliti annarra.

# Einfaldleikinn í öllu sínu veldi

**Fallega sniðin klæði í afgerandi litum einkenna vor- og sumarlínu franska hönnuðarins Stéphanes Rollands. Skiptar skoðanir virðast þó vera á þessu nýjasta útspili meistarans.**

Einfaldleikinn var allsráðandi á tískusýningu Stéphanes Rollands í París í vikunni. Franski fatahönnuðurinn sýndi þar línu fyrir komandi vor og sumar en hún einkenndist af fallega sniðnum kjólum í nokkrum litum og lítt unnum fataefnum.

Svartur og beinhvítur voru áberandi, líka rauður og límónugrænn og flíkurnar að mestu lausar við útsaum og annað „dúllerí" og fylgihluti, þó voru þær stundum skreyttar með brjóstskildi og mittisbandi. Markmið Rollands virtist þannig vera að vekja athygli á fegurð efnanna sjálfra þar sem ýmis afbrigði af silki voru í öndvegi.

Ekki eru þó allir á eitt sáttir um útkomuna. Sumir segja línuna vitnisburð um snilli Rollands en aðrir eru á því að einmitt fyrir ofangreindar sakir hafi sýningin verið of einföld og tilbreytingarlaus. *- rve*







# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

---

**XPRENT** -merkir allt!

**Umhverfismerkingar.**
**Bíla- og gluggamerkingar.**
**Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.**

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

---

**NÁMSKEIÐIN OKKAR ERU AÐ HEFJAST.**

GLERBRÆÐSLA, LEIRMÓTUN, LEIRSTEYPA, GLERSKARTGRIPIR OG SKARTGRIPAGERÐ.MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI.

**WWW.GLIT.IS**

**GLIT**

Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

---

## Naglaskóli Neglur og list

Boðið er uppá námskeið í naglaásetningu.
Námskeiðið hefst 30. janúar.
Kennari Rósa Björk Hauksdóttir - margfaldur íslandsmeistari. Verð 185.000 kr, innifalið er startpakki með öllu.

**Innritun hafin á negluroglist.is og í s. 553 4420.**

---

**Nú fer hann kólnandi**

Fáðu þér fjarstart í bílinn og njóttu þess að vera til.
Tilboð kr. 26.500

Dalvegur 16b s: 5542727

Hugna.is

---

**Face lift massage**
**Andlitsnudd**

Árangursrík nuddmeðferð
Meðferð til betra útlits og vellíðunar. Hentar öllum aldurshópum og báðum kynjum.

Engin krem eða olíur.

Arnhildur S. Magnúsdóttir • S: 8955848 • Beauti bar • Höfðatún 2.

---

## Útsalan er hafin

**Ynja** UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Hellulagnir*
- *Jarðvegsvinna*
- *Öll almenn- verktakavinna*

**BROTAFL**
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

*Brotafl ehf*
*Símar 894 8040*
*894 8044*
*Fax 565 0050*
*Netfang: brotafl@simnet.is*

---

***Lífgaðu upp á tilveruna.***

Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.

**EFNISSALAN EHF.**

EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

---

***Lok á heita potta***

***Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum.***

***Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is***

---

**CMT ORANGE TOOLS**

**CMT sagarblöð og fræsitennur**

**Ásborg** vélar verkfæri

Smiðjuvegi 11 S 5641212

---

**BRA**
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS**

**Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510**

**TOYOTA-*þjónusta*** **www.bilasprautun.is**

---

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**

**LP VERK ehf.** BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!

**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**

***Varahlutaþjónusta***

***VÉLANAUST ehf***

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

---

**IVECO**

**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**

**VélRás**

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

## SPARAÐU BENSÍN!

**Metan uppfærðu bílinn þinn**

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða

bigas

**VélRás** Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

---

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

LOK Á HEITA POTTA
FJARÐARBÓLSTRUN
SÍMI 8644188

**Sérsaumum einangrunalok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.**
**Flatahraun 29, 220 Hfj. fjardarbolstrun@gmail.is**
**www.fjardarbolstrun.is**

---

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
**ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR**

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

---

# Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

---

- *Hjólbarðaviðgerðir*
- *Smurþjónusta*
- *Bremsur*
- *Demparar*
- *Rafgeymar*
- *o.fl.*

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

***GENERAL HJÓLBARÐAR***

---

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

**ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?**

**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

---

# Alla fimmtudaga

**gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is**

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

**Þorrastemming í Esjuhlíðum!**
**Komdu með hópinn þinn í Esjustofu og upplifðu fjallastemmingu á þorra, bjóðum þorraveislur/ eða salarleigu fyrir 20 - 50 manns.**
**Nánar á esjustofa@esjustofa.is eða s. 565-3200**

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Tek að mér alla alhliða málningarvinnu. Hörkuduglegur og sanngjarn í verði. Endilega hafið samband í síma 6607601 eða e-mail vidirv@simnet.is Víðir Víðisson

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur




## Nudd

Slökunar nnudd, Reykjavík 101, 857 0740.

## Spádómar




**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil og bolla. Les árur. Sími 863 2261 Jóna Jóns.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu







**FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA**
10 -35 % afsláttur af öllum saltkristalsvörum til janúarloka. Verið velkomin. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is




Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun






ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni

s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

ICELANDIC COURSES - 1-4. INFOS AT www.lingva.is, tel. 663-7163. Start next Monday

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Ýmislegt til sölu vegna fluttninga. Sófasett á 60þús. Fristikista á 40þús. Rúm á 15þús. Uppl. í s. 857 3052.

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar undan verðlaunahundum með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Afhendast líf og sjúkdómatryggðir í ár. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Stúdíó-stúdíóherbergi með aðgengi að öllu. Hverfi 105. Allt innifalið. Uppl. í s. 776 5441.

Til leigu 3. herb. íbúð á jarðhæð í Hraunbæ 88 fm. Laus 1. feb. Leigist í eitt ár. Uppl. sendist á eo@simnet.is

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 50þ. Uppl. í s. 895 0482.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Vesturbær**
Til leigu herbergi með aðg. að eldhúsi, baði og þvottavél í 101. Uppl. 892-9512.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

## Húsnæði óskast

45 ára Einstaklingur óskar eftir íbúð í Rvk. 50 - 70 fm. Eingöngu langtímaleiga. Uppl. í 698-6505

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sölu og markaðsfulltrú**
**Óskum eftir sölu og markaðsfulltrúa sem hefur haldgóða þekkingu á markaðsmálum og markaðssetningu. Þarf að vera skipulagður og með góða söluhæfileika.**
**Áhugasamir sendi nánari upplýsingar ásamt ferilskrá á haefileiki2012@gmail.com Öllum umsóknum verður svarað!**

Vanan mann vantar á hjólbarðaverkstæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Barðinn Hjólbarðaverkstæði, Skútuvogi 2. Sími 568 3080.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar, uppl gefur Bjarni í 662-6163 eða bjarni@tmi.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál






LOKADAGAR LOKADAGAR

HÁTALARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR LOKADAGAR

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

HRÆRIVELAR ORBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVELAR FRYSTIKISTUR RAKVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**
**Whirlpool ofnar helluborð**
**og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
**42" sjónvörp frá 99.995**
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18**
OPIÐ LAUGARDAGA 11-16

**Heimilistæki**
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST indesit DeLonghi Whirlpool

## Styrkir

# Styrkir í boði fyrir sprotafyrirtæki og frumkvöðla

**Í boði eru fimm styrkir til náms í Viðskiptasmiðjunni á vorönn 2012. Sérstaklega er verið að leita eftir verkefnum á sviði upplýsingatækni.**

Viðskiptasmiðjan er farvegur fyrir frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækja til að móta verðmæta viðskiptahugmynd, skapa trúverðugt teymi og framtíðarsýn fyrirtækis sem miðar að vexti og árangri. Viðskiptasmiðjan er hönnuð fyrir fyrirtæki sem eru í rekstri en vilja efla eða umbreyta rekstrinum og frumkvöðla sem eru að móta viðskiptahugmynd sína eða þróa fyrirtækið.

Í umsókninni þarf að koma fram lýsing á hugmynd eða fyrirtæki og ferilskrá umsækjanda

**Umsóknum skal skilað rafrænt á póstfangið klak@klak.is.**

Vorönn Viðskiptasmiðjunnar – Hraðbrautar nýrra fyrirtækja hefst 30. janúar. **Nánari upplýsingar um Viðskiptasmiðjuna er að finna á klak.is.**

klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

VIÐSKIPTA SMIÐJAN

Klak · Ofanleiti 2 · 103 Reykjavík · Sími 490 1000 · www.klak.is

## Námskeið

NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR miðstöð símenntunar

### Námskeið á vorönn 2012

Mistöð símenntunar í Hafnarfirði býður upp á fjölbreytt, lærdómsrík og skemmtileg námskeið nú á vorönn 2012.

**Meðal námskeiða sem er boðið upp á:**

- **TUNGUMÁL:** Enska, danska, norska, hollenska, ítalska, franska o.fl.
- **ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA**
  Islandzki dla audzoziemców
  Icelandic as a second language
- **HANDVERK OG LISTIR:** Blýantsteikning, olíumálun, myndlist/börn, glerbræðsla o.fl.
- **HANNYRÐIR:** Fatasaumur, hekl, notað og nýtt o.fl

HEILSA – ÚTLIT - HREYSTI: Förðun, hár og fegurð – léttar greiðslur.

- **TÖLVUR OG REKSTUR:** Almennt tölvunám, excel, facebook o.fl.
- **TÓNLIST :** Trommur, gítar, bassi, hljómborð, blokkflauta o.fl.
- **GARÐYRKJUNÁMSKEIÐ:** Trjá og runnaklippingar og vorverkin í garðinum.
- **FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI**
- **STARFSRÉTTINDANÁMSKEIÐ FYRIR DAGFORELDRA**

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860 og á netfanginu nhms@hafnarfjordur.is

Ný námskrá vorannar 2012 er aðgengileg á netinu: **www.nhms.is**

## Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Unnarbraut 17 – Seltjarnarnesi.
**Efri sérhæð með bílskúr**



**Opið hús í dag frá kl. 17.30-18.30**
Glæsileg 201,8 fm. efri hæð að meðtöldum 32,6 fm. bílskúr í þríbýlishúsi á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin var nánast öll endurnýjuð að innan á afar vandaðan hátt. Vönduð lýsing. Stór eyja í eldhúsi. Bjartar samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir Sjónvarpsstofa. Útsýnis nýtur bæði til suðurs og vesturs. **Verð 50,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin sölumaður verður á staðnum.**

### Boðaþing 10 Kópavogi
**2ja og 3ja herb. íbúðir fyrir 55 ára og eldri**




**2ja og 3ja herb. Einstakt tækifæri !**
**2 Nýjar ÍBÚÐIR 55 ára og eldri.**
Stærð 93.9 fm. og 123.9 fm á 2. hæð
Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna
Til afhendingar strax.
Glæsilegar vandaðar Íbúðir í nýju lyftuhúsi.
**Verð 26,4 og 31,9 millj.**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET Sími 510-3800**

## Atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Rekstur veitingasölu í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

**Óskað er eftir aðila til að taka að sér veitingarekstur í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar að Strandgötu 34, Hafnarfirði.**

Kaffistofan býður upp á ýmsa möguleika en er fyrst og fremst hugsuð sem þjónusta við gesti listamiðstöðvarinnar en hefur sérstaka inngan og er öllum opin. Veitingasalan þarf að vera opin eigi skemur en á opnunartími Hafnarborgar og þegar tónleikar, fundir, ráðstefnur eða aðrir viðburðir eru í húsinu. Vinnuaðstaðan býður upp á framreiðslu á kaffiveitingum og léttum málsverðum.

Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili taki til starfa sem fyrst.

Allar frekari upplýsingar um þetta verkefni veitir forstöðumaður Hafnarborgar Ólöf K Sigurðardóttir í síma 585-5790

Áhugasamir skili tillögum fyrir 1. febrúar í Hafnarborg eða Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar. Áætlað er að ákvörðun um val á samstarfsaðila liggi fyrir í febrúar 2012.

## Tilkynningar

### Úthlutun vegna afnota á bókasöfnum

Af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 91/2007 og reglur nr. 323/2008. Athygli er vakin á að formálar sem nema að lágmarki 36 bls. og safnrit þar sem hlutur hvers höfundar nemur að lágmarki 36 bls. svo og hljóðrit og stafrænar útgáfur bóka sem samsvara að lágmarki 36 bls. í prentuðu formi veita rétt til greiðslu samkvæmt sérstakri umsókn. Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum á heimasíðu Rithöfundasambands Íslands, www.rsi.is/greidslur_vegna_bokasafna/

**Umsóknarfrestur er til 16. febrúar.**

Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfundar

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!




vísir

## Atvinna

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

Reyndur blaðamaður óskast til að taka að sér spennandi og nýtt verkefni í útgáfu. Stúdentspróf er skilyrði, en háskólapróf er æskilegt. Verður að geta unnið sjálfstætt.

*Umsóknir óskast sendar á karl@birtingur.is*

**Birtíngur er stærsti útgefandi tímarita á Íslandi.**

Markmið Birtíngs er að bjóða upp á ánægjulega skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna með útgáfu vandaðra tímarita þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Tímaritin eru öll í fremstu röð og hafa notið mikilla vinsælda íslenskra lesenda í áraraðir.

MANNLÍF Heilsan SAGAN ÖLL Gestgjafinn SÉÐ OG HEYRT NÝTT LÍF júlía VIKAN HÚS OG HÍBÝLI

# RÝMINGARSALA! LÆKKAÐ VERÐ!

## VALIN SÝNINGAREINTÖK, SKILAVARA OG ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI Á MIKIÐ LÆKKUÐU VERÐI! KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!

**MISMUNANDI ÚRVAL Í HVERRI VERSLUN**
**ELKO LINDUM – ELKO SKEIFUNNI– ELKO GRANDA**




## VERULEGIR AFSLÆTTIR!

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN



LINDIR SKEIFAN GRANDI

GILDIR FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOSÉ MOURINHO,** þjálfari Real Madrid (1963) er fæddur þennan dag.
*„Ég elska vinnuna. Ég nýt hverrar mínútu í starfi mínu.“*

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Elísdóttir**
Lækjasmára 58, Kópavogi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 14. janúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Ásta Kristjánsdóttir** **Ísleifur Tómasson**
**Elín Hrefna Kristjánsdóttir** **Friðþór Kr. Eydal**
**Auður Kristjánsdóttir** **Snorri Pálmason**
**Bára Kristjánsdóttir** **Bergþór Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýhug vegna fráfalls ástkærrar eiginkonu, móður, ömmu og langömmu,*

**Sesselju Guðrúnar Þorsteinsdóttur (Deddý)**

sem lést miðvikudaginn 28. desember.

**Einar Emil Finnbogason**
**Guðrún Ásta Einarsdóttir** **Gísli Sverrisson**
**Ómar Einarsson** **Svanlaug R. Finnbogadóttir**
**Viðar Einarsson** **Auður Á. Markúsdóttir**
**Örn Einarsson** **Karólína Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Helgason**
Mýrarvegi 111, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 20. janúar. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.30. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri. (heimahlynning.net).

**Snjólaug F. Þorsteinsdóttir**
**Ólína E. Jónsdóttir** **Halldór M. Rafnsson**
**Þorsteinn St. Jónsson** **Hildur Edda Ingvarsdóttir**
**Helgi Rúnar Jónsson** **Olga Hanna Möller**
**Margrét Elfa Jónsdóttir** **Arnór Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Sævar Þór Þórisson**

lést þriðjudaginn 17. janúar á sjálfsbjargarheimilinu Hátúni 12, Reykjavík.
Útförin fer fram frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 28. janúar klukkan 14.00.

**Ævar Rafn Þórisson** **Aðalheiður Halldórsdóttir**
**Viðar Örn Þórisson** **Kristín Ásgeirsdóttir**
**Edda Una Þórisdóttir** **Björn Gísli Halldórsson**
**Snorri Sturluson** **Gerður Guðmundsdóttir**
**Sóley Björk Sturludóttir** **Grétar Þór Pálsson**
**og frændsystkini.**

---



**FAGNA MEÐ FYRIRLESTRARÖÐ** Elías Gunnarsson, framkvæmdastjóri Stoðar, segir ánægjulegt að geta boðið upp á fyrirlestra í tilefni afmælis fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STOÐTÆKJAFYRIRTÆKIÐ STOÐ: FRÆÐSLUFUNDIR Í TILEFNI ÞRÍTUGSAFMÆLIS

## Fyrirtækið breytist í takt við breytt heilsufar þjóðarinnar

Stoðtækjafyrirtækið Stoð hf. heldur upp á þrjátíu ára afmæli á þessu ári. Til að halda upp á tímamótin stendur fyrirtækið fyrir opnum fræðslufundum allt árið og fer sá fyrsti fram í dag.

„Við ætlum að segja frá helstu stoðog hjálpartækjum í þessum fyrirlestrum sem eru opnir öllum en eru einkum ætlaðir fólki úr heilbrigðisgeiranum, svo sem sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum, og svo viljum við gjarnan sjá nemendur í þessum greinum líka,“ segir Elías Gunnarsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Þeir Sveinn Finnbogason og Þórir Jónsson stoðtækjafræðingar ríða á vaðið með fyrirlestrinum „Stutt við bakið“ sem fjallar um helstu lausnir í bakbeltum og bolspelkum. Fyrirlestrarnir verða alls ellefu á árinu og fjalla um stoðtæki frá ýmsum sjónarhornum,“ segir Elías en þess má geta að fyrirlestrarnir fara fram hjá Stoð í Trönuhrauni 8.

Fyrirtækið Stoð var stofnað árið 1982 af tveimur stoðtækjafyrirtækjum og hefur vaxið hægt og bítandi. „Við höfum alla tíð einbeitt okkur að stoðtækjum ýmiss konar, spelkum og gervilimum. Á árunum 2000 til 2002 stofnuðum við svo nýja deild hér sem sér um hjálpartæki ýmiss konar og í kjölfar þess stækkaði fyrirtækið.“

Elías segir helstu breytingarnar sem hafa orðið á starfsemi fyrirtækisins undanfarin 30 ár tengjast breytingum á heilsufari þjóðarinnar. „Lömunarveiki og klofinn hryggur þekkjast til dæmis ekki lengur og ekki þarf því að aðstoða fórnarlömb þeirra. En aðrir sjúkdómar hafa tekið við eins og sykursýki og offita. Svo eldist þjóðin vitanlega.“

Frekari upplýsingar um afmælisdagskrá fyrirtækisins og fyrirlestra er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.stod.is. sigridur@frettabladid.is

---



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Sigurður Bjarnason frá Vigur**
alþingismaður, ritstjóri og sendiherra,

lést í Reykjavík 5. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, mánudaginn 30. janúar, kl. 13.

**Ólöf Pálsdóttir**
**Hildur Helga Sigurðardóttir**
**Ólafur Páll Sigurðsson**
**Óðinn Páll Ríkharðsson**

---



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Guðjón Árnason**
Erluási 68, Hafnarfirði,
áður frá Bern, Ólafsvík,

andaðist á Landspítala (Borgarspítala) 11. janúar. Útförin fór fram í kyrrþey frá Hafnarfjarðarkirkju þann 20. janúar. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sambýlið Erluási 68, Hafnarfirði.

**Viktoría Þóra Árnadóttir**
**Sigurbjörg Árnadóttir og fjölskylda.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Hjálmars Arnar Jónssonar.**

**Elísabet Ásta Dungal**
**Gunnar H. Arnarson**
**Elísabet Arnardóttir** **Hjálmar G. Theodórsson**
**Anna Berglind Arnardóttir Dungal** **Victor Strange**
**Jón Örn Arnarson** **Margrét Helga Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir (Steina Petra)**
Sunnuhlíð, Stöðvarfirði,

verður jarðsungin frá Stöðvarfjarðarkirkju laugardaginn 28. janúar kl. 14.

**Ingimar Jónsson** **Guðmunda Ingibergsdóttir**
**Elsa Lísa Jónsdóttir** **Magnús Aðils Stefánsson**
**Sveinn Lárus Jónsson** **Þórunn Björg Pétursdóttir**
**Þórkatla Jónsdóttir** **Jón Lúðvíksson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** tala, **6.** skóli, **8.** sjór, **9.** hvíld, **11.** nudd, **12.** hlutdeild, **14.** krapi, **16.** skóli, **17.** æxlunarkorn, **18.** arða, **20.** stefna, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fiska, **3.** hljóm, **4.** jarðbrú, **5.** húsfreyja, **7.** þjóðsaga, **10.** að, **13.** tækifæri, **15.** bata, **16.** samræði, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** tólf, **6.** fg, **8.** mar, **9.** lot, **11.** nú, **12.** aðild, **14.** slabb, **16.** ma, **17.** gró, **18.** ögn, **20.** út, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT:** **1.** afla, **3.** óm, **4.** landbrú, **5.** frú, **7.** goðsaga, **10.** til, **13.** lag, **15.** bóta, **16.** mök, **19.** nr.




LÍFIÐ HEFST Á MORGUN

Lífið

– FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Æfðu þig, barn, æfðu þig

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Ég man vel hvað ég hugsaði á mínum fyrstu tónleikum átta ára gömul: „Hvað er ég að gera fyrir framan allt þetta fólk?" Í fátinu sem varð eftir að ég hafði klárað að spila lagið mitt gleymdi ég nótunum á píanóinu. Rak tánna fast í þegar ég hljóp til baka að ná í þær.

**TÆRNAR** passaði ég eftir þetta en fór engu að síður í netta tilvistarkreppu á hverjum einustu tónleikum. Nemendum bar að koma reglulega fram og ég kveið þessu tónleikabrölti iðulega. Kennararnir voru mér ósköp góðir en ég skildi ekki af hverju við þurftum að vera að troða þetta upp á aðventunni og vorin og hvenær sem fólki datt í hug. Af hverju varð maður nauðsynlega að geta spilað fumlaust fyrir framan troðfullan sal? Ekki ætlaði ég mér að verða tónlistarmaður.

**HEFÐI** ég þá getað spyrnt niður fæti? Hugsanlega. En þegar maður er barn þá gerir maður bara það sem ætlast er til af manni. Og þá þrælar maður sér í gegnum skala og fingraæfingar og mætir vikulega í fyrirlestra í tónfræði, jafnvel þótt manni finnist þetta allt ósköp fjarlægt tónlistarnáminu sem maður hafði hug á.

**MIG HAFÐI** langað að læra að spila alls kyns lög á píanó – taka til dæmis þekkt lög og spila þau eftir eyranu, leika lög sem aðrir kynnu að syngja, prófa kannski að semja sjálf. Píanóáhugi minn dó hins vegar á endanum í tónfræðitímum og tónfræðiprófum, með páfagaukalærdómi, stigsprófum og tækniæfingum. Ég spilaði á endanum ekki af gleði heldur skyldurækni – til að æfa mig fyrir tónleika eða próf.

**TÓLF** ára gömul hafði ég haldgóða þekkingu á flókinni tónfræði en ekki hugmynd um hvernig pikka mátti upp lög eftir eyranu eða búa til bassalínu við þau. Kunni bara að spila eftir nótum. Klassísk, þung verk. Hafði aldrei samið lag (alltaf á fullu við að æfa skala) og var hætt að hafa nokkuð gaman að því að setjast við píanóið. Sagði skilið við hljóðfærið hálfnuð með níunda bekk.

**JÁ, ÉG VEIT:** Nám af þessu tagi hentar ýmsum. Og já, ég veit að skalar og aðhald eru nauðsynleg upp að einhverju marki. Ég veit hins vegar því miður um fullt af börnum sem hætt hafa í tónlistarnámi komin með upp í kok. Einhvers staðar mitt í áherslunni á endalausan dugnaðinn týndist gleðin. Börn eiga eins og fullorðnir að fá að stunda tómstundir sér til gamans – ekki fyrst og fremst til að verða atvinnumenn eða litlir snillingar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

USB 3.0
VIRKAR EINNIG Á ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE

### 2TB FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi

**24.900**

10X MEIRI HRAÐI MEÐ USB3



NÝTT SJÓÐHEITT VAR AÐ LENDA

FLAKKARI KORTALESARI MYNNISLYKILL

### 1TB FLAKKARI

1TB Hitachi LifeStudio Desk Plus flakkari með 4GB minnislykli og er jafnframt minniskortalesari

**16.900**

STÓRSNIÐUG NÝJUNG !



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

3 LITIR

### 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**14.900**

750GB 17.900 • 1TB 19.900

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# Nýtt Skyr.is

Skyr.is og Skyr.is drykkurinn eru nú í nýjum og glæsilegum umbúðum sem skreyttar eru myndum af íslenskum fjöllum. Vörurnar hafa verið uppfærðar til að svara kröfum nútímans um heilnæmar og bragðgóðar vörur.

Vörðurnar á umbúðunum eru tákn um að heilbrigður lífstíll er ferðalag. Taktu Skyr.is með þér.




## Fyrir þá sem hugsa um heilsuna

Skyr.is er fitulaust, próteinríkt og uppspretta kalks og fjölmargra vítamína og steinefna. Hægt er að neyta Skyr.is hvar og hvenær sem er og það hentar vel í alls konar boost drykki.

Skyr.is með glærum lokum og rauðum borða er kolvetnaskert. Það er án viðbætts sykurs og því tilvalið fyrir þá sem vilja minnka kolvetnin og hitaeiningarnar í fæðunni.

## Ert þú með SKYR markmið?

Okkar markmið fyrir árið 2012 var að uppfæra Skyr.is fyrir nýja tíma. Í leiðinni bjuggum við til nýja Skyr.is heimasíðu sem gengur út á að sýna hvað það er gagnlegt að setja sér markmið til að ná árangri í hverju því sem þú tekur þér fyrir hendur.

**Meira um nýtt Skyr.is og SKYR markmið á www.skyr.is.**




## SKRÁARGATIÐ®
**– norræn matvælamerking**

Norræna matvælamerkið *skráargatið* auðveldar þér að velja holla matvöru. Vörur með skráargatinu verða að uppfylla ákveðin næringarviðmið og er merking fyrir þær matvörur sem teljast hollastar í sínum fæðuflokki. Skyr.is drykkirnir eru fyrstu íslensku mjólkurvörurnar sem eru merktar með skráargatinu.




Markmið:
AÐ SKÍÐA NIÐUR
STÓLINN Í SVARFAÐARDAL
Í HNÉDJÚPUM PÚÐURSNJÓ, HRATT!
BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON

# menning

menning@frettabladid.is

**ÍSLENSK SAMTÍMAVERK** og erlend fá að hljóma á opnunartónleikum Myrkra músíkdaga í dag. Danska tónskáldið Hans Abrahamsen er sérstakur gestur Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessum tónleikum og er nýja hljómsveitarverkið hans, 10 sinfóníur, samið að hluta fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig verða flutt verk Huga Guðmundssonar, Atla Ingólfssonar, Iannis Xenakis og Giacinto Scelsi. Hljómsveitarstjóri er Ilan Volkov.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 26. janúar 2012**

### → Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina Betra líf í Odda 101 í Háskóla Íslands. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### → Tónlist

**12.15** Myrkir Músíkdagar, tónlistarhátíð á vegum Tónskáldafélags Íslands, hefst með tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu. Allur ágóði rennur í minningarsjóð Kristjáns Eldjárns gítarleikara.



**17.00** Setningartónleikar Myrkra músíkdaga í húsnæði RÚV, Efstaleiti 3. Flutt verða verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Huga Guðmundsson, Þuríði Jónsdóttur og Atla Heimi Sveinsson. Tónleikunum er útvarpað á Rás eitt. Ókeypis aðgangur.

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur á opnunartónleikum Myrkra músíkdaga í Eldborg, Hörpu.

**21.00** Hljómsveitin Contalgen Funeral stígur á stokk á kreppukvöldi á Bar 11. Að venju opnar húsið klukkan 21:00 og strax eftir tónleika sveitarinnar mætir DJ á svæðið. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Raftónleikar í Norðurljósasal Hörpu sem eru hluti Myrkra músíkdaga.

### → Fyrirlestrar

**20.00** Bandaríski myndlistargagnrýnandinn og fræðimaðurinn Eleanor Heartney hefur fyrirlestraröð á vegum Bandaríska sendiráðsins á Íslandi. Fyrirlestrarnir verða reglulega í vetur og fara fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

### → Myndlist

**16.00** HUXI! Samsýning Hugleiks Dagssonar og Arnar Tönsberg opnar í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna Þverholti. Markmið þessarar sýningar er að vekja unglinga til umhugsunar um myndlist og vinnuna á bakvið verkin. Listamennirnir sýna teiknimyndasöguverk og graffitíverk.

**17.00** Ísak Óli opnar sýningu í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Skáldsaga eftir Guðrúnu Evu og fræðirit um Jón Sigurðsson þóttu best

**Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Verðlaun í flokki fagurbókmennta komu í hlut Guðrúnar Evu Mínervudóttur fyrir bókina Allt með kossi vekur en í flokki fræðirita hlaut Páll Björnsson verðlaunin fyrir bók sína Jón forseti allur?**



**PÁLL OG GUÐRÚN EVA** Verðlaunahafarnir ánægðir að afhendingu lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Ég er ótrúlega glöð, það er svo gott fyrir þessa bók að fá verðlaunin, þau munu setja kastljós á verkið og veita því aukalíftíma sem skiptir mig miklu máli, mig langar mjög mikið til þess að það berist sem víðast og verði lesið af sem flestum,“ sagði Guðrún Eva Mínervudóttir þegar ljóst var að hún hafði hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bók sína Allt með kossi vekur.

Verðlaunin voru afhent í 23. sinn í gær. Forseti Íslands afhenti þau við hátíðlega athöfn sem fram fór á Bessastöðum.

Guðrún Eva segir einstaklega ánægjulegt að hafa fengið verðlaunin í ár, enda hafi sérlega margar frambærilegar bækur komið út. „Þetta var þvílíkt bókaflóð góðra bóka og því sérlega ánægjulegt fyrir mig að hafa fengið verðlaunin. Ég var mjög ánægð með þessa bók og leyfði mér í fyrsta sinn að vona að ég fengi verðlaunin, veit svo sem ekki af hverju vonin læddist inn í hjarta mitt en hún gerði það samt,“ segir Guðrún Eva sem hefur áður verið tilnefnd tvisvar sinnum til verðlaunanna. Spurð hvort hún sé byrjuð á nýju verki segir Guðrún Eva svo ekki vera. „Yfirleitt tekur það mig langan tíma að komast í gang því ég legg svo hart að mér á lokaspretti bókanna. Síðasta ár var svo einstaklega annasamt, ég lauk síðasta yfirlestri bókarinnar tveimur dögum áður en ég hélt utan á bókamessuna í Frankfurt, Skaparinn kom út á þýsku og því þurfti að fylgja eftir.“ Að lokinni törninni kom frumburður Guðrúnar Evu í heiminn 16. nóvember. „Þá var ég mátulega búin að gera mitt til að kynna bókina og hef einbeitt mér að því að sinna henni. Yfirleitt skrifa ég niður hugmyndir í vasabók áður en ég hef vinnu við næsta verk, en það hefur farið lítið fyrir því núna. En það er ágætis hvíld fyrir hausinn að sinna dótturinni og gengur bara mjög vel.“

Í flokki fræðirita komu bókmenntaverðlaunin í hlut Páls Björnssonar sem hlaut þau fyrir bók sína Jón forseti allur? Páll segir verðlaunin hafa komið þægilega á óvart. „Öll verkin komu sterklega til greina þannig að ég átti ekki endilega von á þessu.“

Páll fjallar í bók sinni um framhaldslíf Jóns Sigurðssonar, hvernig minningarnar um Jón hafa gengið í endurnýjun lífdaga í gegnum tíðina. „Ég var með þetta verk í vinnslu í mörg ár, byrjaði á forvinnunni fyrir sjö til átta árum en einbeitti mér að því síðustu tvö til þrjú árin,“ segir Páll sem einnig starfar sem lektor við Háskólann á Akureyri.

Páll kannaði þekkingu Íslendinga á Jóni Sigurðssyni í tengslum við útkomu bókarinnar sem gefin var út í tilefni 200 ára fæðingarafmælis þjóðhetjunnar. „Tæp 90 prósent þátttakenda sögðu mikilvægt að halda minningu hans á lofti, en þegar spurt var um hvað hann hefði afrekað þá gat tæpur þriðjungur ekki sagt til um það, sem er áhugavert.“

Páll hefur ekki sagt skilið við rannsóknir á arfleifð Jóns og merkingu. „Ég á mjög mikið efni og ætla að halda áfram að vinna úr því með kennslunni.“

Fimm bækur voru tilnefndar í hvorum flokki fyrir sig eins og venja er. Í dómnefnd sátu þau Árni Matthíasson sem var formaður, Viðar Eggertsson og Þorgerður Elín Sigurðardóttir.

sigridur@frettabladid.is

**MIKIÐ ÚRVAL**

**... af notuðum fötum ...**

**Fatabúð Hjálpræðishersins**
Garðastræti 6, Reykjavík.
**Opin alla virka daga**
**kl. 13.00 – 18.00.**




# Áfalli lýkur aldrei

„Ástæða þess að þetta verk er spennandi fyrir Borgarleikhúsið og okkur sem listamenn er að það spyr brýnnar spurningar: Hvort mennskan geti lifað það af að horfast í augu við hryllinginn,“ segir Jón Páll Eyjólfsson, leikstjóri verksins Eldhafs eftir Wajid Mouwad sem frumsýnt er á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld.



**JÓN PÁLL EYJÓLFSSON**

Atburðarás Eldhafs er í stórum dráttum á þá leið að tvíburarnir Símon og Janine, sem leiknir eru af Guðjóni Davíð Karlssyni og Láru Jóhönnu Jónsdóttur, missa móður sína en með hlutverk hennar fer Unnur Ösp Stefánsdóttir. Við lestur erfðaskrárinnar kemur í ljós að systkinin eiga föður á lífi og bróður sem þau vissu ekki af. Þau fá það verkefni, samkvæmt hinstu ósk móðurinnar, að afhenda föðurnum og bróðurnum umslag í eigin persónu. „Þar hefst barátta verksins þar sem fortíð móðurinnar afhjúpast, en hún reynist ekki sú kona sem hún sagðist vera. Sannleikurinn er oft svo hræðilegur að það er ekki hægt að segja hann, heldur verður að uppgötva hann,“ útskýrir Jón Páll.



**SÍMON** Guðjón Davíð Karlsson fer með burðarhlutverk í Eldhafi í Borgarleikhúsinu. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Leikstjórinn segir Eldhaf í grunninn fjalla um nauðsyn þess að hafa hugrekki til að halda á sársaukanum, hversu óhugnanlegur sem hann er, því sá hæfileiki geri okkur að manneskjum. „Áfalli lýkur aldrei. Við erum alltaf í áfalli, en reynum annað hvort að gleyma því eða verðum sterkari með því að takast á við það. Nútímamaðurinn sér hrylling stríðs og hamfara á hverjum degi. Maður veltir fyrir sér hvar samfélagið er statt þegar ungir hermenn í Afganistan hafa verið þjálfaðir til að brjóta stærsta tabúið af öllum, að drepa aðra manneskju, en svo verður fólk hissa og hneykslast á því þegar myndband birtist af þeim að kasta af sér þvagi á lík óvinarins. Svo hitt, sem sló mig enn meira, að þegar myndbandið var sýnt þurfti að setja svart yfir getnaðarlimina á þeim. Þá þurfti að ritskoða og vernda okkur. Mannskepnan er á skrýtnum stað og ekki góðum.“ -kg

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
2011

# *Til hamingju, Guðrún Eva!*

SKÁLDSAGA GUÐRÚNAR EVU

## ALLT MEÐ KOSSI VEKUR

HLÝTUR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2011






**„Guðrún Eva hefur enn og aftur skapað seiðmagnað skáldverk sem fellur seint í gleymsku.“**

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

**„Guðrún Eva hefur löngu sannað að hún er einn okkar frjóasti og frumlegasti höfundur og hefur einstakt lag á því að sýna samskipti fólks í nýju og óvæntu ljósi.“**

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

**„... hiklaust ein af athyglisverðustu og sterkustu skáldsögum þessa árs.“**

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is





## > Í SPILARANUM

**Craig Finn** - Clear Heart Full Eyes
Leila - U&I
**Gonjasufi** - MU.ZZ.LE
First Aid Kit - The Lion's Roar

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Trommur á uppboði

Tony McCarroll, fyrrum trommari Oasis, hefur sett á uppboð trommurnar sem hann notaði við upptökur á fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Definitely Maybe. Fótboltakappinn Wayne Rooney er sagður áhugasamur um að tryggja sér trommurnar.

McCarroll yfirgaf Oasis í fússi árið 1995 og höfðaði fjórum árum síðar mál gegn Gallagher-bræðrunum. Hann taldi sig ekki hafa fengið nógu stóran bita af kökunni og á endanum sættust bræðurnir á að borga honum rúmar eitt hundrað milljónir króna gegn því að hann sliti öll tengsl sín við sveitina.

Síðan þá hefur McCarroll haft sig lítið í frammi þar til nú. Ágóðinn af sölu trommusettsins fer að hluta til í hans vasa en einnig til góðgerðasamtaka tengdri tónlist. Uppboðinu lýkur í lok næsta mánaðar.



**OASIS** Oasis í byrjun árs 1995. Tony McCarroll er annar frá hægri. NORDICPHOTOS/GETTY




## > PLATA VIKUNNAR

Valgeir Guðjónsson - Spilaðu lag fyrir mig

★★★★

„Öll þekktustu lög Valgeirs Guðjónssonar í þreföldum afmælispakka." -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Franskt hágæðapopp*

Ein af þeim plötum sem náðu hátt á árslista frönsku tónlistarmiðlanna fyrir árið 2011 var E Volvo Love með hljómsveitinni François and the Atlas Mountain. Ég varð mér úti um eintak í upphafi nýs árs og viti menn! Þetta er frábær plata, hágæða indípopp með smá afrískum áhrifum.



**HEITUR** François Marry er kominn á samning hjá Domino Records.

François Marry hefur verið að búa til tónlist lengi. Hann er fæddur og uppalinn í smábænum Saintes á vesturströnd Frakklands. Hann bjó um tíma í Bordeaux, en flutti árið 2003 til Bristol á Englandi. Þar spilaði hann m.a. á trompet með hljómsveitinni Camera Obscura og gerði sína fyrstu plötu, Les anciennes falaises árið 2004. Ári seinna varð hljómsveitin Atlas Mountain til og árið 2006 sendi hún frá sér vínylplötuna The People to Forget. Árið 2008 sneri François aftur til Saintes og gerði þar plötuna Plaine inondable sem kom út 2009.

Hljómsveitin The Atlas Mountain er í dag fjögurra manna sveit. Platan E Volvo Love var tekin upp í Saintes, Bordeaux og Bristol. Hún hefur alþjóðlegt yfirbragð, en textarnir eru bæði á frönsku og ensku. Sú leið að syngja til skiptis á móðurmálinu og ensku á sömu plötunni (og jafnvel í sama laginu) er alltaf að verða vinsælli, enda gefur hún tónlistarmönnum tækifæri til að halda sérkennum þjóðtungunnar, en ná líka til stærri hóps.

E Volvo Love kom út í Frakklandi í fyrra en var að koma út alþjóðlega nú í vikunni. Það var breska útgáfan Domino Records sem gaf hana út og er François and the Atlas Mountain fyrsta franska bandið á samningi hjá Domino. Fram undan er svo stíf tónleikaferð. Flott sveit. Kannski tilvalið að fá hana á næstu Airwaves-hátíð?



**LOKSINS NÝ PLATA** Átta ár eru liðin síðan síðasta plata Leonards Cohen kom út. NORDICPHOTOS/GETTY

# Loksins ný plata frá Cohen

**Kanadíski tónlistarmaðurinn og ljóðskáldið Leonard Cohen gefur í næstu viku út sína fyrstu plötu í átta ár. Hún nefnist Old Ideas og hefur að geyma tíu ný lög.**

Tólfta hljóðversplata kanadíska tónlistarmannsins Leonards Cohen og sú fyrsta í átta ár, Old Ideas, kemur út í næstu viku. Hún hefur að geyma tíu ný lög, þar á meðal smáskífulagið Darkness.

Þessi mikilsvirti lagahöfundur og ljóðskáld fæddist í Montréal í Kanada 1934. Þegar Cohen var 33 ára ákvað hann að flytja til Bandaríkjanna til að hefja tónlistarferil því honum fannst hann ekki þéna nógu mikið sem rithöfundur. Hann varð hluti af Factory-hópnum sem var í kringum listamanninn Andy Warhol og samdi lagið Suzanne sem Judy Collins gerði vinsælt. Það var að finna á fyrstu plötu hans, Songs of Leonard Cohen. Sú næsta, Songs from a Room, hafði að geyma annað þekkt lag eftir Cohen, Bird on a Wire.

> **200** tónlistarmenn í það minnsta hafa gefið út eigin útgáfu af laginu Hallelujah, eftir Cohen.

Á milli tónleikaferða hélt hinn barítónraddaði Cohen áfram að gefa út vandaðar plötur en hann var ekki ánægður með þá fimmtu sem hann gerði með upptökustjóranum Phil Spector, Death of a Ladies' Man. Sú sjötta, Recent Songs, er aftur á móti í uppáhaldi hjá honum og í þetta sinn prófaði hann sjálfur að stjórna upptökunum.

Sjöunda plata Cohen, Various Positions, hafði að geyma lögin Dance Me to the End of Love og hið heimsþekkta Hallelujah, sem John Cale og Jeff Buckley tóku síðar meir upp á sína arma.

Árið 1988 kom út þekktasta plata Cohens, I´m Your Man. Þar breytti hann um stefnu, varð poppaðri og notaði hljóðgervla og tvö vinsælustu lögin, First We Take Manhattan og Ain´t No Cure for Love, færðu Cohen nær meginstraumnum. Á tíunda áratugnum gaf hann aðeins út eina plötu, The Future, og voru þrjú lög af henni notuð í kvikmyndinni Natural Born Killers.

Cohen hefur glímt við þunglyndi meirihluta ævi sinnar og auk ástarsöngva voru fyrstu verk hans mörkuð af hugleiðingum tengdum þunglyndi og sjálfsvígi. Stríðsrekstur og pólitískt og félagslegt réttlæti hefur einnig verið honum hugleikið, sérstaklega í síðari verkum.

Árið 2008 lagði Cohen af stað í sína fyrstu tónleikaferð í fimmtán ár og lauk henni 2010 eftir að hafa fengið mjög góðar undirtektir. Ekki hefur verið ákveðið með aðra tónleikaferð til að fylgja nýju plötunni eftir. Kannski spilar aldur Cohens inn í en áttræðisafmæli hans er ekki langt undan.

freyr@frettabladid.is




## LAGALISTINN

Vikuna 19. - 25. janúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | *King and Lionheart* |
| ▲ | 3 | Lana Del Rey | *Born To Die* |
| ▲ | 4 | Amy Winehouse | *Our Day Will Come* |
| ▼ | 5 | Dikta | *What Are You Waiting For?* |
| ▲ | 6 | Hjálmar | *Borð fyrir tvo* |
| ▼ | 7 | Florence & The Machine | *Shake It Out* |
| ▼ | 8 | Gotye / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▲ | 9 | Lana Del Rey | *Video Games* |
| * | 10 | Retro Stefson | *Qween* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 19. - 25. janúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▼ | 2 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 3 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 4 | Adele | *21* |
| ▼ | 5 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |
| ▼ | 6 | Lay Low | *Brostinn strengur* |
| ▶ | 7 | Stebbi og Eyfi | *Fleiri notalegar ábreiður* |
| ▼ | 8 | Hjálmar | *Órar* |
| ▶ | 9 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▼ | 10 | Gus Gus | *Arabian Horse* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

70

epal

Í DAG, Á MORGUN,
LAUGARDAG OG
Á SUNNUDAG

# ALLT AÐ
# SJÖTÍU
# PRÓSENTA
# AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

25% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM
50% AF SÝNINGARRÚMUM

Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

## > HLAKKAR TIL AÐ SJÁ HOBBITANN

Leikarinn Elijah Wood hlakkar til að sjá myndina The Hobbit en myndin á að koma út seint á þessu ári. Wood snýr aftur í hlutverki sínu sem Frodo Baggins en hlutverkið er lítið að þessu sinni. „Vegna þess hversu lítið hlutverkið mitt er í myndinni get ég verið fullkomlega hlutlægur og get hlakkað til eins og hver annar aðdáandi,“ segir Wood en hann fór með aðalhlutverkið í myndunum um Hringadróttinssögu. Wood er ekki eini leikarinn sem snýr aftur í myndinni, en Cate Blanchett, Orlando Bloom og Ian McKellan koma einnig fyrir.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Stórmyndir frumsýndar

Á morgun fá Íslendingar loksins að berja augum hina umtöluðu kvikmynd The Descendants með George Clooney í aðalhlutverki en bæði myndin og aðalleikarinn hafa hlotið verðlaun og tilnefningar, nú síðast í Óskarsverðlaunakapphlaupinu mikla. Clooney þykir sýna stjörnuleik sem lögfræðingurinn Matt King sem þarf að takast á við föðurhlutverkið þegar eiginkona hans fellur í dá eftir mótorhjólaslys. Hann kemst að því að hann hefur vanrækt dætur sínar alltof lengi og fær áfall þegar hann kemst að því að kona hans hefur verið honum ótrú. Myndin gerist á Hawaii og þykir sýna ferðamannaparadísina í nýju ljósi.



**STRÍÐSHESTURINN** Tilfinningaþrungin mynd frá leikstjóranum þekkta Steven Spielberg er frumsýnd á morgun.

Myndin Stríðshesturinn eða War Horse eftir leikstjórann Steven Spielberg er einnig frumsýnd á morgun en hún fjallar um tengsl piltsins Alberts og hestsins Joey. Þegar hesturinn er sendur til bardaga í fyrri heimsstyrjöldinni, eltir Albert hann í von um að bjarga hestinum. Myndin hefur fengið prýðis dóma og á ekki að skilja neinn eftir ósnortinn en með aðalhlutverk fara Jeremy Irvine og Emily Watson.

Spennumyndin Man on a Ledge er frumsýnd á morgun en þar eru leikararnir Sam Worthington, Jamie Bell og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ungan mann sem hótar að fleygja sér fram af háhýsi á meðan stærsta demantarán sögunnar fer fram. Ekta spennumynd frá leikstjóranum Asger Leth.

## KVIKMYNDARÝNI

★★☆☆☆
**J. EDGAR**
Óttalega bitlaust og klént. Lestu frekar um J. Edgar Hoover á Wikipedia.



**CLOONEY GÓÐUR** Clooney er sterkur leikari og fyrir vikið verður Matt King spennandi persóna.

★★★★★
**THE DESCENDANTS**
Ímynd Hawaii verður aldrei söm í mínum augum, en nú langar mig ennþá meira að fara þangað.

★★★☆☆
**THE IRON LADY**
Ágæt hugmynd en útfærslunni er ábótavant. Streep gerir áhorfið þó vel þess virði.

★★★★☆
**MY WEEK WITH MARILYN**
Kaflaskipt en þrælgóð mynd um eina þekktustu konu síðustu aldar.

- hva

# HREINRÆKTUÐ SPENNUMYND

**Spennumyndin The Grey verður frumsýnd á föstudaginn næstkomandi. Myndin skartar stórleikaranum Liam Neeson í aðalhlutverki og fjallar um hóp manna er reyna að draga fram lífið í óbyggðum Alaska eftir flugslys.**

The Grey fjallar um hóp olíuverkamanna á leið heim í frí. Flugvél þeirra hrapar á leiðinni og við tekur barátta upp á líf og dauða í harðneskjulegri náttúru Alaska. Sé það ekki nóg þurfa þeir einnig að takast á við blóðþyrstan úlfaflokk er veitir þeim eftirför.

Liam Neeson fer með aðalhlutverkið og er hann eina þekkta andlitið í leikarahópnum ef frá er talinn Dermot Mulroney. Myndin er í leikstjórn Joe Carnahan og framleiðendur hennar eru bræðurnir Ridley og Tony Scott. Þetta er í annað sinn sem þríeykið og Neeson leiða saman hesta sína en þeir unnu síðast saman að gerð myndarinnar The A-Team.

Af söguþræðinum og leikarahópnum að dæma er auðsætt að myndin höfði heldur til karlkynsins og þeir dómar sem birst hafa á Netinu eru misgóðir. Vefsíðan Rottentomatoes.com gefur myndinni 83 prósent gæðastig og segir hana hina bestu afþreyingu. Á síðunni Imdb.com fær kvikmyndin þó verri útreið, söguþráðurinn sagður slakur og ótrúverðugur og leikurinn lélegur.

### DÝRAVERNDUNARSINNAR SNIÐGANGA THE GREY



The Grey hefur verið harðlega gagnrýnd af dýra- og náttúruverndarsamtökum vegna úlfadráps auk þeirrar kolröngu myndar sem dregin er upp af úlfum í kvikmyndinni. Tímaritið The Province birti grein þann 19. janúar þar sem stóð að aðstandendur myndarinnar hefðu ráðið úlfafangara til að skjóta fjögur dýr og sjást leikararnir leggja sér tvö dýranna til munns í myndinni. Þetta vakti gríðarlega reiði meðal dýraverndunarsamtaka sem höfðu þegar gagnrýnt leikstjórann fyrir þá neikvæðu mynd sem hann dregur upp af dýrunum í myndinni. Gráúlfar voru nýverið teknir af lista yfir dýr í útrýmingarhættu og þykir þetta ekki styrkja stöðu dýranna.

Samtökin WildEarth Guardians hafa hvatt fólk til þess að sniðganga myndina vegna þessa og fjöldi annara samtaka og einstaklinga hafa gert slíkt hið sama.



**BERST VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN** Leikarinn Liam Neeson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Grey. NORDICPHOTOS/GETTY


RAFSUÐUVÉLAR FYRIR FAGMENN

LINCOLN ELECTRIC 170S
170 AMP RAFSUÐUVÉL
Pinnavél 1,5 - 4,0
"Lift Tig"
Hægt að nota allt að
60 m framlengingarsnúru.
Heitstart
7 kg.




TILBOÐ
119.900 m/vsk
Fullt verð 146.900

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði


# Einvígi um besta leikarann á Óskarnum

Þegar tilnefningarnar til Óskarsverðlaunanna voru tilkynntar fyrr í vikunni voru fimm leikarar tilnefndir í flokknum leikari ársins. Svo virðist þó sem tvö nöfn standi ofar hinum og segja spekingar að keppnin um styttuna frægu sé í raun einvígi milli þeirra Jean Dujardin og George Clooney. Að köppunum Brad Pitt, Gary Oldman og Demian Bichir ólöstuðum þykja hinir tveir líklegri til að hreppa hnossið. Bæði Dujardin og Clooney hlutu Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína, Dujardin í flokki gaman- og söngvamynda og Clooney í flokki dramamynda.

Jean Dujardin leikur aðalhlutverkið í þöglu myndinni The Artist þar sem honum þykir takast einkar vel upp með að túlka leikarann George Valentin.

Dujardin er stórstjarna í Frakklandi en með myndinni hefur hann vakið athygli heimsbyggðarinnar. George Clooney slær í gegn sem vandræðalegur faðir í myndinni The Descendants en báðar eru myndinar tilnefndar sem mynd ársins á Óskarnum í ár.



**KEPPAST UM STYTTUNA** George Clooney og Jean Dujardin þykja líklegastir til að hreppa Óskarsverðlaunin sem leikari ársins á hátíðinni í febrúar.

# Drakk í sig kjark

**Leikkonan Keira Knightley leikur geðsjúkling sem þjáist af kynlífsfíkn í nýjustu mynd sinni A Dangerous Method en hlutverkið reyndist leikkonunni ungu ekki auðvelt. Hún þurfti ítrekað að innbyrða alkóhól áður en hún lék í kynlífssenum ásamt mótleikurum sínum í myndinni, Michael Fassbender og Viggo Mortensen. „Við fengum okkur eitt til tvö skot af vodka fyrir tökur til að róa taugarnar,“ segir Knightley í viðtali við Daily Mail og bætir við að þegar tökunum lauk skáluðu þau í kampavíni til að fagna. Knightley er þessa dagana við tökur á myndinni Anna Karenina sem byggð er á samnefndri bók Leo Tolstoy.**



**TVÖ SKOT FYRIR TÖKUR** Keira Knightley var stressuð fyrir kynlífssenurnar í myndinni A Dangerous Method. NORDICPHOTOS/GETTY


ÚTILÍF
ÚTSALA
20%
AUKA AFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU
ALLUR VETRARFATNAÐUR Á ÚTSÖLU OG
SALTVITLAUSAR VERÐLÆKKANIR Í GANGI
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Fólk

folk@frettabladid.is



**54** ÁRA ER GRÍNISTINN OG ÞÁTTASTJÓRNANDINN ELLEN DEGENERES í dag en hún heldur eflaust upp á daginn ásamt eiginkonu sinni, Portiu de Rossi.

# Með asískan bakgrunn

**Ný kynslóð bandarískra hönnuða hefur stigið fram á sjónarsviðið og vekur athygli að stór hluti þeirra er ættaður frá Asíu. Alexander Wang er til dæmis rísandi stjarna innan tískuheimsins sem og Richard Chai og Jason Wu.**



**Nafn:** Anna Sui
**Uppruni:** Kína
**Starf:** Sui stundaði hönnunarnám við Parsons hönnunarskólann í New York. Að útskrift lokinni fékk hún vinnu við að hanna íþróttafatnað en fyrir tilstilli vinkvenna sinna, Naomi Campbell og Lindu Evangelista, hóf hún að leggja drög að eigin línu. Hún frumsýndi sína fyrstu fatalínu árið 1991 og opnaði verslun sama ár.



**Nafn:** Richard Chai
**Uppruni:** Kína
**Starf:** Chai starfaði sem hönnuður hjá Marc Jacobs og Donnu Karan áður en hann fór að hanna undir eigin nafni. Forsetafrú Bandaríkjanna hefur gjarnan klæðst hönnun Chai.

NORDICPHOTOS/GETTY



**Nafn:** Doo Ri Chung
**Uppruni:** Kórea
**Starf:** Chung stundaði listnám við Parsons í New York og útskrifaðist þaðan árið 1995. Að útskrift lokinni hóf hún störf hjá Geoffrey Beene og vann þar í sex ár. Árið 2001 stofnaði Chung eigið fyrirtæki í kjallaranum í húsinu þar sem foreldrar hennar ráku fatahreinsun. Hún rak fyrirtæki sitt úr kjallaranum í fjögur ár.



**Nafn:** Prabal Gurung
**Uppruni:** Nepal
**Starf:** Gurung stundaði fyrst hönnunarnám í Nýju Delí á Indlandi. Hann flutti til New York árið 1999 og starfaði hjá Donnu Karan samhliða námi sínu við Parsons. Hann frumsýndi sína fyrstu línu á tískuvikunni í New York Fashion Week í febrúar árið 2009.



**Nafn:** Jason Wu
**Uppruni:** Taívan og Kanada
**Starf:** Wu hóf hönnunarferil sinn sextán ára gamall sem brúðuhönnuður fyrir fyrirtækið Integrity Toys. Brúðurnar sem hann hannaði hétu Jason Wu dolls og Fashion Royalty. Hann stofnaði sitt eigið tískumerki með launum frá Integrity Toys. Hann frumsýndi fyrstu línuna árið 2006 við góðar undirtektir.



**Nafn:** Thakoon Panichgul
**Uppruni:** Taíland
**Starf:** Panichgul útskrifaðist með gráðu í viðskiptafræði áður en hann ákvað að leggja stund á hönnunarnám. Hann útskrifaðist frá Parsons skólanum árið 2003 og ári síðar kom hann á laggirnar eigin fatamerki. Michelle Obama klæddist hönnun Panichgul þegar eiginmaður hennar tók við forsetaembættinu árið 2008.



**Nafn:** Phillip Lim
**Uppruni:** Kína og Kambódía
**Starf:** Áhugi Lim á hönnun kviknaði er hann starfaði hjá versluninni Barneys í Beverly Hills. Hann heillaðist af hönnun Katayone Adel og ákvað í kjölfarið að sækja lærlingsstarf hjá hönnuðinum. Hann vann sig upp í stöðu hönnuðar hjá Adel en ákvað loks árið 2004 að hanna undir eigin nafni. Hann frumsýndi hönnun sína á tískuvikunni í New York árið 2005.



**Nafn:** Alexander Wang
**Uppruni:** Kína
**Starf:** Wang stundaði hönnunarnám við Parsons en hætti eftir annað ár sitt í skólanum. Hann hóf að hanna undir eigin nafni nokkru síðar og sendi frá sér sína fyrstu línu árið 2007. Línan seldist strax til yfir 200 tískuverslana víða um heim.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## Búin að tapa auðæfunum

Söngkonan heimsfræga Whitney Houston, sem leitaði sér aðstoðar vegna krakkfíknar í fyrra, er búin að tapa öllum auðæfum sínum. „Auðæfi Whitney eru horfin. Stórlaxar í tónlistarbransanum eru að hjálpa henni og plötufyrirtækinu sem hún á að búa til næstu plötu hennar en enginn veit hvenær hún kemur út,“ sagði heimildarmaður Radar Online. „Hún væri hugsanlega heimilislaus ef þetta fólk væri ekki að hjálpa henni. Hún er alveg staurblönk. Hún hringdi í einhvern og bað hann um að lána sér tólf þúsund kall.“



WHITNEY HOUSTON

## Victoria snýr aftur

Victoria Beckham hefur snúið aftur í sviðsljósið eftir barnsburð en hún prýðir forsíðu nýjasta tölublaðs japönsku útgáfu blaðsins Numéro. Aðeins sjö mánuðir eru síðan Becham eignaðist sitt fjórða barn, dótturina Harper Seven, og greinilegt að Beckham ætlar ekki að slá slöku við.

Auk þessa að sitja fyrir, á undirfötunum, í tímaritinu er Beckham að undirbúa sína næstu fatalínu, Victoria by Victoria Beckham, en fatnaðurinn á að koma í verslanir í febrúar. Fatalínan er í ódýrari kantinum og á að höfða til yngri markhóps en þar má meðal annars sjá stutta munstraða kjóla og mikla litadýrð.




**Í BLÁU LEÐRI** Victoria Beckham er í bláum Burberry leðurfrakka á forsíðunni.



**SNÝR AFTUR** Victoria Beckham situr fyrir framan á blaðinu Numéro og undirbýr nýjustu fatalínu sína, Victoria by Victoria Beckham, sem á að höfða til yngri markhóps. NORDIC/PHOTOS/GETTY



**OF ÞREYTT** Demi Moore hefur leitað sér meðferðar við stressi og ofþreytu og var hún lögð inn á spítala í byrjun vikunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lögð inn vegna ofþreytu

**Leikkonan Demi Moore var færð á spítala í byrjun vikunnar vegna ofþreytu en þetta staðfestir talsmaður Moore. „Vegna mikils stress í lífi sínu þessa stundina hefur Demi ákveðið að leita sér hjálpar og meðferðar við ofþreytu. Hún einbeitir sér nú að því að ná fullri heilsu með stuðningi fjölskyldu og vina,“ segir talsmaður leikkonunnar við US Magazine.**

Ástæða heilsuleysis Moore er skilnaður hennar við eiginmann sinn til sex ára, Ashton Kutcher, en skilnaðurinn hefur tekið sinn toll af henni, meðal annars þurfti hún að draga sig úr næstu mynd sinni, Lovelace, til að einbeita sér að því að ná bata. Ástæða skilnaðarins er ekki kunn en Kutcher hefur ítrekað sést í fangi föngulegra kvenna síðan leiðir hjónanna skildu.


Nýja-Ljós
New Light Journeys
Námskeið vorönn 2012
12 vikna Heilunarnámskeið – Grunnnámskeið 31. Jan. – 24. Apríl
12 vikna Heilunarnámskeið – Framhald 1.Feb. – 25. Apríl
Orka nýrra tíma – helgarnámskeið 18. - 19. Feb.
8 vikna Orkustöðvanámskeið – Sjálfsheilun 5. Mars – 30. Apríl
Nánari upplýsingar: viskaoggledi.is eða í síma s. 615 -5710 s. 699-7099

# nettó

Kræsingar & kostakjör

# HAFÐU ÞAÐ HOLLT

## HEILSUDAGAR Í NETTÓ
## LÍFRÆNAR VÖRUR Á 25% AFSLÆTTI Í 2 VIKUR

**LÍFRÆNT 25% afsláttur**











**HRÁFÆÐI FREISTING**
Léttur, hollur og bragðgóður eftirréttur. Veldu súperfæði í eftirrétt. Ekkert hveiti, sykur, ger eða mjólkurvörur.

**BIONA**
Niðusuðuvörur

**HVEITIKÍM**
Hveitikím inniheldur fjölmörg vítamín og steinefni og er mjög prótein ríkt. Hægt er að nota hveitikím í heilsuhristinginn eða gera trefjaríkt brauð úr því á 5 mínútum.

**LÍFRÆNT 25% afsláttur**



**RAPUNZEL HAFRAFLÖGUR**
Rapunzel framleiðir lífrænt ræktaðar matvörur af ástríðu og bragðgæðin eru einstök. Hafraflögurnar eru tilvaldar í hollan morgunverð.

**ENGIFERÖL:**
Nú í stærri umbúðum - 330 ML
Engiferöl inniheldur engan hvítan sykur né aukefni. Veldu hollari valmöguleiki fyrir alla fjölskylduna.

*Hollur og mettandi hafragrautur*

*1 dl grófir og fínir hafrar frá Rapunzel*
*4 dl vatn*
*sjávarsalt*
*Rísmjólk frá ISOLA (sem er unnin úr brúnum hrísgrjónum!)*
*Rapunzel rúsínur, apríkósur, fíkjur og/eða hörfræ eftir smekk*

*Heilsuboozt*

*hveitikím,*
*jarðaber,*
*Isola rísmjólk,*
*klakar,*
*banani*
*epli*

*Hveitikímið ávallt sett útí síðast og hrært rólega.*

*Í staðin fyrir banana er hægt að setja döðlur sem hafa verið lagðar í bleyti.. og svo framvegis... svo er bara að nota ímyndunaraflið*

**HRÍS-MJÓLK**



**NÁTTÚRU-SAFAR**



**AMISA**
Glúteinlausar vörur

**HÖRFRÆOLÍA**:
Hörfræolía er auðug af omega 3 sem er ein af lífsnauðsynlegu fitusýrunum.

**THE BERRY COMPANY**
Ávaxtasafar

**LÍFRÆNT 25% afsláttur**







Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 26. janúar - 9. febrúar**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

eða meðan birgðir endast

# Barnfóstra Berry vildi nálgunarbann gegn Aubry

**Fyrrverandi barnfóstra Halle Berry hefur barist við barnsföður leikkonunnar fyrir dómstólum. Nú síðast krafðist hún nálgunarbanns gegn honum en fékk ekki.**

Alliance Kamdem, fyrrverandi barnfóstra Hollywood-stjörnunnar Halle Berry, hefur átt í harðvítugum deilum við frönsk-kanadísku karlfyrirsætuna Gabriel Aubry, barnsföður Berry og fyrrverandi kærasta.

Kamdem höfðaði mál gegn Aubry þar sem hún hélt því fram að hann hefði ýtt henni út um hurð á meðan hún var með dóttur hans og Berry, Nahla, í fanginu. Barnfóstran óttaðist einnig að Aubry myndi hefna sín á henni fyrir að hafa höfðað málið og krafðist nálgunarbanns fyrir dómstólum. Þeirri kröfu hefur nú verið vísað frá.

Samkvæmt vefsíðunni TMZ heldur Kamdem því einnig fram að Aubry hafi ýtt henni grimmilega í gegnum aðrar dyr í júní síðastliðnum. Hún segir jafnframt að fyrirsætan hafi rifið Nahla úr höndunum á henni á dónalegan hátt þegar Berry var að leika í kvikmynd á Spáni.

Barnfóstran hefur lítið álit á Aubry og telur að hann hafi haft horn í síðu hennar síðan hún hóf störf í júní síðastliðnum en hún var rekin eftir að málið fór fyrir dóm. Aubry er einnig sagður hundfúll og telur að fóstran hafi reynt að eyðileggja samband hans við dóttur sína.

Berry og Aubry hættu saman árið 2010 eftir fimm ára samband. Árið 2008 eignuðust þau dótturina Nahla sem verður fjögurra ára í mars. Síðan þá hafa þau rifist í dómstólum um umgengnisréttinn og krafðist Berry þess að hann fengi ekki að sjá dóttur sína nema barnfóstra væri einnig á staðnum.

Berry er núna trúlofuð leikaranum Olivier Martinez, sem bar upp bónorðið um síðustu jól.



**Á GÓÐRI STUNDU** Gabriel Aubry með dóttur sinni Nahla þegar allt lék í lyndi.



**TRÚLOFUÐ** Halle Berry ásamt unnusta sínum Olivier Martinez.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 8 - 10 | 16 |
| FLYPAPER | KL. 8 | 12 |
| THE SITTER | KL. 6 - 10 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 10.30 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | KL. 6 - 8 - 10.10 | 16 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15(P) |
| THE IRON LADY | 5.50, 8, 10.15 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.40 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:50 - 10:20 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| J EDGAR | kl. 8 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:0 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| J. EDGAR | kl. 5:10 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 - 10:45 | 2D | 7 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 10:40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| J. EDGAR | kl. 5:10 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:50 | 2D | L |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| J. EDGAR | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 | 2D | L |




Skelltu þér sex sinnum í bíó fyrir 3.990 kr.

Með Bíókort Nova upp á vasann kostar hver bíóferð aðeins 665 kr.




Gildir í Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri til 1. maí 2012.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

DAGUR & STEINI

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00, THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00 ■ PARTIR 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*.

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**



Nú gerum við okkur glaðan dag

# FUNHEITIR VETRARDAGAR

## 2 FYRIR 2500

Þú velur 2 aðalrétti af 14 á matseðli og greiðir eingöngu **2.500** fyrir báða réttina

Sticky Wings 12 stk. kjúklingavængir
Fiskur og franskar
Gringo kjúklingavefja
Grillhúss Rock Rolls
Sesar salat
Sesar salat með kjúkling
Route 66
Grillhússborgarinn
Alvöru ostborgari
Tex-Mex hamborgari
West Side Story borgari
Blue Moon borgari
Classic Rock borgari
Rock'n roll svínarif ½ skammtur



GRRRillandi gott
í allan vetur





Grillhúsið

Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, www.grillhusid.is

**sport**
sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** lék allar mínútur íslenska landsliðsins á Evrópumótinu í Serbíu eða alls 240 mínútur í sex leikjum. Guðjón Valur hefur þar með spilað yfir 36 klukkutíma fyrir Íslands hönd á EM. Guðjón Valur varð ennfremur langmarkahæsti leikmaður íslenska liðsins með 41 mark í 6 leikjum eða 6,8 að meðaltali. Guðjón Valur hefur nú skorað 195 mörk í úrslitakeppni EM og er búinn að bæta markamet Ólafs Stefánssonar.

# STRÁKARNIR GETA VEL VIÐ UNAÐ

**Strákarnir okkar enduðu í tíunda sæti á EM í Serbíu. Vel ásættanleg niðurstaða í ljósi þeirra áfalla sem liðið varð fyrir. Margt jákvætt við leik liðsins og sóknarleikurinn í algjörum heimsklassa.**

**EM 2012** Strákarnir okkar luku keppni á EM í gær með góðu jafntefli gegn heims-, Evrópu- og Ólympíumeisturum Frakka. Strákarnir voru ekki fjarri því að leggja hið frábæra lið Frakka og luku keppni á sterkan og jákvæðan hátt.

Fyrri hálfleikur gegn Frökkum í gær var frábær. Sóknarleikurinn stórkostlegur eins og oftast á þessu móti, vörnin sterk og Björgvin magnaður í markinu. Strákarnir náðu mest sex marka forskoti, 12-6, en misstu þann mun niður í þrjú mörk fyrir hlé. Hálfleikstölur 15-12 en íslenska liðið hefði hæglega getað leitt með meiri mun enda virtust frönsku leikmennirnir engan veginn nenna því að spila leikinn.

Frakkarnir rifu sig upp í síðari hálfleik og voru komnir yfir, 16-17, eftir aðeins sex mínútur í seinni hálfleik. Eftir það var leikurinn mjög jafn og jafntefli sanngjörn niðurstaða. Strákarnir misstu þó af mjög góðu tækifæri til þess að leggja loksins Frakkana.

Miðað við áföllin sem liðið hefur orðið fyrir er árangurinn í Serbíu virkilega góður. Liðið fór út án helstu leiðtoga liðsins og svo var Alexander Petersson ekki með í milliriðlinum og í engu standi í riðlakeppninni. Þess utan var lykilmaður varnarleiksins, Ingimundur Ingimundarson, meiddur og spilaði minna af þeim sökum.

Þjálfarinn segir að sóknarleikurinn á mótinu hafi verið sá besti sem liðið hefur sýnt lengi og hver átti von á því með Ólaf Stefánsson og Snorra Stein fjarverandi? Sóknarleikurinn var algjörlega magnaður. Aron er ekki bara efnilegur lengur heldur frábær leikmaður, Arnór Atlason alveg magnaður að öllu leyti og Guðjón Valur virðist ekki geta spilað illa á stórmóti. Frábær. Ásgeir Örn steig inn og skilaði góðu verki, Þórir traustur og Róbert virkilega sterkur á línunni.

Í vörninni var Vignir Svavarsson að spila líklega sitt besta stórmót, Sverre fór vaxandi og þeir Arnór og Ásgeir Örn líka öflugir. Björgvin var lengi í gang í markinu en sýndi mikinn karakter með því að rífa sig upp og skila góðum leikjum í seinni hlutanum.

Ánægjulegast af öllu er síðan innkoma nýliðanna sem allir hafa tekið miklum framförum. Rúnar hefur sýnt að hann hefur alla burði til þess að verða frábær. Gríðarlegur skrokkur, föst skot og sjálfstraustið í lagi. Verður gaman að fylgjast með honum í framhaldinu. Kári er orðinn fullskapaður línumaður í hæsta gæðaflokki og Ólafur Bjarki sýndi að hann er tilbúinn. Allir flottir.

Þegar upp er staðið getur liðið vel við unað. Það vantaði ekki mikið upp á að það færi enn lengra, en frammistaðan lofar góðu fyrir næstu mót.



**SVONA STIMPLA MENN SIG INN** Róbert Gunnarsson og aðrir í landsliðinu taka hér vel á móti Rúnari Kárasyni eftir að hann var valinn besti leikmaður íslenska liðsins annan leikinn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson**





fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is




**RÚNAR KÁRASON** Var valinn bestur annan leikinn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúnar Kárason:

## Draumur að rætast hjá mér

**EM 2012** Nýliðinn Rúnar Kárason hefur komið skemmtilega á óvart og var valinn maður leiksins hjá Íslandi annan leikinn í röð í gær.

„Ég er nokkuð ánægður. Mér fannst þetta reyndar ekki vera verðskuldað núna frekar en í síðasta leik. Ég átti samt fína spretti og þetta er búin að vera frábær reynsla og skemmtileg. Maður tekur það með sér áfram,“ sagði Rúnar hógvær.

„Ég ætla að berjast fyrir mínu sæti hér áfram. Vonandi stend ég mig nógu vel í Þýskalandi svo ég verði valinn aftur í landsliðið fyrir undankeppni Ólympíuleikanna,“ sagði Rúnar sem gleymir seint þessu móti.

„Það er frábært að hafa fengið að kynnast þessu eftir að hafa dreymt um það frá því ég var 14 ára. Ég hef alltaf horft á stórmót í sjónvarpinu og það var draumur að rætast hérna. Ég er líka ánægður með að hafa haldið haus allt mótið.“ **- hbg**

Danir fóru í undanúrslitin:

## Serbar mega ekki vinna EM

**EM 2012** Eftir að Danmörk tryggði sér sæti í undanúrslitum EM í handbolta í gær er ljóst að aðeins Serbía getur komið í veg fyrir að Ísland fái auðveldasta riðilinn í undankeppni Ólympíuleikanna.

Serbía, Danmörk, Spánn og Króatía munu spila í undanúrslitum keppninnar en ef einhver af þremur síðastnefndu þjóðunum verður Evrópumeistari mun Ísland færast á milli riðla í undankeppni Ólympíuleikanna. Ísland er nú í riðli með tveimur öðrum Evrópuþjóðum en ef Danmörk, Spánn eða Króatía verða Evrópumeistarar færist Ísland hins vegar í riðil með Japan, Síle og annað hvort Svíþjóð eða Króatíu. **- esá**

Fyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson var nokkuð sáttur eftir skrautlegt EM:

## Enginn úti að aka í þessu móti

**EM 2012** „Það hefði verið mjög gaman að vinna. Við vorum að spila frábærlega og ég hélt við værum með þá. Þeir eru bara með svo mikið stórskotalið að það er enginn hægðarleikur að klára þá,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson eftir lokaleik Íslands á EM sem endaði með jafntefli gegn Frökkum.

„Þetta hefur verið svolítið skrítið mót. Ég var sáttur við Króataleikinn en ekki úrslitin. Var ósáttur við Noregsleikinn en sáttur við úrslitin og Slóveníuleikurinn var ekki nógu góður. Ungverjaleikurinn frábær og Spánverjarnir voru of sterkir. Mér finnst við vera að gera nokkuð vel úr því sem höfum,“ sagði Guðjón Valur.

Liðið var án Ólafs Stefánssonar og Snorra Steins Guðjónssonar í Serbíu og svo var Alexander Petersson meiddur og tók vart þátt. Ingimundur Ingimundarson var einnig meiddur og lék takmarkað.

„Strákarnir sem hafa komið inn hafa staðið sig mjög vel. Svo sér maður samt þessa skrokka sem eru að koma inn hjá hinum þjóðunum og maður hugsar bara hvað sé eiginlega verið að gefa þeim að borða. Við erum kannski að lenda aðeins á eftir þar. Ég er gríðarlega ánægður með hvernig Bjöggi og vörnin rifu sig upp þó svo það vanti Ingimund og Alexander,“ sagði Guðjón.

„Sóknin var mjög góð allt mótið þó svo okkur hafi vantað lykilmenn. Rúnar hefur komið gríðarskemmtilega inn hjá okkur. Kári er sterkur og Ásgeir að axla meiri ábyrgð. Lykilmenn líka að standa sig vel. Það er ekki hægt að segja um neinn að hann hafi verið úti að aka í þessu móti. Flest var á uppleið í þessu móti og við erum nokkuð sáttir.“ **- hbg**



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Skoraði alls 41 mark á Evrópumótinu í Serbíu og hér er eitt þeirra í uppsiglingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**GRIMMAR Í BYRJUN** Hrafnhildur Skúladóttir og félagar í Val lögðu grunninn að sigri með frábærri byrjun á móti Fram í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Valur vann Fram 24-21 í átta liða úrslitum Eimskipsbikars kvenna í gær:

# Bikarmeistararnir eru úr leik

**HANDBOLTI** Tveggja ára sigurganga Framkvenna í bikarnum er á enda eftir að þær féllu út fyrir Íslandsmeisturum Vals í átta liða úrslitum Eimskipsbikars kvenna í handbolta í gær. Valur hafði mikla yfirburði framan af í leiknum en vann á endanum bara þriggja marka sigur, 24-21.

Framliðið var búið að vinna bikarinn undanfarin tvö ár og í bæði skiptin eftir að hafa unnið Val í úrslitaleiknum. Valskonur voru í hefndarhug því þær komust í 6-0 og 10-3.

„Við ætluðum okkur í höllina og þetta er mjög fúlt. Við byrjuðum allt of illa í dag, lendum 10-3 undir og það verður okkur að falli," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, leikmaður Fram eftir leikinn. „Síðast gegn Val byrjuðum við af krafti en í kvöld komu þær okkur pínu á óvart, þær spiluðu allt aðra vörn sem við áttum í erfiðleikum með," sagði Elísabet.

„Þetta var sigur heildarinnar, þetta var alveg frábært," sagði Kristín Guðmundsdóttir, leikmaður Vals eftir leikinn.

„Við spiluðum ekki vel síðast, og það vantaði í okkur alla baráttu sem hefur einkennt okkar lið. Í kvöld komum við allar tilbúnar í slaginn," sagði Kristín.

Valskonur höfðu undirtökin allan leikinn og spiluðu mjög góðan varnarleik í fyrri hálfleik. Framstúlkur náðu þó að komast aftur inn í leikinn og seinustu mínúturnar voru æsispennandi. Valskonur áttu hinsvegar lokaorðið og tryggðu sér sigur og sæti í undanúrslitunum en þar verða líka Stjarnan, FH og ÍBV. **- kpt**

## ÚRSLIT Í GÆR

### *EM í handbolta í Serbíu*

**MILLIRIÐILL TVÖ**

**Frakkland - Ísland 29-29 (12-15)**

**Mörk Frakklands (skot):** William Accambray 10 (11), Grégoire Detrez 4 (5), Jérôme Fernandez 3/2 (8/3), Bertrand Gille 2 (3), Cédric Sorhaindo 2 (3), Samuel Hornrubia 2/1 (3/1), Luc Abalo 2 (6), Daniel Narcisse 2 (8), Guillaume Gille 1 (3), Guillaume Joli 1/1 (3/3), Xavier Barachet (3),
**Varin skot:** Thierry Omeyer 15 (43/2, 35%), Daouda Karaboué (1/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 6 (Accambray 2, Fernandez, Bertrand Gille, Hornrubia, Abalo)
**Fiskuð víti:** 7 (Sorhaindo 3, Detrez 2, Fernandez 2). **Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (9/2), Róbert Gunnarsson 4 (4), Þórir Ólafsson 4/2 (5/2), Rúnar Kárason 4 (6), Aron Pálmarsson 4 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (6), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (2), Arnór Atlason 2 (6), Vignir Svavarsson 1 (1), Björgvin Páll Gústavsson (1), Kári Kristján Kristjánsson (2),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 17/2 (39/5, 44%), Aron Rafn Eðvarðsson 5 (12/1, 42%),
**Hraðaupphlaup:** 7 (Guðjón Valur 2, Þórir 2, Ásgeir Örn 2, Vignir)
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert, Ásgeir Örn, Arnór, Kári)
**Utan vallar:** 2 mínútur.

Spánn - Slóvenía 35-32 (15-15)
Ungverjaland - Króatía 24-24 (13-12)

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **5** | **4** | **1** | **0** | **143-130** | **9** |
| Króatía | 5 | 3 | 1 | 1 | 137-128 | 7 |
| **Slóvenía** | **5** | **2** | **0** | **3** | **153-156** | **4** |
| Ungverjaland | 5 | 1 | 2 | 2 | 125-130 | 4 |
| **Ísland** | **5** | **1** | **1** | **3** | **143-146** | **3** |
| Frakkland | 5 | 1 | 1 | 3 | 128-139 | 3 |

**MILLIRIÐILL EITT**

Pólland - Þýskaland 33-32 (18-17)
Danmörk - Svíþjóð 31-24 (18-11)
Serbía - Makedónía 19-22 (10-11)

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Serbía** | **5** | **3** | **1** | **1** | **110-104** | **7** |
| Danmörk | 5 | 3 | 0 | 2 | 140-133 | 6 |
| **Makedónía** | **5** | **2** | **1** | **2** | **130-127** | **5** |
| Þýskaland | 5 | 2 | 1 | 2 | 132-129 | 5 |
| **Pólland** | **5** | **2** | **1** | **2** | **132-136** | **5** |
| **Svíþjóð** | **5** | **0** | **2** | **3** | **124-139** | **2** |

### *Eimskipsbik. kv. 8 liða úrslit*

**Valur-Fram 24-21 (12-8)**

**Mörk Vals (skot):** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 7 (11), Kristín Guðmundsdóttir 6/3 (9/3), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5 (9), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 3 (6), Karólína B. Gunnarsdóttir 2 (4), Dagný Skúladóttir 1 (2),
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsd.13 (28/1, 46%), Sunneva Einarsdóttir 2/1 (8/3, 25%),
**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðardóttir 9/3 (20/5), Elísabet Gunnarsdóttir 5 (6/1), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5 (7), Steinunn Björnsdóttir 1 (1), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (2), Anett Köbli (1), Ásta Birna Gunnarsdóttir (1), Sunna Jónsdóttir (1), Marthe Sördal (3),
**Varin:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 12 (36/3, 33%),

**HK - Stjarnan 22-25 (10-13)**

Elín Anna Baldursdóttir 7, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 5, Heiðrún Björk Helgadóttir 3 - Sólveig Lára Kjærnested 8, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5.

**FH - Grótta 25-20 (11-9)**

Kristrún Steinþórsd. 8 - Sunna María Einarsd. 7 - Valur, Stjarnan, FH og ÍBV komust í undanúrslit.

### *Iceland Exp. kvenna í körfu*

**Haukar-Valur 84-66 (41-39)**

**Stigahæstar:** Íris Sverrisdóttir 24, Jence Ann Rhoads 21 (9 frák./11 stoðs.), Margrét Rósa Hálfdánardóttir 19, Hope Elam 12 (11 frák./4 varin) - Melissa Leichlitner 22, María Ben Erlingsdóttir 9, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 9, Lacey Simpson 8.

**Njarðvík-Keflavík 62-68 (38-33)**

**Stigahæstar:** Lele Hardy 25 (15 frák./6 stolnir), Shanae Baker-Brice 20 (11 frák.) - Jaleesa Butler 35 (18 frák./5 varin), Pálína Gunnlaugsdóttir 12

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **18** | **15** | **3** | **1405-1229** | **30** |
| Njarðvík | 18 | 13 | 5 | 1505-1351 | 26 |
| **Haukar** | **18** | **11** | **7** | **1358-1289** | **22** |
| KR | 18 | 11 | 7 | 1361-1232 | 22 |
| **Snæfell** | **18** | **8** | **9** | **1235-1293** | **16** |
| Valur | 18 | 6 | 12 | 1245-1359 | 12 |
| **Fjölnir** | **18** | **5** | **13** | **1290-1491** | **10** |
| Hamar | 18 | 3 | 15 | 1231-1386 | 6 |




> Stöð 2 kl. 20.55
**Human Target**

***Það er aldrei lognmolla hjá Christopher Chance í Human Target. Í þættinum í kvöld er hann fenginn til að vernda kærustu manns sem rekur öryggisgæslufyrirtæki í beinni samkeppni við Chance og félaga.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON HORFÐI Á AMERICAN IDOL

# *Stjörnudómarar klipnir í rassinn*

Sjónvarpsþátturinn American Idol er farinn að snúast sífellt meira um stjörnudómarana heldur en keppendurna sjálfa og lögin sem þeir flytja.

Sem dæmi um þetta mætti einn keppandi í síðasta þátt sem hafði verið með Aerosmith-söngvarann og dómarann Steven Tyler á heilanum og dreymdi um að fá að kyssa hann. Vafalítið hafði stelpan meiri áhuga á því heldur en að komast áfram í keppninni. Á endanum fékk hún að halda utan um goðið sitt og klípa það í rassinn. Spurningin er hvort Tyler hafi haft jafngaman af því og hún. Kannski leið honum eins og hann hafi verið misnotaður.



**VINSÆLIR** Stjörnudómararnir eru í miklum metum hjá keppendum.

Að sama skapi bíða karlkyns keppendur í röðum eftir því að berja dómarann Jennifer Lopez augum og helst vilja þeir einnig fá að kyssa hana og knúsa, hvað sem keppninni sjálfri líður. Greyið Randy Jackson lendir oftast nær útundan í þessum efnum, þó svo að hann hafi reyndar fengið væna rassaklípu í síðasta þætti.

Auðvitað er þetta allt saman fyndið og að sjálfsögðu snýst þetta um að búa til gott sjónvarp og hækka áhorfstölurnar. Tónlistin má samt ekki gleymast því um hana ætti þessi þáttur nú að snúast en ekki dómarana, sama hversu æðislegir þeir eru.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Draugur upp úr öðrum draug **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (2:3) (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (25:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil)**
**17.36 Mókó** (13:52)
**17.41 Fæturnir á Fanneyju** (26:39)
**17.55 Stundin okkar**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (21:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (3:8)
**20.40 Tónspor** (1:6) Sex danshöfundar og tónskáld leiddu saman hesta sína á Listahátíð 2011. Í þessum þætti koma fram Sigríður Soffía Níelsdóttir danshöfundur og Þórarinn Guðnason tónskáld.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (5:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Downton Abbey** (9:9) (e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Last Song**
**10.00 The Express**
**12.05 The Last Mimzy**
**14.00 The Last Song**
**16.00 The Express**
**18.05 The Last Mimzy**
**20.00 The Hangover**.
**22.00 Pineapple Express**
**00.00 The Ugly Truth**
**02.00 Turistas**
**04.00 Pineapple Express**
**06.00 Back-Up Plan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (95:175)
**10.15 Royally Mad** (2:2) Vandaður þáttur með Cat Deeley, sem leggur upp í pílagrímsför með nokkrum trítilóðum aðdáendum bresku konungsfjölskyldunnar til að upplifa brúðkaup aldarinnar. Seinni hluti.
**11.05 White Collar**
**11.50 Extreme Makeover. Home Edition** (3:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Prince and Me II** Prinsinn Edward sem er að fara ganga í það heilaga eftir fáeinar vikur. Nú kemur hins vegar í ljós að konunglega brúðkaupið þeirra er í hættu, því samkvæmt lögum má hann ekki kvænast almúgakonu nema að afsala sér krúnunni.
**14.35 E.R.** (16:22)
**15.20 Friends** (18:24)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (2:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (14:22)
**19.45 Hank** (7:10)
**20.10 Hell's Kitchen** (12:15) **20.55 Human Target** (12:13)
**21.40 NCIS. Los Angeles** (6:24)
**22.25 Breaking Bad** (11:13)
**23.10 Spaugstofan**
**23.40 The Mentalist** (5:24)
**00.25 The Kennedys** (3:8)
**01.10 Mad Men** (11:13)
**01.55 Zodiac**
**03.30 Prince and Me II**
**05.05 Malcolm In The Middle** (14:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City** Útsending frá seinni leik liðanna í undanúrslitum Carling Cup.
**18.00 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City**
**19.45 The U** Einstök heimildamynd um ótrúlegan árangur háskólaliðsins Miami Hurricanes í ameríska fótboltanum í upphafi níunda áratugar síðustu aldar. Þjálfarinn tók þá umdeildu ákvörðun að sækja blökkumenn í fátækustu hverfin í Flórída og setja þá í lið háskóla sem hafði þangað til nær eingöngu verið með hvíta nemendur.
**21.35 Þýski handboltinn: Kiel - Hamburg**
**23.00 Orlando - L.A Lakers** Útsending frá leik liðanna í NBA deildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Man. City - Tottenham**
**18.10 Fulham - Newcastle**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Goals of the Season 2000/2001**
**22.20 Football League Show**
**22.50 Wolves - Aston Villa**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** (35:175)
**20.30 In Treatment** (62:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (15:24)
**22.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (4:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (11:24)
**23.30 Medium** (13:13)
**00.15 Satisfaction**
**01.05 Malcolm In The Middle** (14:22)
**01.30 Hank** (7:10)
**01.55 In Treatment** (62:78)
**02.20 The Doctors** (35:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Eureka** (3:20) (e)
**15.45 Being Erica** (10:13) (e)
**16.30 Rachael Ray**
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Pan Am** (10:13) (e)
**18.50 Game Tíví** (1:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.20 Everybody Loves Raymond** (11:26)
**19.45 Will & Grace** (20:25) (e)
**20.10 The Office** (15:27)
**20.35 30 Rock** (22:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Liz lendir í miklum vandræðum með viðgerð á draumaíbúðinni sinni á meðan Jack reynir að leysa úr því að Avery er rænt.
**21.00 House** (21:23)
**21.50 Flashpoint** (4:13)
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 CSI: Miami** (17:22) (e)
**00.10 Jonathan Ross** (9:19) (e)
**01.00 Everybody Loves Raymond** (11:26) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Abu Dhabi Golf Championship (1:4) **13.00** Golfing World **13.50** Humana Challenge 2012 (4:4) **16.50** Abu Dhabi Golf Championship (1:4) **20.00** Farmers Insurance Open 2012 (1:4) **23.00** US Open 2009 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.20** The Weakest Link **07.05** ,Allo ,Allo! **09.20** New Tricks **111.05** Come Dine With Me **11.55** EastEnders **12.25** My Family **13.25** ,Allo ,Allo! **15.35** QI **16.35** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **20.10** Top Gear **21.00** Dara O'Briain Talks Funny... **21.55** Live at the Apollo **22.40** QI **23.40** Dara O'Briain Talks Funny... **00.35** Live at the Apollo **01.20** The Graham Norton Show **02.05** The Weakest Link **02.50** New Tricks **04.30** My Family **05.00** The Weakest Link

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Skattejægerne **12.35** Aftenshowet **13.30** Danmark Ekspeditionen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Kæft, trit og flere knus **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Downton Abbey

## NRK 1

**11.15** NM på ski **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelig redningsaksjon **16.00** NRK nyheter **16.10** Fiskeskole i Grong **16.20** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** NM på ski **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Melodi Grand Prix 2012 **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Reinsdyr, gull og julenissen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Status Norge

## svt1

**11.55** Dag **12.20** Med hjärtat som insats **13.20** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Kvinnliga designers **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Gäster med gester **20.45** Humor godkänd av staten **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.35** Det ljuva livet i Alaska **23.25** Rapport **23.30** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






VÖRUR Á 20-70% AFSLÆTTI
RISA ÚTSALA
ELLINGSEN
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM REMINGTON RIFFILSKOTUM
LOOP BELLS VÖÐLUJAKKI
Stærðir S–3XL, 2ja laga
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.
ALLEN HJÓLATASKA
8 hólf
4.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.
REMINGTON 770, 243 RIFFILL
M/sjónauka
79.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 112.990 KR.
LOOP XACT FLUGUSTÖNG 13,6"
34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 57.990 KR.
ALLEN BIG HORN VÖÐLUTASKA
60 l
10.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.
LOOP XACT FLUGUSTÖNG 15"
39.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 62.990 KR.
REMINGTON 770, 308 RIFFILL
M/sjónauka
79.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 112.990 KR.
LOOP MULTI 280 FLUGUSTÖNG
27.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 45.990 KR.
BROWNING TASKA
5.593 KR.
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.
WINCHESTER SXP BLACK SHADOW
26" haglabyssa
69.520 KR.
VERÐ ÁÐUR 86.900 KR.
ABU AMBASSADEUR 6000
Kasthjól
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.
HORNADY HLEÐSLUDÆJA
5.593 KR.
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.
ABU ABUMATIC CLASSIC 170i
Kasthjól
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.
BETTINSOLI ZEPHYR CAMO
26" hálfsjálfvirk haglabyssa
159.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 199.990 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*Ég hlusta mikið á sænsku sveitina First Aid Kit þessa dagana. Mjög þægileg tónlist yfir lærdómnum svona í byrjun árs.*

Elísabet Gunnarsdóttir, tískubloggari á elisabetgunnars.com og háskólanemi í Halmstad.

# Dikta í þætti á National Geographic

„Það væri óskandi að þetta vekti athygli á sveitinni en við höfum ekki orðið varir við neitt slíkt enn þá," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Dikta.

Sjónvarpsstöðin National Geographic hóf nýverið sýningar á nýrri heimildarþáttaröð er nefnist Islands og fjallar um mannlíf og náttúru ólíkra eyja. Einn þáttanna fjallar um Ísland og var sá sýndur á þriðjudaginn var. Meðal þess sem fjallað var um var íslenskt menningarlíf og tóku þáttarstjórnendur viðtal við meðlimi hljómsveitarinnar Diktu vegna þessa. „Við fengum símtal og vorum beðnir um viðtal en ég veit ekki af hverju við urðum fyrir valinu frekar en aðrir," segir Haukur Heiðar. „Þáttarstjórnandinn spurði okkur spurninga á ensku og við áttum fyrst að svara á íslensku en þýða svo svarið yfir á ensku. Við erum ekki sérstaklega vanir löngum sjónvarpsviðtölum, hvað þá á ensku, og manni vafðist stundum tunga um tönn, en þetta var gaman og fólkið hið viðkunnanlegasta."




**HEIMILDARMYNDAREFNI** Meðlimir hljómsveitarinnar Diktu koma fram í nýjum heimildarþætti frá sjónvarpsstöðinni National Geographic og nefnist Islands.

Ísland var fyrsti viðkomustaður tökuliðsins og voru piltarnir því meðvitaðir um að þátturinn yrði ekki sýndur nærri strax. Þeir fengu þó senda mynddiska með þættinum til áhorfs.

Viðtalið er veglegt, saga sveitarinnar er rakin og piltarnir spila smell sinn Thank You. „Þáttarstjórnandinn hafði samband við okkur eftir á og bað um eldra efni með okkur, ég fann eina gamla mynd og sendi henni. Henni fannst víst merkilegt að þrátt fyrir að við værum orðnir fullorðnir menn með fjölskyldur og menntun værum við enn í sömu hljómsveit og þegar við vorum strákar." **- sm**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stálin stinn mætast í Spurningabombunni hans Loga Bergmanns á Stöð 2 föstudagskvöld. Helstu keppinautar Loga í spurningabransanum, Ha? af Skjá einum og Útsvar af RÚV senda fulltrúa sína, en búast má við að keppnin verði gríðarlega hörð. Sigmar Guðmundsson og **Þóra Arnórsdóttir** keppa að sjálfsögðu fyrir hönd Útsvarsins og fá þá að kynnast álaginu sem fylgir því að svara spurningum í sjónvarpinu af eigin raun. Þeir Sólmundur Hólm og Jóhann G. Jóhannsson mæta fyrir hönd Ha? og ætla eflaust að sýna keppinautum sínum hvar Davíð keypti ölið. **- afb**



**Bryndís Jakobsdóttir** og eiginmaður hennar, hinn danski Mads Mouritz, skipa dúettinn Song for Wendy. Þau gáfu út plötuna Meeting Point í fyrra og nú virðast Danir vera byrjaðir að gefa þeim gaum, en lagið The Night af plötunni vermir nú þriðja sæti á vinsældalista danska ríkisútvarpsins. Listinn er í þættinum Det Elektriske Barometer sem hampar indítónlist, en tónlist hjónanna fellur undir þann hatt. **- afb**

**Reykjalundarkórinn vantar söngfólk.**

Reykjalundarkórinn er blandaður kór sem æfir á miðvikudagskvöldum kl. 20 í hátíðarsal Reykjalundar.

Aldrei of seint að byrja, allir velkomnir.

Stjórn Reykjalundarkórsins.

Upplýsingar: Anna Rósa 856-6011 og Páll 660-3017




BJÖRN STEINBEKK: HÚN VAR ORÐIN OF STÓR FYRIR AIRWAVES

# AZEALIA BANKS SYNGUR Í SILFURBERGI Í SUMAR

Bandaríska hiphop-söngkonan Azealia Banks frá Harlem kemur fram í Silfurbergi Hörpunnar 6. júní.

Fyrsta plata hinnar tvítugu Banks kemur út með vorinu en lag hennar, 212, hefur náð miklum vinsældum úti um allan heim.

„Hún er verulega heit um þessar mundir," segir skipuleggjandinn Björn Steinbekk. Hann bætir við að mjög erfitt hafi verið að fá hana til landsins. „Grímur Atlason félagi minn reyndi að fá hana á Airwaves en hún var orðin of stór fyrir hátíðina."

Azealia hóf ferilinn sem dansari og leikari en vakti fyrst athygli sem söngkona með laginu Seventeen fyrir tveimur árum. Í kjölfarið kom út lagið L8R og síðan rómuð útgáfa hennar af Slow Hands með hljómsveitinni Interpol. Núna hefur hún samið við útgáfurisann Universal og upptökustjóri plötunnar hennar verður Paul Epworth, sem tók upp metsöluplötu Adele, 21.

Nicola Formichetti, stílisti Lady Gaga, mun leikstýra myndbandinu við næsta smáskífulag hennar, Liquorice.

Banks þykir hafa magnaða sviðsframkomu. Til marks um það ætlaði þakið að rifna af Koko-klúbbnum í London þegar hún steig þar á svið í desember. Íslendingar verða með þeim fyrstu sem berja hana augum utan heimalandsins og Bretlands.

Forsala aðgöngumiða hefst fimmtudaginn 3. febrúar kl. 12 í miðasölu Hörpunnar og á Harpa.is. **- fb**



**SYNGUR Í HÖRPUNNI** Bandaríska söngkonan Azealia Banks syngur í Silfurbergi í Hörpunni 6. júní. Hún hóf ferilinn sem dansari og leikari, en vakti fyrst athygli sem söngkona með laginu Seventeen fyrir tveimur árum.

### AZEALIA BANKS Í TÖLUM

**3** milljónir hafa séð myndband hennar á Youtube við lagið 212.

**2** ára gömul missti hún föður sinn.

**3.** sæti BBC yfir björtustu von ársins 2012.

**1.** sæti á lista tímaritsins NME yfir svölustu manneskju ársins 2011.

**4.** plata hljómsveitarinnar Scissor Sisters inniheldur lag sem hún syngur.

# Uppselt á tónleika Leoncie

„Ég bjóst alveg við því að það yrðu góðar móttökur því Leoncie á stóran aðdáendahóp hér á landi," segir Franz Gunnarsson tónleikahaldari en uppselt er á tónleika Leoncie næstkomandi laugardagskvöld.

Tónleikarnir eru haldnir á Gauknum og segir Franz að strax hafi byrjað að seljast vel á tónleikana. „Fyrstu móttökurnar voru þannig að við gerðum okkur grein fyrir að það yrði fullur kofi," segir Franz og staðfestir að Leoncie sjálf sé ánægð með móttökurnar og ætlar að tjalda öllu til.

„Þetta verða miklu lengri tónleikar en yfirleitt hjá Leoncie en hún ætlar meðal annars að frumsýna nýtt myndband. Þetta verður alvöru og býst ég við að hún skipti nokkrum sinnum um búninga yfir kvöldið," segir Franz og lofar að tónleikagestir verði ekki fyrir vonbrigðum.

Leoncie heldur bara þessa einu tónleika að þessu sinni þó að vissulega hafi viðtökurnar boðið upp á fleiri. Einnig hefur fyrirspurnum rignt yfir Franz um hvort Leoncie geti komið fram í ýmsum einkasamkvæmum á meðan hún er stödd á landinu en hún hefur ekki tíma fyrir það að þessu sinni.

„Hún vill einbeita sér að þessum tónleikum og gera þá vel. Það er aldrei að vita hvort hún komi kannski bara aftur síðar," segir Franz en þeir sem ekki tryggðu sér miða á tónleika Leoncie geta hlustað á hana í Popplandi á föstudaginn þar sem hún tekur nokkur lög. **- áp**



**FULLT HÚS** Fjölmargir aðdáendur söngkonunnar Leoncie ætla ekki að láta tónleika hennar hér á landi fram hjá sér fara og er uppselt.


HANDAN ÞAGNARINNAR
LEYNIST HAMINGJAN
ELDHAF
Frumsýnt í kvöld kl. 20 UPPSELT
fim. 26/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 29/1 kl. 20 örfá sæti
mið. 1/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 2/2 kl. 20 UPPSELT
lau. 4/2 kl. 20 örfá sæti
sun. 5/2 kl. 20 UPPSELT
mið. 8/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 9/2 kl. 20 UPPSELT
fös. 10/2 kl. 20 aukasýn.
lau. 11/2 kl. 20 UPPSELT
sun. 12/2 kl. 20 örfá sæti
mið. 15/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 16/2 kl. 20 aukasýn.
fös. 17/2 kl. 20 UPPSELT
sun. 19/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 23/2 kl. 20 UPPSELT
fös. 24/2 kl. 20 UPPSELT
lau. 25/2 kl. 20 örfá sæti
sun. 26/2 kl. 20 aukasýn.
mið. 29/2 kl. 20 UPPSELT
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
NOVA

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ljótu úrin hrannast upp hjá Rúnari

**Rúnar Kárason** landsliðsmaður í handbolta nýtti tækifærin vel á Evrópumótinu, eftir að hafa komið inn í hópinn fyrir milliriðilinn. Rúnar var valinn besti maður Íslands í síðustu tveimur leikjunum og fékk að launum verðlaunagripi og armbandsúr frá Adidas. Í viðtali við Vísi eftir fyrri leikinn sagðist hann verða að viðurkenna að úrið væri ljótt og að hann gerði ekki ráð fyrir því að nota það. Hann myndi eflaust nota það sem tækifærisgjöf. Rúnar er þekktur fyrir smekkvísi og til dæmis útnefndu liðsfélagar hans, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Róbert Gunnarsson, hann einn þann best klædda í hópnum í síðasta tölublaði Monitors. Eftir að hafa fengið áskoranir um að birta mynd af ljóta úrinu á netsíðu sinni dró hann þó í land og sagði úrið alveg ágætt, en hentaði honum ekki sérstaklega vel.



### Gerir mynd um handbolta

Hönnuðurinn **Mundi** mun leikstýra stuttmynd um handbolta og fara tökur fram í Víkingsheimilinu næsta laugardag. Vigfús Þormar Gunnarsson fer með aðalhlutverkið en hann stundar leiklistarnám við Kvikmyndaskóla Íslands. Vigfús Þormar æfði lengi vel handbolta en hætti þegar hann komst á fullorðinsaldurinn og fjallar stuttmyndin um það hvar hann væri staddur í lífinu í dag hefði hann haldið áfram að stunda íþróttina. Þetta er þriðja stuttmyndin sem Mundi leikstýrir og vonast þeir félagar eftir því að hún fari á flakk á milli kvikmyndahátíða um leið og hún verður tilbúin.



– þeb, sm

## Mest lesið vísir

1. Yrsu sárnaði gagnrýni Kolbrúnar og Páls Baldvins
2. Yfirlýsing: Egill vill formlega rannsókn á röngum...
3. Lögreglan stöðvaði mannrán á Ártúnshöfða
4. Ögmundur boðar til blaðamannafundar
5. Austfirðingar segja Reykjavík afsala sér hlutverki...


BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3.
Opið kl. 10-18.
30-70% afsláttur.
Opið laugardag.

Hið íslenska bókmenntafélag
sími 588-9060



